

HRUND ÓSK ÁRNADÓTTIR

*Á skó í stíl við sófasettið*

Tíska Heimili Heilsa

allt MIÐJU BLAÐSINS



ÓTTAR GUÐNASON

*Tekur upp Hollywood-mynd*

Stjórnar upptökum á nýrri mynd Jan de Bont

FÓLK 50







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. júlí 2006 — 193. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Krefjandi og spennandi starf



Heiðdís Lilja Magnúsdóttir, nýr ritstjóri Nýs lífs, hefur starfað á blaðinu í fimm ár sem blaðamaður og ritstjórnarfulltrúi en hún er píanókennari að mennt.

TÍMAMÓT 32

### Stefnir með Suðra á HM



Olil Amble og stóðhesturinn Suðri sigruðu enn og aftur í fjórgangi á Íslandsmótinu.

FÁKAR OG FÓLK 28

### Eldar lax með hvönn

Kvikmyndagerðarmaðurinn Hákon Már Oddsson er duglegur við að nýta það sem náttúran hefur upp á að bjóða þegar hann eldar.



MATUR 40

### FH áfram í Meistaradeildinni



Íslandsmeistarar FH komust áfram í 2. umferð Meistaradeildar Evrópu í gær eftir 1-1 jafntefli gegn eistneska liðinu TVMK Tallinn í gær. FH vann fyrri leikinn 3-2 en samanlagt 4-3 og komst því áfram.

ÍÞRÓTTIR 46

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÁLFSKÝJAÐ EÐA LÉTTSKÝJAÐ**

- Í dag verður hæg breytileg átt. Víða bjart veður, síst þó við suðaustur- og austurströndina þar sem búast má við lítilsháttar vætu. Hætt við þokubökkum með ströndum nyrðra. Hiti víðast 10-20 stig.

VEÐUR 4

# 20 milljónum stolið úr heimabönkum

**Nær 20 milljónum króna hefur verið stolið af reikningum fólks hér á landi að undanförnu. Þjófarnir hafa komist inn í heimabanka viðkomandi og millifært þaðan umtalsverðar fjárhæðir. Grunur leikur jafnframt á um peningaþvætti.**

**LÖGREGLUMÁL** Nær tuttugu milljónum króna hefur verið stolið af bankareikningum fólks hér á landi að undanförnu. Í öllum tilvikum hafa þjófarnir farið án heimildar inn í heimabanka viðkomandi og millifært af reikningum.

Lögreglan í Reykjavík rannsakar nú fjögur umfangsmikil mál þar sem slík rán hafa verið framin. Í sumum málanna er um fleiri en eina millifærslu að ræða. Enn fremur hafa sumar millifærslurnar verið framkvæmdar í tölvum í útlöndum, þar sem IP-tölurnar, sem eru nokkurs konar kennitala tölvunnar, eru erlendar. Í öðrum tilvikum hefur verið um íslenskar IP-tölur að ræða.

Þá hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að rannsókn lögreglu hafi leitt í ljós tengsl milli mála, þar sem grunur leikur á að sömu þjófarnir hafi verið að verki í sjö tilvikum. Í þeim voru umtalsverðar fjárhæðir millifærðar af reikningum fólks og peningarnir settir inn á reikninga manna sem allir áttu það sameiginlegt að hafa komið við sögu lögreglu með einum eða öðrum hætti.

Rannsókn lögreglunnar hefur einnig leitt í ljós að fjárhæðir voru millifærðar frá tölvum með erlendar IP-tölur inn á reikninga tveggja einstaklinga hér á landi, sem síðar tóku þær út og sentu til útlanda með peningaflutningafyrirtækinu Western Union. Í þeim tilvikum leikur grunur á að um peningaþvætti hafi verið að ræða.

Rannsókn lögreglu á þessum málum er á lokastigi.

- jss / sjá síðu 4



FAST LAND UNDIR FÓTUM Þessir ungu kadettar af rússneska skólaskipinu Sedov kunnu vel að meta sólina í miðbæ Reykjavíkur í gær. Þeir settu sterkan svip á borgarlífið er þeir fengu stutt landleyfi og má af svip þeirra merkja að upplit frá erfiðinu um borð var kærkomið. Sjá síðu 10. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



VIÐ REYKJAVÍKURTJÖRN Fjórir Grænlendingar syntu í Tjörninni í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögregla kölluð að Tjörninni:

## Grænlendingar teknir á sundi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík hafði afskipti af fjórum Grænlendingum sem svömluðu um í Reykjavíkurtjörn um klukkan þrjú í fyrrinótt. Mennirnir höfðu verið í og við tjörnina í skamma stund þegar lögreglan kom á vettvang. Lögreglan keyrði mennina á gistiheimili í grenndinni þar sem þeir lögðu sig eftir sundið.

Dyggur lesandi Fréttablaðsins, sem fylgst hafði með ferðum mannanna út um gluggann hjá sér, hringdi inn á Fréttablaðið og lýsti því fyrir blaðamanni sem fyrir augu bar. Frásögn hans samræmdist ekki upplýsingum sem fengust hjá lögreglu, þar sem hann taldi sig hafa séð fimm menn taka endur af tjörninni ófrjálsri hendi. Svo reyndist ekki vera. - mh

Íbúðalán viðskiptabankanna:

## Dragast saman um 75 prósent

**VIÐSKIPTI** Íbúðalán viðskiptabankanna hafa dregist saman um sjötíu og fimm prósent síðustu tuttugu mánuði. Íbúðalán bankanna námu 34,4 milljörðum króna þegar mest lét, í október 2004, en einungis var lánað fyrir 7,5 milljarða króna í maí síðastliðnum.

Magnús Árni Skúlason, dósent við Viðskiptaháskólann á Bifröst, segir óhagstæðari lánsskilyrði og erfiðar markaðsaðstæður helstu ástæður samdráttarins og spáir aukinni ásókn í leiguhúsnæði.

Viðskiptabankarnir hófu innreið sína á íbúðalánamarkað í ágúst 2004 og fasteignaverð snarhækkaði í kjölfarið. Greiningardeildir bankanna spá allt að tíu prósenta raunlækkun fasteignaverðs á næstu mánuðum. - jsk / sjá síðu 22






Mannskæð hitabylgja ríður yfir Vestur-Evrópu:

# Hitamet slegið í Bretlandi

**BRETLAND, AP** Hitinn í Bretlandi í gær var svo mikill að ljónunum í dýragarði í héraðinu Essex voru gefnir ísmolar með blóðbragði. Dómarar fengu leyfi til að taka niður hárkollurnar í dómsölum landsins, vaktir konunglegra varða við Buckingham-höll voru styttar í klukkustund og yfirborð vega bráðnaði víðs vegar um landið.

Hitinn fór í nær 37 gráður og hafa Bretar ekki séð slíkan hita í júlí í manna minnum. Hitamet júlímánaðar sem staðið hefur síðan árið 1911 var slegið, en þá mældist hitinn 36 gráður.

Neðanjarðarlestin í London er ekki loftkæld og að sögn blaðsins Evening Standard fór hitinn í 47 gráður, við litla hrifningu farþega.



Í SÓLBAÐI Þessi stúlka virtist ekki þjást mikið í hitanum á Trafalgartorgi í London í gær, að minnsta kosti ekki á meðan hún gat legið kyrr við gosbrunninn. NORDICPHOTOS/AFP

Afar heitt var í mörgum Evrópulöndum og hvöttu yfirvöld fólk til að drekka mikið vatn, halda sig í skugga og huga sérstaklega að öldruðum, veikum og börnum.

Að sögn yfirvalda í Frakklandi hafa níu manns látist vegna hitabylgjunnar. Árið 2003 létust meira en 15.000 manns í Frakklandi vegna hitabylgjunnar sem reið þá yfir Evrópu. Tveir hafa látist á Spáni og tveir í Hollandi, þar sem fjögurra daga gönguhátíð var aflýst vegna veðurs.

Meðalhitinn í Englandi í júlí er 21,2 gráður, en heitasti dagur sem mælst hefur í Bretlandi var í ágúst árið 2003, þegar hitinn fór upp í 38,5 gráður. Varar veðurstofa Bretlands við því að það met gæti fallið á næstu dögum. - smk






## SPURNING DAGSINS

*Ásgeir, þurfið þið þá að ganga menntaveginn?*

„Við erum sennilega jafn fljót að því og að taka strætó.“

Stúdentaráð Háskóla Íslands segir niðurfellingu leiðar S5 hjá Strætó bs. tvöfalda þann tíma sem tekur að fara frá Árbænum í Háskólann. Ásgeir Runólfsson er framkvæmdastjóri Stúdentaráðs.

Bæjarstjóri Reykjanesbæjar hefur áhyggjur af andvaraleysi varnarliðsstarfsmanna:

# Huga ekki allir að framtíðinni

**ATVINNUMÁL** Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, hefur áhyggjur af hluta þess fólks sem missir vinnu sína vegna brotthvarfs varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli í september.

„Menn telja sig hafa tíma en við höfum áhyggjur af því að ekki séu allir að huga að framtíð sinni,“ sagði Árni í samtali við Fréttablaðið.

Nú hefur um þriðjungur þeirra íslensku starfsmanna varnarliðsins sem búa í Reykjanesbæ fengið aðra vinnu og er verið að aðstoða aðra.

Ráðgjafarstofa fyrir starfsfólk á varnarsvæðinu tók til starfa í lok mars og veitir þeim margvíslega aðstoð sem vilja. Boðið er upp á námskeið og aðstoð við gerð ferilskráa og starfsumsókna, auk þess sem fólk er búið undir atvinnuviðtöl. Þá eru laus störf sem kunna að henta varnarliðsstarfsfólki auglýst sérstaklega á vef ráðgjafarstofunnar.

Árni Sigfússon segir starfsemina hafa gengið ágætlega og almenn bjartsýni ríki um að úr greiðist hjá flestum. Hann ítrekar þó fyrrnefndar áhyggjur enda líði tíminn hratt og senn komi að því að þeir standi uppi án atvinnu sem ekki geri eitthvað í sínum málum. **- bþs**



**ÁRNI SIGFÚSSON** Hefur áhyggjur af starfsmönnum varnarliðsins.

Jón Ásgeir Jóhannesson:

## Fer í skýrslutöku í ágúst

**BAUGSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group hf., mætir til skýrslutöku hjá Ríkislögreglustjóra, vegna kæru sem barst til embættisins frá skattrannsóknarstjóra, í ágúst.

Jóni Ásgeiri var upphaflega gert að mæta í skýrslutöku hinn 28. júní en henni var frestað fram í ágúst vegna sumarfría.

Skýrslutakan fer fram í tengslum við mál er fjallar um meint brot gegn skattalögum, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og almennum hegningarlögum.

Ekki hefur verið ákveðið ennþá hvenær í ágúst skýrslutökurnar fara fram. **- mh**

Skilti á Kárahnjúkum:

## Myndatökur ekki bannaðar

**FRAMKVÆMDIR** Ferðamönnum sem hafa átt leið um Kárahnjúkasvæðið að undanförnu hefur brugðið í brún við að sjá skilti á svæðinu þar sem þeim er bannað að taka myndir.

„Ég var mjög hissa þegar ég frétti af slíku skilti fyrir örfáum dögum síðan,“ segir Sigurður Arnalds, kynningarstjóri Kárahnjúkavirkjunar. Skiltið er á ábyrgð verktakafyrirtækis, sem hann segir að hafi sett það upp fyrir misskilning. „Væntanlega áttu þeir þetta skilti og ég geri ráð fyrir að eitthvað meira sé skrifað á það. Við höfum farið fram á að málað verði yfir þann hluta sem bannar myndatökur eða að skiltið verði einfaldlega tekið niður.“

Sigurður ítrekar að aldrei hafi verið meiningin af hálfu Landsvirkjunar að banna myndatökur á virkjanasvæðinu. **- at**

Samkomulag á Landspítala:

## Tómas aftur í starf yfirlæknis

**HEILBRIGÐISMÁL** Samkomulag hefur tekist milli framkvæmdastjórnar Landspítala - háskólasjúkrahúss og Tómasar Zoega um að hann haldi áfram yfirlæknisstarfi sínu við geðsvið spítalans. Tómas mun eftir sem áður sinna stofurekstri úti í bæ, að eigin sögn.



**TÓMAS ZOEGA**

„Ég er mjög ánægður með þessa niðurstöðu,“ sagði hann eftir að samkomulag hafði náðst. „Ég er þakklátur framkvæmdastjórn Landspítalans, læknaráði spítalans, Læknafélagi Íslands og Reykjavíkur og öðrum þeim sem stuðluðu að því að þetta samkomulag reyndist mögulegt.“ **- jss**

# Skerðingar lækka og þjónustan bætt

**Ríkisstjórnin og Landssamband eldri borgara hafa náð saman um bætta afkomu og aðbúnað ellilífeyrisþega. Aðgerðirnar kosta um tíu milljarða á ári þegar allt er komið til framkvæmda. Lífeyrishlutinn nær einnig til öryrkja.**

**ALDRAÐIR** Hækkun lífeyrisgreiðslna almannatrygginga, lækkun skerðinga bóta og sveigjanleg starfslok eru meðal atriða í nýju samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara sem miðar að því að bæta afkomu og aðbúnað ellilífeyrisþega. Samkomulagið er byggt á starfi nefndar, undir forsæti Ásmundar Stefánssonar ríkissáttasemjara, sem skipuð var í janúar.

Geir H. Haarde forsætisráðherra lýsti ánægju með samkomulagið á fundi í Ráðherrabústaðnum í Tjarnargötu í gær. Rakti hann innihald þess og sagði miklum fjármunum varið á næstu árum til að uppfylla það. Talsverðar umbætur eru gerðar á almannatryggingakerfi ellilífeyrisþega sem einnig ná til örorkuþega. Lífeyrisgreiðslur hækka um 15 þúsund krónur frá og með síðustu mánaðamótum, í takt við samkomulag á almennum vinnumarkaði. Þá er dregið úr skerðingum bóta vegna tekna maka og annarra tekna bótaþega, vasapeningar fólks á stofnunum hækka um 25 prósent og með frestun lífeyristöku hækka allar bótafjárhæðir um 0,5 prósent fyrir hvern mánuð fram til 72 ára aldurs.

Auka á heimahjúkrun verulega frá því sem nú er, tryggja fullnægjandi framboð þjónustuíbúða í samvinnu við sveitarfélögin og auka framlögin til bygginga hjúkrunarheimila. Er í því samhengi sérstaklega kveðið á um að 1.300 milljónir renni til styttingar biðlista.

Ólafur Ólafsson, formaður Landssambands eldri borgara, er ánægður með samkomulagið og þakkar stjórnvöldum fyrir að koma til móts við eldri borgara. Sagði hann að ekki hefðu allar kröfur náð fram að ganga en margur vandinn væri leystur. „Þetta eru fyrstu sporin á langri göngu,“ sagði Ólafur og lýsti sig sérstaklega ánægðan með að laun þeirra sem lægst hafa ellilaunin skyldu hækka um 30-40 prósent. Einnig nefndi hann upptöku frítekjumarks sem kveður á um að ellilífeyrisþegar geti haft 30 þúsund króna tekjur á mánuði án þess að ellilífeyririnn skerðist. Kemur það ákveðið til fullrar framkvæmdar árið 2009.



**GEIR H. HAARDE OG ÓLAFUR ÓLAFSSON** Ólafur segir undirritunina vera fyrstu sporin á langri göngu.

Spurður hvort ekki hefði verið hægt að afnema með öllu skerðingar bóta vegna tekna svaraði Geir H. Haarde því til að með þessum aðgerðum væri stigið mjög myndarlegt og þýðingarmikið skref. Ólafur Ólafsson sagði að það yrði áfram baráttumál eldri borgara.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra undirritaði samkomulagið fyrir hönd Sivjar Friðleifsdóttur, heilbrigðis- og tryggingaráðherra. Sagði hann að dagurinn væri einn sá ánægjulegasti í ráðherratíð sinni enda ríkti nú sátt milli stjórnvalda og eldri borgara.

bjorn@frettabladid.is

**MEGINATRIÐI SAMKOMULAGSINS:**

- Hækkun lífeyrisgreiðslna almannatrygginga.
- Einföldun bótakerfisins með fækkun og sameiningu bótaflokka.
- Lækkun skerðinga bóta vegna maka.
- Lækkun skerðingar bóta vegna annarra tekna bótaþega.
- Tekið verði upp frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega.
- Hækkun vasapeninga.
- Starfslok verði sveigjanleg þannig að lífeyrisgreiðslur hækki við frestun á töku lífeyris.
- Heimaþjónusta verði stóraukin og áhersla færð frá stofnanaþjónustu.
- Fjármagn sem nú gengur til rekstur stofnana úr Framkvæmdasjóði aldraðra gangi til uppbyggingar öldrunarstofnana.
- Verulega aukið fjármagn til framkvæmda og reksturs átaks vegna biðlista eftir hjúkrunarrými.
- Aukin áhersla verði lögð á fullnægjandi framboð þjónustu- og öryggisíbúða.



**BJÖRGUNARSVEITIR** Sumarið hefur verið óvenju annasamt hjá Landsbjörg.

Björgunarsveitir Landsbjargar:

## Fleiri útköll í sumar en áður

**BJÖRGUNARMÁL** „Við finnum virkilega fyrir því að aðstoðarbeiðnum til okkar er að fjölga,“ segir Gunnar Stefánsson, sviðsstjóri hjá Landsbjörg. Í sumar hafa björgunarsveitir verið kallaðar til tvisvar til þrisvar sinnum á dag að jafnaði.

Gunnar segir fjölgun ferðamanna aðalástæðu þess að björgunarsveitir landsins hafi haft mikið að gera í sumar, en nefnir þar að auki miklar rigningar með tilheyrandi aurbleytu. „Einnig er mikið af erlendum ferðamönnum sem hafa kannski ekki okkar þekkingu á vegunum. Þeir halda að þeir geti farið lengra en gert er ráð fyrir að bíllinn komist, eins og á fólksbílum upp á hálendið,“ segir Gunnar. **- at**

### LETTLAND

**Hinsegin dagar bannaðir** Borgaryfirvöld í Riga, höfuðborg Lettlands, hafa bannað göngu samkynhneigðra. Ástæðan er sú að þau telja sig ekki geta tryggt öryggi þeirra sem taka þátt í henni. Gangan átti að fara fram nú um helgina. Efast nú margir um getu borgaryfirvalda í Riga til að halda fund Atlantshafsbandalagsins.

### DANMÖRK

**Ráðhústurninn tekinn** Nokkrir ungir Danir bundu sig við Ráðhústurninn í fyrradag til að vekja athygli á tilraun borgarinnar til að taka aftur hús sem unglingum borgarinnar var gefið fyrir 24 árum síðan. Fólkið fleygði salernisrúllum og miðum út um glugga turnsins með skilaboðum.






Evrópusambandið vill herða landamæravörslu og hindra ólöglega innflytjendur:

# Koma á fót viðbragðssveitum

**BRUSSEL, AP** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hyggst koma á fót sérstökum viðbragðssveitum, sem eiga að gæta landamæra aðildarríkja sambandsins.

Til að byrja með er einkum búist við því að sveitirnar hafi það hlutverk að efla eftirlit með straumi ólöglegra innflytjenda frá Afríku yfir Miðjarðarhafið til Spánar, Ítalíu og annarra aðildarríkja Evrópusambandsins við Miðjarðarhafið.

Franco Frattini, sem fer með dómsmál í framkvæmdastjórninni, kynnti þessi áform í gær fyrir fjölmiðlum í höfuðstöðvum framkvæmdastjórnarinnar í Brussel.

Einnig vill framkvæmdastjórnin koma upp öflugum gagnagrunni þar sem skráðar verða bæði komur og brottfarir fólks frá öðrum löndum til og frá Evrópusambandslöndunum. Þessi gagnagrunnur á að auðvelda stjórnvöldum Evrópusambandslandanna að fylgjast með því hvort fólk dvelji ólöglega í landinu, auk þess sem hægt verður að nota hann til þess að skrá farandverkamenn sem koma tímabundið til Evrópusambandslandanna. **- gb**



**FRANCO FRATTINI** Kynnti í gær áform Evrópusambandsins um nýjar sérsveitir til landamæragæslu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Hvúmm
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Kitlaðu bragðlaukana!
Úr Kjötborði Nóatúns
Sparaðu 700kr.
NÓATÚNS ÞURRKRYDDAÐ LAMBALÆRI
998 kr. kg
30% afsláttur
UNGNAUTALUNDIR ÚR KJÖTBORÐI
2.799 kr. kg
DÚNDUR TILBOÐ!
DR. OETKER PIZZA
SPECIALE
99 kr. stk.
30% afsláttur
Nýtt í Nóatúni!
KJÚKLINGABRINGUR
SÆNSKAR
1.599 kr. kg
Hunt's
HUNT´S BBQ SÓSUR
189 kr. stk.
MYLLU HVEITIBRAUÐ
149 kr. stk.
Bounty
BOUNTY SELECT ELDHÚSRÚLLUR
399 kr. pk.
...mmm NÓATÚN -hljómar vel!

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 19.07.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,69 | 75,05 |
| Sterlingspund | 136,49 | 137,15 |
| Evra | 93,31 | 93,83 |
| Dönsk króna | 12,505 | 12,579 |
| Norsk króna | 11,711 | 121,779 |
| Sænsk króna | 10,071 | 10,131 |
| Japanskt jen | 0,6366 | 0,6404 |
| SDR | 109,45 | 110,11 |

*Gengisvísitala krónunnar*
129,6199

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Starfsmenn öryggisþjónusta sinna öryggisleit á Keflavíkurflugvelli:

# Aðeins tímabundin ráðstöfun

**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Aðkoma einkaaðila að öryggisleit á Keflavíkurflugvelli er tímabundin ráðstöfun sem verður endurskoðuð á haustmánuðum að sögn Björns Inga Knútssonar, flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli. Álíta margir þetta fyrsta skrefið í átt að einkavæðingu öryggisgæslu á vellinum.

Athugasemdir bárust frá eftirlitsstofnun evrópska efnahagssvæðisins í febrúar við að öryggisleit á komufarþegum frá löndum utan ESB væri ekki fyrir hendi. Að sögn Björns þurfti að bregðast skjótt við þessum athugasemdum. „Við hefðum þurft að ráða inn 30 til 40 manns til að takast á við þessa viðbót í starfsemi sem var ekki að nást þó auglýst hafi verið eftir fólki og því snerum við okkur til einkaaðila.“



**VOPNALEITARSALUR Í LEIFSSTÖÐ** Starfsmenn Securitas og Öryggismiðstöðvar Íslands sinna öryggisleit ásamt starfsmönnum Flugmálastjórnar.

Lögreglumenn og tollverðir sem Fréttablaðið hefur rætt við telja að starfsmennutanaðkomandiöryggisgæslufyrirtækja hafi engan rétt til líkamsleitar á fólki og segja þeir dæmi um að karlkyns öryggisverðir leiti á kvenkyns farþegum, sem er ólöglegt með öllu.

Björn segir að ekki hafi nein kvörtun borist vegna öryggisleitar, hvorki skrifleg né munnleg. „Öryggisleitin er alltaf undir stjórn starfsmanna flugmálastjórnar. Starfsmenn öryggisþjónustanna voru sendir á námskeið um hvernig standa eigi að öryggisleit og sinna starfinu af stakri prýði.“ - sdg

Raðnauðgari dæmdur:

# Hagamaðurinn fær 14 ár

**SVÍÞJÓÐ, AP** Raðnauðgarinn Niklas Lindgren, 33 ára, fékk í gær fjórtán ára dóm fyrir þrjár nauðganir, eina tilraun til nauðgunar og eina morðtilraun í bænum Umeå í norðurhluta Svíþjóðar. Einnig greiðir hann tæpar níu milljónir króna í miskabætur til þeirra fimm kvenna, frá 15 til 51 árs að aldri, sem hann réðst á, en árásirnar voru á árunum 1998 til 2005. Ein nauðgunarákæra féll niður.

Lindgren var kallaður „Hagamaðurinn“ af sænskum fjölmiðlum, eftir hverfinu þar sem árásirnar áttu sér stað. Rannsóknin var sú ítarlegasta sem farið hefur fram í Umeå. 2.500 manns voru yfirheyrðir og 777 DNA-sýni tekin. -sgj



**BUSH MEÐ BARN** Barnið sem George W. Bush heldur hér á var ættleitt þegar það var frosinn fósturvísir.

Stofnfrumurannsóknir:

# Bush beitir neitunarvaldi

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti beitti neitunarvaldi í fyrsta sinn í gær gegn lögum um að veita auknu ríkisfjármagni til rannsókna á stofnfrumum úr fósturvísum.

„Þessir drengir og stúlkur eru ekki varahlutir,“ sagði Bush á fundi í gær með foreldrum sem ættleitt hafa fósturvísa annarra para og notað þá til að eignast börn.

Bush hefur setið í forsetastólnum í fimm og hálft ár. Er Repúblikanaflokkur hans klofinn í afstöðu sinni til stofnfrumurannsókna sem talið er að geti hjálpað sjúklingum með sjúkdóma á borð við Alzheimer og Parkinson.

Til samanburðar má nefna að forveri Bush, Bill Clinton, beitti neitunarvaldi 38 sinnum og George Bush eldri 44 sinnum. - smk

## LÖGREGLUFRÉTT

**Níu stöðvaðir** Lögreglan í Hafnarfirði stöðvaði í gær níu ökumenn fyrir að nota ekki bílbelti við keyrslu á vegum í Hafnarfirði. Einn ökumaður var stöðvaður með útrunnið ökuskírteini. Fjöldi ökumanna hefur verið stöðvaður í bílbeltaátaki á vegum lögreglunnar.

**Keyrt á barn** Keyrt var á barn við götuna Sambyggð í Þorlákshöfn í gær. Barnið var flutt með einkabifreið á sjúkrahúsið á Selfossi en meiðsli þess reyndust minniháttar. Sauma þurfti nokkur spor vegna skurðar á fæti.

# Milljónir yfirfærðar af bankareikningum

**Rannsókn lögreglunnar í Reykjavík á umfangsmiklum fjársvikamálum leiðir meðal annars til gruns um peningaþvætti hér á landi. Upphæðum sem nema nær 20 milljónum króna hefur verið stolið af bankareikningum Íslendinga.**

**LÖGREGLUMÁL** Fjögur umfangsmikil fjársvikamál eru nú til rannsóknar hjá lögreglunni í Reykjavík. Í öllum tilvikum er um að ræða þjófnaði af bankareikningum fólks, þar sem þjófarnir hafa farið án heimildar inn í heimabanka viðkomandi og millifært fjármuni út af reikningum þeirra. Í þremur af þessum málum eru fleiri tilvik en eitt og um umtalsverðar fjárhæðir að ræða, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Fyrsta málið af þessum fjórum er þannig vaxið að í október 2005 voru millifærðar fjárhæðir út af reikningum í bönkum hér. Það var gert frá erlendum IP-tölum, sem þýðir að tölvurnar erlendis voru notaðar. Fjárhæðirnar voru lagðar inn á reikninga tveggja einstaklinga hér á landi. Þeir tóku síðan peningana út og sendu þá með peningaflutningafyrirtækinu Western Union til eins af Eystrasaltslöndunum. Er talið að þeir erlendu einstaklingar sem fóru án heimildar inn í heimabankana hafi haft samband við mennina tvo hér til að geta notað reikninga þeirra, þannig að um eins konar peningaþvætti hafi verið að ræða. Öðrum mannanna hafði verið boðið starf við peningaflutninga gegn þóknun. Hinn maðurinn gaf þær skýringar að hafa ætlað að stofna netsölufyrirtæki og tjáðu erlendu aðilarnir honum að lagðar yrðu fjárhæðir inn á reikning hans, um lán fyrir vörukaupum væri að ræða.

Um mánaðamótin nóvember-desember 2005 kom næsta þjófnaðarmál upp. Þá var millifært úr heimabönkum frá íslenskri IP-tölu yfir á reikninga manna sem komið höfðu við sögu lögreglu. Slíkar færslur voru gerðar í sex tilvikum og þar reyndist einnig vera um umtalsverðar fjárhæðir að ræða. Við rannsókn lögreglu kom í ljós að í öllum tilvikunum áttu millifærslurnar sér stað í gegnum opna þráðlausa beina sem víða eru staðsettir.

Þriðja málið kom upp í mars á þessu ári. Þá var færð frá íslenskri IP-tölu há fjárhæð úr heimabanka, einnig inn á reikning einstaklings sem hefur áður komið við sögu lögreglu. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru tengsl milli tveggja síðustu málanna og leikur grunur á að sömu þjófar hafi verið að verki.

Síðasta málið kom upp nýlega, en þá voru notuð SMS-skilaboð til fólks um að það hefði verið skráð á sérstaka stefnumótasíðu og yrði að skrá sig út af henni, ella yrði viðkomandi að borga tiltekna upphæð. Um leið og viðkomandi afskráði sig af umræddri stefnumótasíðu komst vírus í tölvuna sem safnaði saman nauðsynlegum upplýsingum um hvernig þjófarnir kæmust inn á heimabanka viðkomandi og síðan voru fjárhæðir millifærðar á bankareikninga erlendis.

Tvö tilvik í þessu máli hafa verið kærð til lögreglu og mun henni kunnugt um tvö til viðbótar. Samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur aflað sér nema upphæðir í öllum þessum fjársvikamálum nær tuttugu milljónum króna.

Lögreglan hvetur fólk enn sem fyrr til að láta yfirfara varnarbúnað í tölvum sínum og fylgjast með heimabankafærslum.

jss@frettabladid.is




**UMFANGSMIKIL RANNSÓKN** Lögreglan í Reykjavík hefur til rannsóknar fjögur stór fjársvikamál þar sem þjófar hafa ráðist inn á bankareikninga fólks og millifært yfir á aðra reikninga.



**HÁDEGISFRÉTTIR NFS** Hafliði Helgason og Þór Jónsson njóta veðurblíðunnar í beinni útsendingu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hádegisfréttir NFS í gær:

# Fréttir undir berum himni

**FJÖLMIÐLAR** Hádegisfréttir NFS í gær voru með óvenjulegu sniði, en þeim var varpað beint út frá Ægisgarði við Reykjavíkurhöfn. „Við vitum ekki til þess að sjónvarpsfréttatími hafi áður verið sendur út í heild sinni undir beru lofti,“ segir Þór Jónsson, varafréttastjóri NFS. „Stundum hafa verið sendar út útvarpsfréttir utandyra, en aldrei sjónvarpsfréttir.“

„Það var svo glimrandi gott veður að okkur fannst sniðugt að prófa þetta. Tæknimenn fóru strax í málið og þetta gekk áfallalítið. Svo var skemmtilegt hversu margir komu til að kíkja á okkur, eftir að hafa heyrt í okkur í útvarpinu,“ segir Þór. - sgj

Stríðið í Mið-Austurlöndum:

# Sprengjuregn í Nasaret

**JERÚSALEM, AP** Ísraelsk yfirvöld segja að eldflaug Hizbollah-samtakanna hafi skemmt byggingu í Nasaret. Þrennt er talið látið, þar af tvö börn.

Jesús Kristur er oft kenndur við Nasaret og bæinn prýða fjölmargar kirkjur og önnur kennileiti kristinnar trúar, en ekki er vitað til þess að skemmdir hafi orðið á þeim. Íbúar bæjarins eru flestir af arabísku bergi brotnir.

Alls hafa sextán ísraelskir borgarar og tólf hermenn látið lífið í átökunum en tala látinna líbanskra borgara nálgast þriðja hundraðið. - kóþ


BÍLL DAGSINS

NISSAN TERRANO DIESEL

Nýskr 03.01 - Beinskiptur - Ekinn 125 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

SUMARVEÐUR NÆSTU DAGA

Í dag verður sumarblíða um allt land, þó verður veðrið síst á austurhelmingi landsins. Stóri plúsinn er að alls staðar verður hægviðri eða hafgola þannig að í góðu skjóli myndast ansi góður hiti og pallarnir verða eflaust aðalsamastaður þeirra sem búa svo vel að hafa einn slíkan. Þakka mínum sæla að vera ekki í Bretlandi nú þar sem malbikið bókstaflega bráðnar á götunum!

VEÐURHORFUR Í BORGINNI

Hægviðri. Léttskýjað og hiti frá 13-16 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 24°C heiðskírt | London | 28°C heiðskírt | Alicante | 31°C léttskýjað |
| Billund | 29°C léttskýjað | París | 32°C skýjað | Mallorca | 29°C léttskýjað |
| Osló | 26°C alskýjað | Frankfurt | 34°C léttskýjað | Algarve | 29°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 27°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 26°C léttskýjað | Krít | 28°C léttskýjað |
| Gautaborg | 22°C heiðskírt | Berlín | 32°C léttskýjað | Las Palmas | 25°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Eyðir engu, þannig séð

Bensíneyðsla er ómöguleg. Hún gengur ekki lengur. Skelltu bara i-Podinum í samband við græjurnar í Aygo og njóttu þín.
Aygo eyðir engu, þannig séð.
**Ofkeyrðu þig.**

## Engin útborgun & tryggingar innifaldar
## Aðeins 25.435 kr. á mánuði*

*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði.
Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

AYGO BY TOYOTA

## AYGO
Það er gaman að keyra




**www.aygo.is**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 32687 5/06



## KJÖRKASSINN

*Brást ríkisstjórnin rétt við gagnvart Íslendingunum í Beirút?*

| | |
|---|---|
| Já | 83% |
| Nei | 17% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú að lækkun matarskatts skili sér til neytenda?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Úrskurðarnefnd upplýsingamála úrskurðar Atlantsolíu í vil:

# Afsláttur til ríkisins upplýstur

**OLÍA** Úrskurðarnefnd upplýsingamála hefur gert Ríkiskaupum að afhenda forráðamönnum Atlantsolíu niðurstöðu útboðs frá því árið 2003 vegna eldsneytiskaupa ríkisstofnana. Ríkiskaup hafði neitað að láta gögnin af hendi og kærði Atlantsolía neitunina. Gögnin verða afhent á hádegi í dag.

Gögnin sýna verðið sem ríkið greiðir Skeljungi og Olís fyrir eldsneyti, olíur og rekstrarvörur á ökutæki og vélar. Samið var til þriggja ára og hefur samningurinn verið tvíframlengdur og gildir hann til 30. apríl á næsta ári. Úrskurðarnefndin féllst ekki á að verð og afslættir sem ríkið greiddi félli undir mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni fyrirtækjanna.

Albert Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, segir að upplýsingar eigi að fullvissa forsvarmenn fyrirtækisins um að í þeim leynist ekki eimur frá fornri tíð. Þar á hann við verðsamráð olíufélaganna: „Þegar upphaflegt útboð var sett í gang 2003 voru markaðsaðstæður með öðrum hætti en nú,“ segir Albert. Hann segir samkeppnina hafa aukist og að verðið bjóðist nú lægra: „Við viljum sannreyna hvort unnt sé að bjóða betur en gert var fyrir þremur árum.“ - gag




**VIÐ FYRSTU BENSÍNSTÖÐ ATLANTSOLÍU** Framkvæmdastjórinn Albert Þór Magnússon segir ákvörðun úrskurðarnefndar upplýsingamála, Atlantsolíu í vil, sigur fyrir fyrirtækið sem og almenning. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Svifhlífarstökksmaður:

# Skall í fjallshlíð eftir vindhviðu

**SLYS** Ríflega þrítugur svifhlífarstökksmaður fótbrotnaði þegar hann brotlenti í norðurhlíð fjallsins Þorbjarnar við Grindavík um hádegisbil í gær.

Maðurinn var á ferð með föður sínum en eftir að hafa stokkið fram af fjallinu skellti sterk vindhviða honum aftur í bjargið með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði en slapp að öðru leyti ómeiddur. Maðurinn var fluttur með sjúkrabíl til Reykjavíkur, þar sem hann gekkst undir skoðun.

Lögreglan í Keflavík kannast ekki við að fallhlífar-, svifhlífar- eða svifdrekastökk séu stunduð af Þorbirni. - sh





Er heitt og þungt loft á þínum vinnustað?

**Komfort loftkæling**

* Rétt hitastig og hreint loft
* Eyðir svifögnum, lykt ofl.
* Bætir heilsuna og eykur vellíðan og afköst starfsmanna



Ókeypis ráðgjöf !
Sími: 440 - 1800

www.kælitækni.is Okkar þekking nýtist þér ...




**Á LEIÐ YFIR LANDAMÆRIN** Ísraelskir hermenn héldu yfir landamærin til Líbanons í gær og lentu þar í hörðum átökum við liðsmenn Hizbollah, sem kostuðu tvo ísraelska hermenn og einn Hizbollah-mann lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ísraelar hafa viku til að gera árásir

**Ísraelski herinn ætlar sér að eyðileggja allan vígbúnað Hizbollah áður en árásum á Líbanon verður hætt. Evrópuríki eru ósátt við afstöðu Bandaríkjanna. Forsætisráðherra Líbanons ætlar að krefja Ísrael um skaðabætur.**

**LÍBANON, AP** Bandarísk og ísraelsk stjórnvöld hafa komið sér saman um að ísraelski herinn geti haldið áfram árásum sínum á Líbanon, athugasemdalaust af hálfu Bandaríkjanna, í um það bil eina viku í viðbót með það markmið að valda sem mestu tjóni á vígbúnaði Hizbollah-samtakanna, að því er bæði bandaríska dagblaðið New York Times og breska dagblaðið Guardian héldu fram í gær.

Að því búnu muni Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, halda af stað til Ísraels og Líbanons til þess að þrýsta á um vopnahlé. Tony Snow, talsmaður Hvíta hússins í Washington, staðfesti það á blaðamannafundi í gær að bandarísk stjórnvöld teldu rétt að Ísrael héldi árásunum áfram þangað til Hizbollah-samtökin yrðu orðin óvíg. „Vopnahlé sem myndi skilja vígbúnað hryðjuverkamanna eftir óskemmdan er óviðunandi,“ sagði hann.

Ísraelar héldu því fram í gær að með loftárásunum hefði þeim tekist að eyðileggja um það bil helminginn af vígbúnaði Hizbollah-samtakanna, að því er fram kemur í fréttaskeyti frá AP-fréttastofunni. „Það tekur okkur einhvern tíma að eyðileggja það sem eftir er,“ sagði Alon Friedman, herforingi í ísraelska landhernum, í viðtali við útvarpsstöð Ísraelshers í gær.

Evrópusambandið er ósammála þessu. Javier Solana, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, sagði í gær nauðsynlegt að vopnahlé kæmist á sem fyrst. Áður hafði Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, gert kröfu um að samið yrði um vopnahlé sem allra fyrst.

Ísraelsk stjórnvöld höfðu á þriðjudaginn sagst undir það búin að átökin stæðu vikum saman. Átökin, sem nú þegar hafa staðið í rúma viku, hafa orðið um þrjú hundruð manns að bana og um það bil hálf milljón manna hefur hrakist að heiman vegna þeirra.

Fuad Saniora, forsætisráðherra Líbanons, sagðist í gær ætla að krefja Ísrael um skaðabætur vegna þess tjóns sem árásirnar hafa valdið.

„Er þetta það sem alþjóðasamfélagið kallar rétt til sjálfsvarnar?“ spurði hann á fundi með erlendum sendiherrum í Líbanon. Meðal þeirra sem hlýddu á mál hans var sendiherra Bandaríkjanna.

gudsteinn@frettabladid.is


**Eitt með öllu!**

**Léttbyggt hjólhýsi með fortjaldi á ótrúlegu verði**

**Verð frá kr. 1.180.000.-**
**Frábær greiðslukjör**



*Helstu mál:*

| | |
|---|---|
| *lengd á húsi* | *305 cm* |
| *breidd* | *195 cm* |
| *hæð* | *181 cm* |
| *þyngd* | *750 kg* |

NIEWIADOW

***Hjólhýsunum fylgja:*** *Fortjald 2 x 3,5 m • 5 kg gaskútur með þrýstijafnara*
*Hjólagrind fyrir tvö hjól • Vardekk • Tröppur • Tengikapall 220 volt*

**VÉLAR & ÞJÓNUSTA**

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi



***Hjólhýsi***

*tilbúin til afhendingar strax!*



*Eigum ýmsar gerðir af **TABBERT** hjólhýsum tilbúin til afhendingar strax.*
***Komdu og kynntu þér úrvalið!***

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

*www.seglagerdin.is Eyjarslóð 5, sími 511 2200*


Rússneskur togari í Hafnarfjarðarhöfn spúir svörtum reyk yfir bæinn:

# Svart reykjarský yfir firðinum

**MENGUN** Rússneski togarinn Tsefey kom inn til Hafnarfjarðarhafnar á mánudag vegna vélarbilunar. Síðan hefur togarinn spúð svörtum reyk án afláts yfir hafnarsvæðið svo að svartan reykjarmökk hefur lagt yfir stórt svæði í og við höfnina. Mökkurinn var sýnilegur úr margra kílómetra fjarlægð í gær.

Reykurinn kom úr ljósavél skipsins, sem sér því fyrir rafmagni. Hafnarfjarðarhöfn getur ekki séð togaranum fyrir rafmagni því rafkerfi skipsins er frumstætt, eins og tilfellið er í mörgum skipum af þessum slóðum. Rússarnir þurfa því yfirleitt að sjá sér sjálfir fyrir rafmagni, þó það heyri til undantekninga að jafn mikil mengun hljótist af.

Íbúar í nágrenni hafnarinnar kvörtuðu til hafnaryfirvalda yfir megnri fýlu og sjónmengun af völdum reyksins. „Þetta er auðvitað mjög bagalegt og við vonum að gert verði við togarann með hraði svo við losnum við hann héðan sem fyrst,“ segir Már Sveinbjörnsson hafnarstjóri. „Við vonuðumst til að losna við hann í dag, en umboðsmaður skipsins segir að búið verði að gera við hann á morgun og þá fari hann, sem við vonum að standist.“

Magnús Þórarinsson, umboðsmaður togarans, staðfesti við blaðamann að skipið myndi fara í dag ef allt gengur að óskum. Skipinu verður fyrst siglt út á ytri höfn í prufusiglingar og ef engin vandræði koma upp heldur það á miðin í framhaldi, íbúum Hafnarfjarðar án efa til mikillar ánægju. - æþe



**RÚSSNESKI TOGARINN TSEFEY** Reykjarmökkurinn frá skipinu var sýnilegur úr nokkurra kílómetra fjarlægð.

# götu markaður verðhrun

## á fatnaði og skóm
## Einungis 4 verð í gangi



enn meiri verð-lækkun

**500kr**

**1000kr**

**1500kr**

**2000kr**

nú á allt að seljast

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Eftir hvern er málverkið Sumardagur í sveit sem er verðmætasta listaverk RÚV?*

2 *Hversu mikið var virði gullforða Seðlabankans í júní?*

3 *Hvaða stjórnmálaflokkur fékk nýverið staðfestingu dómstóla í Hollandi á lögmæti sínu?*

SVÖR Á BLS. 50

Þingmaður danska Þjóðarflokksins vill kanna svindl á velferðarkerfinu:

# Flóttamenn verði yfirheyrðir

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Søren Espersen, þingmaður danska Þjóðarflokksins, fer fram á að allir Danir sem koma heim vegna átakanna í Líbanon verði yfirheyrðir um hvort þeir hafi verið á atvinnuleysisbótum þar eystra.

Þingmaðurinn segir þetta „einstakt tækifæri“ til að sannreyna hvort einhverjir hinna 1.700 dönsku flóttamanna, sem margir eru af líbönskum uppruna, hafi svindlað á danska velferðarkerfinu.

Samkvæmt dönskum lögum þarf bótaþegi að tilkynna ríkinu um brottför sína úr landi og segir Espersen að tryggja þurfi að bótaþegar séu í virkri atvinnuleit en ekki sumarfríi.

Hörð viðbrögð hafa verið við ummælum Espersens í Danmörku og sagði einn andstæðinga hans þau „smekklaus og tillitslaus“ og að þau vitnuðu um „skort á almennu velsæmi,“ í ljósi áfalls hinna heimkomandi. Þjóðarflokkurinn þykir neikvæður í garð innflytjenda í Danmörku, sérstaklega þeirra sem aðhyllast íslamstrú. - kóþ



**HEIMKOMAN** Þessir dönsku flóttamenn lentu á Kastrup-flugvelli í vikunni og voru að vonum fegnir heimkomunni. NORDICPHOTO/AFP

Árni Friðriksson í leiðangri:

# Þekkt kóralsvæði kortlögð

**LEIÐANGUR** Nákvæmt dýptarkort af 6.700 ferkílómetra svæði á og við Reykjaneshrygg er afrakstur leiðangurs rannsóknarskipsins Árna Friðrikssonar. Leiðangurinn stóð yfir í tvær vikur og var markmið hans að kortleggja með fjölgeislamælingum þekkt kóralsvæði, friðuð veiðisvæði og mikilvægar veiðislóðir ásamt því að afla upplýsinga um jarðfræði hafsbotnsins.

Kortlagningin leggur grunninn að fyrirhuguðum rannsóknum á búsvæðum kórala og áhrifum svæðafriðunar á samfélög botndýra þar sem beitt verður fjarstýrðum búnaði. - at

Ólögleg fuglasala vekur ugg:

# Norðmenn óttast fuglaflensu

**NOREGUR** Norðmenn óttast nú að fuglaflensa hafi borist inn í landið með ólöglegri sölu á fuglum frá Danmörku, kemur fram í frétt Aftenposten í gær. Þó ekki sé um mannskæða veiruafbrigðið að ræða líta Norðmenn málið afar alvarlegum augum.

Nær ómögulegt er að finna alla fuglana, sem flestir voru hænsnfuglar keyptir til undaneldis, en frá janúar fram í mars keyptu Norðmenn fugla frá Viborg í Danmörku fyrir um 750.000 íslenskar krónur.

Norsk yfirvöld fara þess á leit við þá sem gætu hafa keypt fugla frá Viborg að þeir hafi samband við sig og láti aflífa fugla sína.

Um tuttugu þúsund fuglar voru aflífaðir í Viborg í síðustu viku. - smk

Samgönguráðherra um áskorun flugumferðarstjóra:

# Segist ekki deila við dómarann

**KJARAMÁL** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segist ekki ætla að afnema núverandi vaktakerfi flugumferðarstjóra í flugstjórnarmiðstöðinni, en Félag íslenskra flugumferðarstjóra skoraði á hann á dögunum að fella vaktakerfið úr gildi og taka upp það kerfi sem gilti áður. „Ég tel afar mikilvægt að stjórnendur og flugumferðarstjórar nái samkomulagi um þetta, en niðurstöðu Félagsdóms verður ekki áfrýjað. Ég deili ekki við dómarann að því leyti,“ segir hann.



**STURLA BÖÐVARSSON**

Loftur Jóhannsson, formaður félagsins, segist hafa heyrt af ákvörðun Sturlu en ekkert hafi verið rætt um hana innan félagsins. „Ég er sammála því að sættir eru besta lausnin á deilum en við höfum enga aðkomu að málinu í rauninni. Við sættum okkur ekki við stöðuna eins og hún er.“

Félagsdómur úrskurðaði nýlega að breytingar stjórnenda Flugmálastjórnar á vaktakerfi flugumferðarstjóra skyldu standa þrátt fyrir mótmæli starfsmanna. Meðal breytinga er ný skilgreining á orðinu „dagur“, en samkvæmt nýja kerfinu má vikulegt 48 klukkustunda frí flugumferðarstjóra hefjast hvenær sem er sólarhringsins. - sþs



**TF-SIF** Dauphin-þyrlan verður áfram í eigu Landhelgisgæslunnar. Ekki hefur verið ákveðið af hvaða tegund nýju þyrlurnar verða en nokkrar koma til greina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þyrlusveitin fer hvergi

**Rekstur þyrlubjörgunarsveitar Landhelgisgæslunnar verður tryggður með leiguþyrlum næstu árin. Kaup á þremur nýjum þyrlum geta dregist til ársins 2015.**

**LANDHELGISGÆSLAN** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur kynnt fyrir ríkisstjórn skýrslu um tillögur að framtíðarskipulagi þyrlubjörgunarþjónustu á Íslandi. Lagt er til að í þyrlubjörgunarsveit Landhelgisgæslunnar verði til frambúðar þrjár stórar og langdrægar björgunarþyrlur auk Dauphin-þyrlunnar TF-SIF. Þær verði keyptar nýjar og Super Puma þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, verði seld. Nýju þyrlurnar verða að geta flogið 300 mílur á haf út hið minnsta, geta híft 25 menn um borð og flogið til baka og þá átt varaeldsneyti til hálftíma flugs.

Ekki er við því búist að unnt verði að fá þrjár nýjar þyrlur keyptar til Landhelgisgæslunnar fyrr en eftir 2010 og jafnvel svo seint sem árið 2015. Ástæðan er sú að val, samningagerð, hönnun og framleiðsla er tafsamt ferli þar sem kröfur eru miklar til véla sem eiga að starfa við jafn krefjandi aðstæður og eru hér við land. Sterklega kemur til greina að samstarf verði haft við norsk stjórnvöld sem hyggjast endurnýja þyrluflota sinn á sama tíma og Íslendingar og að því fylgi nokkur sparnaður.

Þrjár stórar björgunarþyrlur eru grunnstærð þyrlusveitar Landhelgisgæslu Íslands en reynslan sýnir að óvænt atvik eru algeng í rekstri slíkrar sveitar. Því er lagt til að minni þyrla gæslunnar, TF-SIF, verði áfram í eigu Landhelgisgæslunnar þar sem hún hentar vel til leitar- og björgunarstarfa þar sem ekki er þörf á stærri þyrlu. Hagkvæmt er að eiga áfram litla og meðfærilega þyrlu eins og TF-SIF þar sem hún er um helmingi ódýrari í rekstri en stærri þyrlan, TF- LÍF, og getur sinnt margvíslegum eftirlitsstörfum með minni tilkostnaði.

Mælt er með að allar þyrlur Landhelgisgæslunnar verði staðsettar í Reykjavík. Hagkvæmnis- og öryggissjónarmið krefjast þess að sveitin hafi bækistöð á einum stað og að hún sé í tengslum við höfuðstöðvar Landhelgisgæslu Íslands. Hugmyndir um flutning sveitarinnar til Keflavíkur virðast því hafa verið blásnar af.

Þar til nýjar þyrlur verða keyptar verður starfsgeta björgunarsveitarinnar tryggð með leiguþyrlum. Kostnaður við kaup nýju þyrlnanna þriggja er mikill enda kostar ný sérútbúin björgunarþyrla tæpa tvo milljarða króna.

svavar@frettabladid.is

Kínversk stjórnvöld óttast verðbólgu:

# Hagsældin vex hratt

**KÍNA, AP** Efnahagur Kínverja er í örum vexti þessi misserin. Hagvöxtur á síðasta ársfjórðungi nam 11,3 prósentum og hefur ekki verið meiri í áratug.

Kínversk stjórnvöld óttast að miklar byggingarframkvæmdir og örlæti banka á lánsfé geti ýtt af stað verðbólgu. Talið er líklegt að þau bregðist við þeirri hættu með því að hækka vexti og fella gengið.

Útflutningur hefur einnig vaxið hröðum skrefum, en verðbólga mælist þó aðeins 1,3 prósent um þessar mundir. - gb



**Á REIÐHJÓLI Í SJANGHAÍ** Nýjar byggingar rísa hratt í Kína um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP








FABRIKAN

# JÚLÍTILBOÐ

## 20-40% AFSLÁTTUR

TEKK COMPANY

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 OG LAUGARDAGA KL. 10-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS



**KROSSFESTI LEIGUBÍLSTJÓRINN** Það dugði ekkert minna en krossfesting fyrir þennan ítalska leigubílstjóra til að mótmæla breyttri löggjöf um leiguakstur. NORDICPHOTOS/AFP

Starfshópur um sjúkraflug í Vestmannaeyjum skilar bráðabirgðaúttekt:

# Telja ekki tilefni til aðgerða

**SJÚKRAFLUG** Starfshópur heilbrigðisráðuneytisins sem falið var að gera úttekt á sjúkraflugi í Vestmannaeyjum skilaði bráðabirgðaniðurstöðu á dögunum. Samkvæmt henni hefur flugrekstrarfélagið Landsflug, sem sér um sjúkraflug í Eyjum, staðist settan viðbragðstíma í öllum þeim 33 sjúkraflugum sem farið hafa þaðan frá áramótum, utan eins þar sem viðbragðstíminn var fimm mínútum lengri en leyfilegt er. Ekki þykir tilefni til tafarlausra aðgerða af hálfu ráðuneytisins.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, sem bað um að úttektin yrði gerð, segir ekki öll kurl komin til grafar. „Ég tek strax eftir því að í skýrsluna vantar tvö sjúkraflug þar sem lífshætta skapaðist vegna fjarveru sjúkraflugvélar og tafa á viðbragðstíma,“ segir hann. „Við munum gefa umsögn um skýrsluna og ég vona að lokaniðurstaðan verði önnur en þessi.“

Rúnar Fossádal Árnason, framkvæmdastjóri hjá Landsflugi, segir niðurstöðuna í takt við það sem hafi verið vitað. „Við skiljum ekkert í því að bæjarstjórinn og aðrir í Eyjum séu að æsa sig yfir þessu án þess að kynna sér báðar hliðar málsins,“ segir Rúnar. **- sþs**



**EIN FLUGVÉLA LANDSFLUGS** Framkvæmdastjóri hjá Landsflugi segir niðurstöðu nefndarinnar í samræmi við það sem félagið hafi þegar vitað.

Reikningurinn endurskoðaður:

# Ágreiningur um greiðslur

**KJARAMÁL** Vegna greinar um að áhöfnin á Sunnuberginu hafi hugsanlega verið svikin um löndunarfrí vill Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, koma því á framfæri að til úrvinnslu sé hvort skipverjar skuli hafa löndunarfrí þegar landað er á milli skipa við bryggju. „Ef svo er myndu slíkar greiðslur aðeins ná til þeirra meðlima sem raunverulega vinna við löndun í tímavinnu en ekki allrar áhafnarinnar.“

Stjórn AFLs telur hafið yfir vafa að greiða eigi fyrir landanir milli skipa við bryggju. Reikningur sem forsvarsmenn AFLs sendu fyrir hönd skipverja er í endurskoðun. **- hs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ferðamenn í vanda** Kalla þurfti til björgunarsveit þegar ferðafólk lenti í vandræðum við Langavatn í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi. Þrennt var í bílnum. Ferðafólkið, sem var af erlendum uppruna, var á bílaleigubíl sem þurfti að draga í burtu.

**Keyrt á brúarhandrið** Erlendir ferðamenn lentu á brúarhandriði þar sem þeir keyrðu eftir malarvegi á Vatnsnesi. Fólkið slapp með nokkrar skrámur.

## KÓREUSKAGINN

**Gífurlegur vatnavöxtur** Eftir mikil flóð og skriðuföll eru 100 Kóreumenn taldir af eða týndir. Tæp 12.000 heimili skemmdust og 9.000 fjölskyldur eru á vonarvöl eftir gífurlegar rigningar og vatnavöxt.

## KÓPAVOGUR

**Rafmagnslaust í Kópavogi** Rafmagnslaust varð í hluta Kópavogs seinni partinn í gær vegna bilunar í háspennustreng við Smiðjuveg. Rafmagn komst á að nýju innan við klukkustund síðar.




Onde
matar – og kaffistell
Franskt gæða postulín

Gjafavara

Enn meira úrval af margskonar gjafavöru sem prýðir heimilið

Líf&List
SMÁRALIND
sími 544 2140


# Flatarmál seglanna fjórir ferkílómetrar

**Skólaskipið Sedov kom til hafnar í Reykjavík í gærmorgun. Skipið á sér merka sögu og er eitt hið allra stærsta sinnar tegundar í heiminum. Möstur þess slaga hátt í hæð Hallgrímskirkju. Um borð eru 110 kadettar og 50 manna áhöfn.**

**SKIP** Eitt stærsta og glæsilegasta seglskip heims lagðist í gærmorgun að bryggju við Ægisgarð í Reykjavíkurhöfn. Skipið ber nafnið Sedov og er fjögurra mastra skólaskip frá Tækniháskólanum í Murmansk í Rússlandi. Um borð eru 110 kadettar og fimmtíu manna áhöfn.

Skipið er 118 metra langt og fimmtán metra breitt en möstur þess gnæfa 58 metra í loft upp, mælt frá dekki þess. Frá sjólínu er skipið því sem næst á við hæð Hallgrímskirkju en turn hennar er 74,5 metrar. Þegar öllum seglum skipsins er beitt í einu er samanlagt flatarmál þeirra um fjórir ferkílómetrar.

Skipið á sér langa sögu, en það var byggt árið 1921 í Þýskalandi og bar þá nafnið Magdalene Vinnen. Þegar það var sjósett var það stærsta seglskip heims og þjónaði sem flutningaskip. Flutti það aðallega kol og timbur á lengri siglingaleiðum vegna stærðar sinnar. Skipið hefur borið nafnið Sedov frá árinu 1945 eftir að það var afhent Rússum sem hluti af stríðsskaðabótum Þjóðverja til Sovétríkjanna sálugu. Frá 1945 hefur skipið aðallega verið notað sem skólaskip en þó einnig til hafrannsókna og flutninga.

Sedov er að koma frá Wilhelmshaven í Þýskalandi. Skipstjóri er Viktor Misjenev en þeirri ábyrgðarstöðu hefur hann gegnt frá árinu 1993. „Ég kom til Íslands fyrir 23 árum og þá var ég undirforingi. Það var mjög leiðinlegt veður. Ég tek eftir því að það hefur verið byggt mikið af húsum,“ segir hann en vildi ekkert tjá sig um lífið um borð. Til þess vísaði hann á einn áhafnarmeðlima sinna: Þjóðverjann Rudi. „Kadettarnir eru frá mörgum háskólum í Rússlandi og þeim er kennt allt sem þeir þurfa að vita um aga, siglingafræði og vélfræði.“ Rudi segir skipið sigla milli hafna í sjö til átta mánuði á ári og hafa vetrardvöl í Rússlandi og Þýskalandi. Næsti viðkomustaður Sedov er Tromsö í Noregi.

Áhugasömum gefst kostur á að skoða skipið frá klukkan 10 til 22 í dag. **svavar@frettabladid.is**



**MISJENEV SKIPSTJÓRI** Viktor Misjenev hefur verið skipstjóri á hinu glæsilega skólaskipi Sedov síðan árið 1993. Hann kom síðast til Íslands fyrir 23 árum og er ekki frá því að töluvert hafi bæst við af húsum síðan þá. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GLÆSILEGAR VISTARVERUR** Rússneskur uppruni skipstjórans fer ekki á milli mála þegar komið er inn í klefa hans.


LYFJA
- Lifið heil



„Ég geri meira fyrir mig og mína á sumrin“



**Metasys**
Bætt úthald, orka og kjörið til þyngdarstjórnunar.



**Nakd - Hráfæðisbar**
Hollusta og orka í hverjum bita, engin aukaefni og enginn viðbættur sykur.



**PGX - Drykkjarblanda**
Bylting í þyngdarstjórnun.
Misstu fituna - ekki vöðvamassa eða vökva.

www.lyfja.is

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási



# Sérhannað múreinangrunarkerfi




maxit

## SERPO 261

**SERPO 261** Múreinangrunarkerfið hefur farið sigurför um Norðurlönd og hefur verið notað á Íslandi síðan 2003.
**Serpo 261** kerfið samanstendur af plast-einangrun eða steinull, með u.þ.b. 8-10 mm þykku lagi af **Serpo 261** trefjamúr sem styrktur er með glertrefjaneti.

**Serpo 261** múreinangrunarkerfið er einstaklega hagkvæmt, öruggt og auðvelt í uppsetningu.

Líttu við hjá okkur og kynntu þér fullþróað múreingrunarkerfi sem virkar og hefur sannað sig á Íslandi.

EOTA SAMÞYKKT

SITAC Prófað af SITAC

*Frábært múrkerfi á plast- eða steinullareinangrun*

***Hönnuðir, leitið nánari upplýsinga***




MÚRBÚÐIN

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

*Akureyri og Húsavík*



**NÝSJÁLENSKUR FRUMBYGGI** Þessi maóríakona dansaði á opnunarhátíð ráðstefnu um efnahagsleg tækifæri frumbyggja í Sydney í Ástralíu, sem haldin var á dögunum. NORDICPHOTOS/AFP

Fjörutíu Everest-farar sem gengu á hæsta tind heims í vor:

# Yfirgáfu deyjandi mann

**NEPAL, AP** Nýsjálendingurinn Mark Inglis varð í maí fyrsti maður heims til að ganga á tind Everest á tveimur gervifótum og hlaut hann heimsfrægð fyrir.

En nú hefur komið fram að hann, auk um fjörutíu annarra fjallafara, gekk framhjá deyjandi manni og skildi hann eftir þó augljóst hlyti að vera í hvað stefndi, enda var nærri 40 stiga frost á tindinum.

Hinn 34 ára gamli David Sharp sat kalinn í snjónum og tilkynnti þeim sem stoppuðu nafn sitt og með hverjum hann ferðaðist, og sagðist síðan vilja „bara sofa“. Ferðafélagar hans segja hann hafa gefist upp á ferðinni og haldið einn til baka á meðan hinir héldu áfram upp.

Hann var kalinn á höndum upp að olnbogum og á fótum upp að hnjám og nef hans og kinnar voru svört af kali þegar Inglis kom að honum, samkvæmt fréttavef danska blaðsins Politiken.

Inglis hefur verið sakaður um að hafa ekki brugðist við. Upphaflega sagðist hann hafa kallað eftir hjálp í gegnum talstöð, en sá sem hann á að hafa kallað til segir Inglis fara með ósannindi.

Ellefu manns fórust á Everest í vor, sem gerði það mannskæðasta vorið frá árinu 1996. - smk



**MARK INGLIS** Hlaut heimsfrægð fyrir að verða fyrsti fótalausi maðurinn til að klífa Everest. Hann og fjörutíu aðrir gengu framhjá deyjandi manni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ferjuhöfn í Bakkafjöru:

# Ráðherra skipar stýrihóp

**SAMGÖNGUR** Stýrihópur hefur verið skipaður sem vinna á að forathugun á hönnun hafnar í Bakkafjöru og forhönnun hennar eftir atvikum. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra skipaði hópinn í samræmi við niðurstöðu skýrslu starfshóps um samgöngur við Vestmannaeyjar. Þar er lögð til frekari könnun á ferju milli Heimaeyjar og Bakkafjöru sem verði meginsamgönguæð milli lands og Eyja.

Miðað er við að stýrihópurinn taki strax til starfa og geri tímaáætlun um verkið. Ef jákvæðar niðurstöður fást úr forathuguninni mun ný ferja hefja siglingar árið 2010.


Hagstæðustu kaupin

Hinn eini sanni íslenski DALA FETA nú fáanlegur á TVENNUTILBOÐI í næstu verslun.

Einnig með tómötum og olífum!







**MÓTMÆLI Í SUÐUR-KÓREU** Þessi Suður-Kóreumaður kveikti í gær í fána Norður-Kóreu fyrir framan utanríkisráðuneytið í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






QUBA Eikarhúsgögn



7 eikarlitir
Framleitt í Belgíu

Quba Eikarhúsgögn
borð 131.390
stóll 30.210
skenkur 153.330
skápur 178.130
sjónvarpsskápur 78.330

Líf&List HÚSGÖGN
Ármúla 44, sími 553 2035

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


# Spenna eykst á Kóreuskaga

## Samskipti milli Norður- og Suður-Kóreu versna dag frá degi vegna deilunnar um flugskeytatilraunir Norður-Kóreumanna. Japanar bíða hins vegar átekta.

**SEÚL, AP** Spennan milli Norður- og Suður-Kóreu vex með degi hverjum. Roh Moo-hyun, forseti Suður-Kóreu, fordæmdi í gær harðlega tilraunir Norður-Kóreumanna með flugskeyti og sagði þær geta leitt af sér vopnakapphlaup, sem gagnaðist engum.

Jafnframt varaði hann önnur ríki við því að bregðast of harkalega við framferði Norður-Kóreumanna og auka þar með enn á spennuna í þessum heimshluta. Hann nefndi engin ríki á nafn, en hefur áður gagnrýnt Japana fyrir að ætla hugsanlega að bregðast við tilraunum Norður-Kóreu með því að gera fyrirbyggjandi árás á skotstaði tilrauneldflauganna í Norður-Kóreu.

Fjölmiðlar í Japan héldu því fram í gær að japönsk stjórnvöld ætluðu um miðjan ágúst að hefja einhliða refsiaðgerðir gegn Norður-Kóreu, sem yrðu efnahagslegar refsiaðgerðir og fælust í því að inneignir Norður-Kóreu í japönskum bönkum yrðu frystar og flutningur fjármagns milli landanna bannaður.

Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, sagði þó í gær að Japönum lægi ekkert á að taka ákvarðanir um refsiaðgerðir. Fyrst verði beðið eftir frekari viðbrögðum frá Norður-Kóreu.

Norður-Kóreumenn stöðvuðu í gær allar heimsóknir Suður-Kóreumanna til ættingja sinna í Norður-Kóreu, í það minnsta tímabundið. Þessar heimsóknir hófust fyrir nokkrum árum þegar samskipti ríkjanna bötnuðu, en þessi ákvörðun þykir greinilegt merki um það hve spennan milli þeirra er mikil núna.

Tilkynning um þetta barst í gær, í beinu framhaldi af því að Suður-Kóreumenn neituðu í síðustu viku að ræða mannúðaraðstoð við Norður-Kóreu fyrr en einhver lausn fyndist á deilunni um flugskeytatilraunir Norður-Kóreumanna. gudsteinn@frettabladid.is

Háskólinn í Reykjavík:

# Aldrei fleiri sótt um nám

**MENNTAMÁL** Tæplega 1.800 umsóknir bárust um skólavist í Háskólanum í Reykjavík fyrir næsta skólaár, en skólanum hafa aldrei borist fleiri umsóknir. Gert er ráð fyrir að um 1.000 nemendur verði teknir inn í skólann í haust.

Steinn Jóhannsson, forstöðumaður kennslusviðs skólans, segir mjög ánægjulegt hversu mikið jafnvægi sé á milli kynjanna í umsóknum um nám í háskólanum, en hlutfall karlmanna sem sóttu um er 52,5 prósent á móti 47,5 prósentum kvenna. Einnig nefnir hann að umsóknir hafi dreifst vel yfir allar deildir skólans og greinilega sé mikil eftirspurn eftir háskólanámi á Íslandi. **- sþs**

Átakið „Tökum upp hanskann fyrir Reykjavík“ hefst í Breiðholti á laugardag:

# Ruslið burt úr borginni

**UMHVERFISMÁL** Hreinsunarátak Reykjavíkur undir slagorðunum „Tökum upp hanskann fyrir Reykjavík“ hefst formlega á laugardag. Jón Kristinn Snæhólm, aðstoðarmaður borgarstjóra, segir íbúa borgarinnar hafa kvartað undan sóðaskap og því sé verið að svara því ákalli með því að gera átak í umhverfismálum í borginni.

Í Breiðholti eru langflest opin svæði og hverfið fjölmennt og því þótti tilvalið að hefja átakið þar. Laugardaginn 22. júlí er ætlunin að fá íbúa hverfisins til liðs við starfsmenn borgarinnar í því að snyrta hverfin; tína rusl, hreinsa veggjakrot, leggja torfur og laga net á fótboltamörkum svo eitthvað sé nefnt.

Jón segir að síðan núverandi borgarstjórn tók við völdum hafi verið gert átak í að fegra umhverfið og nú sé komið að einstökum hverfum. „Við byrjum á Breiðholtinu og vonumst til að komast í hreinsunarátak í öðru hverfi í ágúst.“

Jón segir að hugmyndinni hafi verið mjög vel tekið og segir hann að 200 manns hafi mætt á kynningarfund vegna verkefnisins í síðustu viku. Jón vonast til að fólk taki sér tíma til að mæta á laugardaginn því átakið gangi ekki nema með aðstoð íbúanna. **- hs**



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON BORGARSTJÓRI** Ræðst til atlögu gegn veggjakroti í hreinsunarátaki Reykjavíkur.

Kjarnorkustöð mótmælt:

# Norðurlöndin sameinast

**NOREGUR, AP** Umhverfisráðherrar Norðurlandanna hafa lýst yfir áhyggjum sínum af hugsanlegri enduropnun á Sellafield-kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Englandi og sendu ráðherrar Íslands, Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands bresku ríkisstjórninni bréf þess efnis á mánudag.

Þeir fóru fram á að Bretar hefðu skilvirka áætlun um hvað gert yrði við geislavirkan úrgang og létu kanna hættuna sem stafaði af stöðinni. Norðurlöndin hafa löngum kvartað undan því að stöðin, sem er 57 ára, mengi Atlantshafið. Stöðinni var lokað eftir leka geislavirks vökva í apríl 2005. **- smk**



**FJÖR Í SUNDI** Minni klór er almennt notaður í útilaugum en innilaugum.
NORDICPHOTOS/AFP

Belgísk rannsókn:

# Astmi tengdur sundlaugaklór

**HEILSA** Ný belgísk rannsókn bendir til þess að samhengi sé á milli astma í börnum og klórs í sundlaugum, að því er fram kemur á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar, sem Kaþólski háskólinn í Louvain lét gera, jókst hlutfall barnaastma um tvö til þrjú prósent á hverja innilaug á hundrað þúsund íbúa. Vísindamennirnir telja að helst sé notkun klórs í sundlaugum um að kenna.

Rannsóknin náði til 190 þúsund þrettán og fjórtán ára unglinga í 21 landi. Astmatilfelli hafa aukist um fimmtíu prósent á síðustu 25 árum í iðnríkjum. **- smk**

Skoskur háskóli:

# Mun skila níu Maóríahöfðum

**SKOTLAND, AP** Aberdeen-háskóli í Skotlandi mun skila níu húðflúruðum höfðum af Maóríum aftur til Nýja-Sjálands, en það kom fram í tilkynningu frá skólanum í gær. Höfuðin hafa verið geymdir í skólanum í meira en öld, en nú mun Te Papa safnið í Wellington fá þau til rannsóknar.



**MAÓRÍI** Þessi Maóríi er enn á lífi, ólíkt þeim ólánsömu sem enduðu í Aberdeen-háskóla.

Höfuðin tilheyrðu stríðsmönnum og þrælum og voru sum notuð í vöruskipti milli Maóría og evrópskra landkönnuða á 19. öld. Maóríar eru frumbyggjar Nýja-Sjálands og eru húðflúr stór hluti af menningu þeirra. **- sgj**

## SVÍÞJÓÐ

**Metfjöldi yfir brú** Umferð hefur aukist yfir hina 15 kílómetra löngu brú sem tengir Svíþjóð og Danmörku. Nýtt met var sett á laugardaginn síðasta þegar 23.000 farartæki fóru yfir brúna og voru margir ferðalanganna á leið í frí.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ekið á ljósastaur** Ekið var á ljósastaur á miklum hraða í Mosfellsdal. Ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, var fluttur undir læknishendur eftir slysið en meiðsli hans eru talin minniháttar. Staurinn lagðist að jörðinni eftir áreksturinn og var bíllinn dreginn af staðnum.





**Isuzu** hefur fyrir löngu sannað öryggi og endingu á íslenskum vegum. Nú kynnum við nýjan og stórglæsilegan Isuzu D-MAX pallbíl. Hann er þjáll og lipur í akstri, en jafnframt rammbyggður og traustur félagi og á alveg ótrúlega góðu verði.

**Isuzu D-MAX** hefur fengið alveg nýtt útlit og er staðalbúnaður eins og hann gerist bestur, þar má nefna loftkælingu, ABS hemlakerfi, álfelgur o.fl. Isuzu er með 3.0 lítra dísilvél með túrbínu og millikæli og skilar 130 hestöflum.

***Isuzu D-MAX er farkostur fjölskyldunnar, vinsæll vinnufélagi og verðið ráða allir við!***



**Verð á Isuzu D-MAX Crew Cab**

Sjálfskiptur **2.590.000 kr.**

Beinskiptur **2.490.000 kr.**

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00

Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 | Akureyri 461 2960



Þú ert á
SJÓMANNSHARÐFISKURINN
Beinlaus ýsa
HARÐFISKUR 230g
998 KR.
AMERÍSKAR RISAPITSUR
McCain risapitsa
399 KR.
770/820g
10 GOÐA PYLSUR
230 KR.
MERKT VERÐ 460 KR.
50% afsláttur við kassann
GRÆNT, LÉTT OG LAGGOTT
139 KR.
400g
Coca-Cola TILBOÐ
1399 KR.
18 flöskur
3 tegundir af Bónus samlokum
BÓNUSSAMLOKA
99 KR.
SOÐIN SVIÐ FRÁ GOÐA
30% afsláttur við kassann
GOÐA SVIÐ
489 KR.
MERKT VERÐ 699 KR.
Sama verð um allt land!
SÆLKERABJÚGU FRÁ KB
SÆLKERABJÚGU
359 kg KR.
NÓA BITAR
399 KR.
HÁLFT KÍLÓ!
HÁLFT KÍLÓ Í KASSA!
HELMINGI FÆRRI KALORÍUR!
Trönuberja og eplasafi 900 ml
TRÖNUBER/EPLI
159 KR.
900 ml
SÚKKULAÐIBITAKÖKUR
150g
150g PAKKI
98 KR.
SERVÖRU VERSLANIR
Handklæðin
Þung
Þykk
Stór
90x170 sm
400g á m²
STRANDARHANDKLÆÐI
899 KR.
90x170sm
Pappírinn....
12 rúllur
198 KR.
3 XL
góðar við grillið
3 XL rúllur
298 KR.
FLOTT VISKUSTYKKI
SERVÖRU VERSLANIR
50x50 sm ÚR FROTTÉ/BÓMULL
VISKUSTYKKI
200 KR.
Veljið sjálf!
50x70 sm ÚR BÓMULL
Birgjum okkur upp í Bónus!


réttri opnu!
Bónus hamborgarar 80g - 115g og 200g
FROSNIR OG FÍNIR Í FERÐINA!
10 x 80g
699 KR.
MERKT VERÐ 999KR.
5 x 200g
909 KR.
MERKT VERÐ 1299KR.
30% afsláttur við kassann
10 x 115g
979 KR.
MERKT VERÐ 1399KR.
XL
4 trölla hamborgara brauð!
4 XL brauð
98 KR.
EINN LÍTRI
99 KR.
GOTT VERÐ
HVERS DAGSÍS
DALAFETI TILBOÐSTVENNA
DALA FETI
449 KR.
TILBOÐSTVENNA
10% LÆGRA VERÐ
FRISE SALATBLANDA 150g
Himnesk hollusta
FRISE BLANDAN
259 KR.
150g
MJÓLKU 5% SÝRÐUR RJÓMI
Framleiddur án styrkja
5% - 180g
98 KR.
SÝRÐUR RJÓMI 5%
5%
Danskar kjúklingabringur
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.
FROSNAR: 900g poki
PEYTIRJÓMI
129 KR.
250g
Halta
RABARBARASULTA
159 KR.
900g
Rabarbarasulta
BÓNUS
Vöfflu duft
VÖFFLUDUFT
159 KR.
500g
1.5 LÍTRI TOPPUR
98 KR.
1.5 lítri
Toppur
Frosnar írskar svínalundir
FROSNAR SVÍNALUNDIR
1599 KR.
kílóverð
BERJABLANDAN MEÐ VÖFFLUNUM OG Í BÚSTIÐ!
SILVA MIX
Eitt kíló!
1 kíló BERJABLANDA
298 KR.
2x 200g KÆLIKUBBAR
Sjáðu verðið!
2 KUBBAR
59 KR.
Myndaðu Mumma frænda!
400 ASA myndavél - 27 mynda með flassi!
MYNDAVÉL
299 KR.
EINNOTA
www.bonus.is
ERAN/Landlist TILBOÐ I VIKU 29
BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

### *Vegatollur er ekkert grín*

**„Við látum engan sleppa án þess að borga.“**

MARINÓ TRYGGVASON, ÖRYGGISFULLTRÚI SPALAR SEM REKUR HVALFJARÐARGÖNGIN. FRÉTTABLAÐIÐ 19. JÚLÍ.

### *Góð vísa?*

**„Sólin fer að leika stærra hlutverk í okkar lífi á næstunni.“**

SIGURÐUR Þ. RAGNARSSON VEÐURFRÆÐINGUR UM GÓÐA VEÐRIÐ SEM ALLTAF ER ALVEG AÐ KOMA. FRÉTTABLAÐIÐ 19. JÚLÍ.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐMUNDUR GÍSLASON, FORSTÖÐUMAÐUR FANGELSA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

# *Fangarnir fá að njóta sólarinnar*



„Það er bara allt gott að frétta, eins og á að vera á svona sólardögum. Þá reynir maður að líta á björtu hliðarnar,“ segir Guðmundur Gíslason, forstöðumaður fangelsa á höfuðborgarsvæðinu. Guðmundur er mjög ánægður með að sólin sé loksins farin að láta sjá sig. „Ég vona að hún verði hjá okkur sem lengst, og veitir ekki af enda búið að vera helst til hráslagalegt hjá okkur það sem af er sumri.“ Hann býr þó ekki svo vel að geta legið sæta sumardaga heima- við því hann á ekki marga frídaga eftir. „Ég fór í frí þegar var kuldi og fer að vinna þegar sólin kemur,“ bætir hann við.

Aðsetur forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu er í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og segir Guðmundur að sólin skíni líka niður í garðinn við Hegningarhúsið. „Bæði þeir sem eru í fangelsi og þeir sem starfa við þetta reyna að nýta sér sólina sem mest. Við leyfum föngunum auðvitað að njóta sólar eins og við getum.“

Í starfi hefur Guðmundur í nógu að snúast. Hann segir að sá tími sé löngu liðinn þegar færri fangar voru í húsi á sumrin. „Það er alltaf nóg að gera hérna hjá okkur og nokkuð stöðugt. Oft hefur verið þannig í þessum fangelsisbransa að það hefur verið rólegra á sumrin. Mér finnst þó eins og það gildi ekki núna og meiri traffík hérna en oft hefur verið,“ segir Guðmundur og bætir við að hann telji að öll fangelsin séu full um þessar mundir. Að óskoðuðu máli er Guðmundur ekki tilbúinn að gefa upp líklegar ástæður fyrir því að fleiri fangar eru nú í fangelsunum. Hann segir sína tilfinningu þó vera að slíkt hljóti að skýrast af fleiri brotum og þyngri dómum. „En þetta er bara svona óábyrgt tal,“ bætir Guðmundur við.

## SJÓNARHÓLL
### FLOKKUR NÍÐINGA Í HOLLANDI



ANNA ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR FORSTJÓRI LÝÐHEILSUSTÖÐVAR

## *Sorglegt*

Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar, segir hræðilegt að heyra um stjórnmálaflokk barnaníðinga í Hollandi sem berst fyrir því að kynlífsaldur verði lækkaður niður í tólf ár úr sextán árum. Hollenskur dómstóll neitaði á mánudaginn að banna flokkinn á þeim grundvelli að það væri réttur kjósenda að dæma um lögmæti stjórnmálaflokks.

„Ofbeldi á aldrei rétt á sér og það er sorglegt, ef satt er, að menn láti sér detta í hug að stofna stjórnmálaflokk sem hefur það á stefnuskrá sinni að berjast fyrir lækkun kynlífsaldurs úr sextán árum í tólf.“

Anna Elísabet segir að börn séu langt frá því að hafa tekið út andlegan eða líkamlegan þroska sinn tólf ára og efnið því stórfurðulegt baráttumál hjá stjórnmálaflokki. „Enda virðast vera á ferð menn sem eiga yfir höfði sér ásakanir og jafnvel dóma um kynferðisofbeldi.

Niðurstaða dómstólsins sem neitaði að banna stjórnmálaflokkinn er einkennileg og ekki til þess fallin að vernda börn.“

# 24 tindar á 24 klukkustundum

**Um eitt hundrað göngumenn leggja af stað á laugardagsmorgun í sólarhringsgöngu um tinda Glerárdals í Eyjafirði. Gengið verður á 24 tinda á 24 klukkustundum. Fjöldi göngumanna hefur tvöfaldast síðan í fyrra.**



**GLAÐBEITTIR GÖNGUMENN Á STEINSFELLI** Hér má sjá Ragnar Sverrisson, Kristján Þórisson og Valtý Hreiðarsson. Í bakgrunni eru Tröllatindur, Tröllahyrna og Tröllafjall. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR SVERRISSON

„Það er höfuðið sem skiptir mestu máli. Fólk þarf að hafa trú á að það komist þetta,“ segir Ragnar Sverrisson, kaupmaður á Akureyri, sem fer fyrir göngumönnum. Líkamlegt atgervi skiptir vitaskuld máli en ekki öllu og það eitt og sér ræður ekki úrslitum.

Gangan langa er talsverð þolraun, enda tindarnir í Glerárdal tignarlegir. Nokkrir þeirra eru yfir 1.400 metrar og sá hæsti – Kerling – er 1.538 metrar. Alls leggja þeir sem fara á alla tindana um fimmtíu kílómetra að baki.

Sérstakt félag hefur verið stofnað utan um Glerárdalsgönguna og er Ragnar formaður þess. 46 tóku þátt í göngunni í fyrra og gengu 17 á alla 24 tindana. Aðrir fóru ekki alla leið eða slógust í hópinn á göngunni miðri. Sama verður uppi á teningunum að þessu sinni, fólki er í sjálfsvald sett hve langt það gengur og getur notið aðstoðar björgunarsveitarmanna í Súlum við að komast á milli staða. Þá verður gengið í þremur hópum sem fara mishratt yfir.

Ragnar segir tímann líða hratt á göngu sem þessari. „Maður gleymir alveg tímanum, þetta er svo mikil áskorun og maður hugsar bara um að komast á næsta tind.“

Veðrið var göngumönnum hagstætt í fyrra og segir Ragnar spána fyrir laugardaginn góða. Fyrir utan mat þarf fólk helst að hafa með sér plástra enda kunna fætur að særast þegar skrefin eru mörg. Þá er von á góðgæti af himnum ofan, því flugkapparnir Arngrímur Jóhannsson, kenndur við Atlanta, og Magnús Þorsteinsson, kenndur við Avion, ætla að fljúga yfir gönguleiðina og kasta niður vatni, orkudrykkjum og sviðasultu.

Ragnar er fullur tilhlökkunar enda hefur undirbúningur göngunnar staðið lengi. Honum er líka enn í fersku minni hve stórfenglegt ferðalagið var í fyrra og vill því óður og uppvægur endurtaka leikinn. „Fallegast var að standa á Kerlingu klukkan eitt um nóttina og sjá roðann í norðri,“ svarar Ragnar spurður um fallegustu sýnina á leiðinni í fyrra. Viðbúið er að sú sýn verði ekki síðri í ár.

bjorn@frettabladid.is



**ÞÁTTTAKENDUR Í GLERÁRDALSHRINGNUM 2005** Gangan hófst við Skíðahótelið í Hlíðarfjalli og þaðan verður einnig lagt upp í ár. 46 lögðu af stað í fyrra og 17 gengu allan hringinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HELGI BORG



**HORFT TIL NORÐURS** Ekki er aðeins gengið í Glerárdalshringnum heldur líka horft enda útsýnið með eindæmum og fegurðin mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/HELGI BORG



**ÁFRAM GAKK** Gengið eftir Vindheimajökli frá Bungu að Strýtu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR SVERRISSON



**LAGT Á BRATTANN** Gengið eftir fjallshryggnum sem liggur að Súlum. Böndi, Þríklakkar og Kerling sjást í bakgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR SVERRISSON

### FJÖLLIN Í RÉTTRI RÖÐ

1. Hlíðarfjall
2. Blátindur
3. Bunga
4. Strýta
5. Kista
6. Kambshnjúkur
7. Nafnlaust fjall
8. Tröllafjall
9. Tröllahyrna
10. Tröllatindur
11. Steinsfell
12. Snorragnúpur
13. Jökulborg
14. Kistufjall
15. Nafnlaust fjall
16. Stóristallur
17. Glerárdalshnjúkur
18. Kerling
19. Þríklakkar
20. Bóndi
21. Litli Krummi
22. Stóri Krummi
23. Syðri Súlur
24. Ytri Súlur

FORELDRASÍMINN 581 1799
BÖRN ERU LÍKA FÓLK
1986-2006
VÍMULAUS ÆSKA
20 ára



Fíton/SÍA

# Vegurinn liggur austur



fljotsdalsherad.is



- Íbúafjöldi 3.900
- Víðfeðmasta hérað landsins
- Krossgötur Austurlands
- Veðursæld
- Einstæð náttúrufegurð
- Blómleg menning

**Egilsstaðir**
**Fellabær**
**Eiðar**
**Hallormsstaður**
**Brúarás**

Þeir sem sækjast eftir náttúru sem á sér enga hliðstæðu, betra veðri en almennt má búast við á Íslandi og kraftmiklu mannlífi og menningu, ættu að fylgja veginum austur á Fljótsdalshérað. Á sólríkum sumardegi er hvergi betra að vera. Hvort sem þú átt leið um eða vilt dveljast um lengri tíma ertu ávallt velkominn.

**Fljótsdalshérað – hvergi annarsstaðar**

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - www.fljotsdalsherad.is

# INTERSPORT







**3.990** (áður 4.990)

**NIKE / MERCURIAL SLEVLESS**
Góður ermalaus æfingabolur. Léttur og með góðri öndun. Litur: Blár. Stærðir: S - XL Kr. **3.990**

**4.690** (áður 5.690)

**NIKE / MERCURIAL SS TRAINING**
Góður æfingabolur á herra. Léttur og með góðri öndun. Litur: Blár. Stærðir: S - XL. Kr. **4.690**

**5.990** (áður 6.990)

**NIKE / 270G TERRY**
Sterkar og góðar íþróttabuxur á herra. Góð teygja. Litur: Bláar. Stærðir: S-XL. Kr. **3.990**



**1.990** (áður 2.490)

**FIREFLY / WICKED HOOD JR**
Góð hettupeysa úr bómull á stráka. Litur: Grá, hvít og græn. Stærðir: 120-170. Kr. **1.990**

FIREFLY

## Sportfatnaður toppvörumerki á lægra verði



**1.990** (áður 2.490)

**FIREFLY / SOMERSET HOOD**
Góð bómullarpeysa á stúlkur. Litur: Bleik, hvít og gul. Stærðir: 120-170 Kr. **1.990**



**5.990** (áður 7.490)

**NIKE / FULL ZIP WITH HOOD**
Bómullarhettupeysa á dömur. Litur: Græn, appelsínugulog rauð. Kr. **5.990**



**5.990** (áður 7.490)

**NIKE / WIDE WORKOUT PANT**
Þægilegar dri-fit buxur á dömur. Beint snið. Litur: Svartar. Stærðir: XS - XL. Kr. **5.990**

**100% ÖRYGGI** við lofum þér lægra verði!

Við leggjum okkur 100% fram við að bjóða ávallt upp á lægsta verðið. Ef þú hefur keypt vöru í INTERSPORT og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá **endurgreiðum** við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun.
***Gildir í tvær vikur frá kaupdegi , gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.***

**Póstverslun** SENDUM HVERT Á LAND SEM ER **Intersport Húsgagnahöll** SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18

# Adidas Superstar

á betra verði í Intersport

adidas



**5.490** (áður 6.990)

ADIDAS / SUPERSTAR II K
Flottir klassískir götuskór á börn. Litur: Svartir. Stærðir: 28-38 2/3. Kr. 12.490

## Eitt mesta úrval landsins af skóm





**6.990** (áður 8.690)

ADIDAS / SARASITO
Mjög góðir götuskór á dömur og herra. Dempun í hæl. Litur: Svartir. Stærðir: 38-47. Kr. 6.990



**5.990** (áður 7.690)

NIKE AIR VALIDUS
Þægilegir skór á herra. Hentar vel í léttari hlaup og göngur. Litur: Hvítir. Stærðir: 40 - 45 Kr. 5.990



**5.990** (áður 6.990)

NIKE / AIR PEGASUS GS
Góðir íþróttaskór á börn. Dempun í hæl. Litur: Hvítir. Stærðir: 35,5 - 38,5. Kr. 5.990

INTERSPORT®



**Intersport Smáralind** SÍMI 585 7240 • Mán. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18

## Svona erum við

> Sláttur grassvæða á Akureyri í fermetrum




Heimild: Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** STOFNFRUMURANNSÓKNIR Í BANDARÍKJUNUM

# *Harðar deilur um stofnfrumurannsóknir*

Öldungadeild Bandaríkjaþingsins samþykkti á dögunum frumvarp sem eykur fjárveitingar til rannsókna á stofnfrumum. George Bush, forseti Bandaríkjanna, hefur sagst ætla að beita neitunarvaldi gegn frumvarpinu. Málið hefur vakið hörð viðbrögð, bæði hjá þeim sem segja stofnfrumurannsóknir nauðsynlegar fyrir framþróun í læknavísindum og hjá þeim sem segja rannsóknirnar eyðileggja mannslíf.

**Hvað er að gerast í deilunni?**
Öldungadeildin samþykkti þrjú mismunandi frumvörp sem tengjast stofnfrumurannsóknum hinn 18. júlí, þar á meðal frumvarpið umdeilda sem Bush hefur hótað að stöðva. Hin frumvörpin tvö snerust annars vegar um rannsóknir á stofnfrumum sem koma ekki úr fósturvísum og hins vegar bann á ræktun fósturvísa til stofnfrumurannsókna.



**Hvað segir Bush?**
Þótt Bush sé fylgjandi rannsóknum á stofnfrumum fullorðinna segir hann að notkun efna úr fósturvísum sé allt annað mál. Í hans augum eigi skattpeningum ekki að vera varið í „vísindi sem eyðileggja líf til þess að bjarga lífi“. Árið 2001 lýsti hann því yfir að fjármagn frá alríkisstjórninni bærist aðeins rannsóknarstofnunum sem notuðu stofnfrumur sem þegar væru til.

**Hvað segja andstæðingar hans?**
Stuðningsmenn rannsókna á stofnfrumum úr fósturvísum segja að mannslífinu sé sýnd virðing með því að nota tæknina til að finna lækningu við sjúkdómum. Margir þeirra viðurkenna að þörf sé á ströngu eftirliti með rannsóknum en segja núverandi hömlur vera hugsjónalegs eðlis. Í seinustu forsetakosningum í Bandaríkjunum lofaði John Kerry, frambjóðandi demókrataflokksins, að yrði hann kosinn myndi hann gera stofnfrumurannsóknir að forgangsatriði í ríkisstofnunum, háskólum og læknasamfélaginu.

## SPURT OG SVARAÐ
GAMLA ÁBURÐARVERKSMIÐJAN

### *Listamenn og heildverslun*

Á þriðjudag kviknaði eldur í skemmu rétt við gömlu Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi, skemmu sem Íslenska gámaþjónustan hafði til umráða. Jón Frantzson er framkvæmdastjóri Íslenska gámafélagsins.



JÓN FRANTZSON FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGSINS

**Hve langt er síðan áburðarframleiðslunni var hætt?**
Það er á bilinu 4 til 6 ár síðan. Það er engin áburðarframleiðsla á landinu í dag. Áburðarframleiðslan er samt til, þessi gamla góða. Hún flytur inn áburð.
**Hver á húsnæðið?**
Reykjavíkurborg á húsnæðið og við leigjum það af henni. Svo framleigjum við það til ýmissa aðila. Hér er stálsmiðja, heildverslun, listamenn og margt fleira.
**Á húsnæðið að standa áfram?**
Ekki um ókomna tíð. Hér er blómleg starfsemi í flestum húsum, þannig að það stendur ekki til að rífa þetta á næstu tveimur til fjórum árum, held ég. Þarna á í framtíðinni að rísa blönduð byggð, íbúðar- og iðnaðarbyggð.




# Óþekktir hryðjuverkamenn vekja ótta

**Indverjar reyna nú að finna meiningu í árás hryðjuverkamanna á lestakerfi Mumbai, sem varð yfir 200 manns að bana í síðustu viku. Tengja þeir árásina óhjákvæmilega við aðrar svipaðar sem framdar hafa verið á síðustu mánuðum.**



**MINNINGARATHÖFN HALDIN** Fjöldi fólks minntist þeirra sem fórust í hryðjuverkum í Mumbai á Indlandi hinn 11. júlí. Minningarathöfnin var haldin um allt Indland á þriðjudag, viku eftir árásirnar. Þetta var þriðja stóra sprengjuárásin á Indlandi á tíu mánuðum, en enginn hefur verið ákærður í tengslum við þær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á síðustu tíu mánuðunum hafa þrjár vel skipulagðar sprengjuárásir orðið yfir 275 manns að bana í þremur borgum Indlands. Þrátt fyrir gríðarmikla rannsókn hafa yfirvöld ekki ákært neinn vegna hryðjuverkanna, og þær ábyrgðaryfirlýsingar sem komið hafa teljast ótrúverðugar.

Jafnframt virðist erfitt að finna ástæðu fyrir sprengjunum.

Forsætisráðherrann Manmohan Singh segir líklegt að ástæðan liggi í uppsveiflunni sem nú ríkir í Indlandi og segir öfgahópa vilja koma í veg fyrir að Indverjar verði ein valdamesta þjóð heims.

Aðrir segja hryðjuverkasamtök reyna að vekja óöld milli hindúa og múslima, og enn aðrir telja sökina liggja hjá pakistönskum múslimum sem hafa lengi barist fyrir aðskilnaði Kasmír-héraðs frá Indlandi. Þar ber einna hæst samtökin Lashkar-e-Tajba.

### Sprengingarnar

Sprengingarnar í síðustu viku ollu miklum áhyggjum á alþjóðavettvangi og sendu fjölmargar þjóðir samúðarkveðjur til Indlands. Sjö tímastilltar sprengjur sprungu í lestakerfi Mumbai-borgar (áður Bombay) á háannatíma síðdegis þriðjudaginn 11. júlí og ollu dauða 207 manns, en yfir 800 manns særðust.

Ekki eru nema fjórir mánuðir síðan sprengjur sprungu í helgihúsi í Varanasi, helgustu borg hindúa, og urðu þær tuttugu manns að bana. Þar áður fórust 62 í sprengjuárás á markaði í höfuðborg Indlands, Nýju-Delí, í október 2005.

Undrun vekur að árásirnar eiga það allar sameiginlegt að enginn trúverðugur hópur hefur lýst ábyrgðinni á hendur sér og þó indverska lögreglan hafi yfirheyrt



**SPRENGJUR** Slökkviliðsmaður stendur við eina lestanna sem eyðilögðust í sprengingunum í Mumbai fyrr í þessum mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**KORT AF INDLANDI**
KORTAGRUNNUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA, KORT 4140

hundruð manna, aðallega múslima, hefur enginn verið ákærður.

### Hindúar, múslimar og Kasmír

Flestir Pakistanar eru múslimar, á meðan meirihluti Indverja er hindúar. Hins vegar eru flestir íbúar Kasmír-héraðs múslimar.

Eftir að Bretar höfðu sig á brott frá Indlandi árið 1947 klofnaði landið í Pakistan og Indland í blóðugum átökum. Bæði löndin gerðu tilkall til Kasmír, og skiptu Sameinuðu þjóðirnar því á milli Indlands og Pakistans árið 1949. Hafa löndin tvö svo barist um það síðan.

### Lashkar-e-Tajba

Fjölmargir hátt settir Indverjar hafa sagt árásirnar í síðustu viku bera merki Lashkar-e-Tajba, hóps herskárra múslima sem starfræktur er í Pakistan. Þó hefur indverska ríkisstjórnin ekki lýst ábyrgð á hendur samtökunum, og talsmenn Lashkar-e-Tajba hafa neitað aðild þar að.

Upphaflega var eina takmark meðlima Lashkar-e-Tajba að frelsa Kasmír frá Indlandi, en hópurinn hefur vaxið mikið undanfarin ár og rekur nú bæði munaðarleysingjahæli og æfingabúðir skæruliða.

Samtökin voru bönnuð í Pakistan árið 2001, en leiðtogar hans reyna þó ekki að fara huldu höfði.

Suma fréttaskýrendur grunar að Lashkar-e-Tajba njóti stuðnings al-Kaída samtakanna, sem Osama bin Laden leiðir, og að þeim sé ætlað að færa baráttu al-Kaída yfir til Suður-Asíu. Þó eru engar beinar sannanir fyrir þessu.

### Viðbrögð Indverja

Á þriðjudag, viku eftir árásirnar í Mumbai, höfðu Indverjar tveggja mínútna þögn til að minnast fórnarlambanna. Forsetinn Abdul Kalam leiddi þjóð sína í minningarathöfninni og safnaðist gríðarlegur fjöldi manna á þeim stöðum þar sem árásirnar voru framdar. Fólkið kveikti á kertum, öll umferð stöðvaðist og kvikmyndahús gerðu hlé á sýningum sínum.

Á laugardag og þriðjudag komu tölvupóstsendingar til indverskrar sjónvarpsstöðvar, þar sem sendandinn sagðist vera talsmaður lítt þekktra samtaka herskárra múslima, Lashkar-e-Qahhar eða Ógnarherinn. Sagði hann samtökin bera ábyrgð á sprengingunum í Mumbai.

Í gær sagði lögregla hins vegar ungan dreng frá Bhopal-borg hafa sent skeytin og að hann væri ekki talsmaður samtakanna.

Þessi samtök hafa sagst bera ábyrgð á sprengingunum í Varanasi í mars, en mikill vafi leikur á lögmæti þeirrar yfirlýsingar.

Indversk lögregluyfirvöld hafa sakað hryðjuverkahópa í Pakistan um að bera ábyrgð, en pakistönsk stjórnvöld, sem og viðurkenndir talsmenn ýmissa hópa, þeirra á meðal Lashkar-e-Tajba, hafa neitað þeim ásökunum.

Ljóst er þó að árásirnar og afleiðingar þeirra hafa ekki einfaldað friðarviðræður milli landanna tveggja, né fært nokkra lausn á deilunni um Kasmír.



FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR
smk@frettabladid.is

CITROËN




Frelsið er fætt. Allir fá að heyra það sama úr geislaspilaranum. 3ja punkta belti fyrir alla. Sjálfskiptingin sér um sig. Engin eyðslufrekja. Komdu í Brimborg. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

# Jafnréttið er franskt. Veldu C3.

Barátta Frakka um nýjar hugmyndir, frelsi og betra líf varð að byltingu. Jafnrétti varð til. Líka í hönnun Citroën C3. Frelsið er fætt. Aldrei áður hefur verið smíðaður eins bíll og C3. Nóg rými fyrir alla farþega varð að veruleika. Allir urðu jafn réttháir í sætum með betra útsýni yfir lífið og tilveruna. Skoðaðu búnaðinn í C3. Reynsluaktu. Komdu í nýjan sýningarsal Citroën, Brimborg Bíldshöfða 8. Kynntu þér þjónustu Brimborgar. Spurðu um sóltilboð Citroën.

### Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**




**Citroën C3 SX**
**1,4i 5 dyra, 5 gíra**
Bílasamningur 19.730 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr.
Verð án sóltilboðs 1.629.000 kr.

**sóltilboð**

# 1.599.000 kr.

**Sóltilboð á sjálfskiptum Citroën C3, 1,6i 5 dyra**
**Til viðbótar aðeins 100.000 kr. og þú færð 16" álfelgur í kaupbæti**

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C3:**

- Aksturstölva
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- 4 öryggispúðar
- Loftpúði farþega aftengjanlegur með lykli
- Rafdrifnar rúður framan
- Rafdrifnir útispeglar
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- Upphitanleg sæti
- Armpúðar á framstólum
- Velti- og aðdráttarstýri
- Geislaspilari með fjarstýringu við stýri
- Fjarstýrð samlæsing
- Stillanleg hraðaaðvörun

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C3 t.d.:**

- Álfelgur 14", 15" og 16"
- Leðuráklæði
- Vindskeið
- Dráttarkrókur
- Sílsahlífar
- Þokuljós að framan
- Hraðastillir
- 5 diska geislaspilari
- Sóllúga
- Vindhlífar á glugga
- Bakkskynjari



Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Skoðaðu Citroën á sóltilboði í nýjum sýningarsal. Bíldshöfða 8.



**Citroën C1 SX 1,0i 3 dyra 5 gíra 68 hö***
Bílasamningur 16.669 kr.
Rekstrarleiga 26.800 kr.
Sóltilboð 1.355.000 kr.
Verð án sóltilboðs 1.395.000 kr.



**Citroën C2 VTS 1,6i 3 dyra 5 gíra 125 hö***
Bílasamningur 21.455 kr.
Rekstrarleiga 33.600 kr.
Sóltilboð 1.749.000 kr.
Verð án sóltilboðs 1.849.000 kr.



**Citroën C3 SX 1,4i 5 dyra 5 gíra 75 hö***
Bílasamningur 19.730 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr.
Sóltilboð 1.599.000 kr.
Verð án sóltilboðs 1.629.000 kr.



**Citroën C4 COUPÉ VTR 1,6i 3 dyra 5 gíra 110 hö***
Bílasamningur 22.559 kr.
Rekstrarleiga 34.300 kr.
Sóltilboð 1.839.000 kr.
Verð án sóltilboðs 1.919.000 kr.



**Citroën C4 SALOON 1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö***
Bílasamningur 22.928 kr.
Rekstrarleiga 34.900 kr.
Sóltilboð 1.869.000 kr.
Verð án sóltilboðs 1.949.000 kr.



**Citroën Xsara Picasso Excl. 2,0i 5 dyra sjálfskiptur 137 hö***
Bílasamningur 28.205 kr.
Rekstrarleiga 42.700 kr.
Sóltilboð 2.299.000 kr.
Verð án sóltilboðs 2.399.000 kr.



**Citroën C5 X 1,8i 5 dyra 5 gíra 117 hö***
Bílasamningur 25.990 kr.
Rekstrarleiga 39.900 kr.
Sóltilboð 2.119.000 kr.
Verð án sóltilboðs 2.219.000 kr.



**Citroën C5 SX 2,0i Station sjálfskiptur 143 hö***
Bílasamningur 31.886 kr.
Rekstrarleiga 48.600 kr.
Sóltilboð 2.599.000 kr.
Verð án sóltilboðs 2.699.000 kr.



**Citroën Berlingo Multispace 1,6 dísil 5 dyra 5 gíra 90 hö***
Bílasamningur 22.068 kr.
Rekstrarleiga 34.900 kr.
Sóltilboð 1.799.000 kr.
Verð án sóltilboðs 1.889.000 kr.




Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til vinstri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.

**Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.**




brimborg
Öruggur staður til að vera á




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. Aukabúnaður á mynd af C3 eru álfelgur, þokuljós og samlitun. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.450 **-0,34%** **Fjöldi viðskipta:** 116 **Velta:** 811 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **KB banki** | 0,96% | **Alfeska** | 1,17% |
| **Glitnir** | 0,60% | **Bakkavör** | 0,62% |
| **Atorka** | 0,48% | **Straum.-Bur.** | **0,60%**x,xx% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,00 +0,48% ... Alfesca 4,23 -1,17% ... Atlantic Petroleum 585,00 +0,17% ... Atorka 6,23 +0,48% ... Avion 33,10 +0,00% ... Bakkavör 48,40 -0,62% ... Dagsbrún 5,58 -0,36% ... FL Group 16,50 -0,60% ... ... Glitnir 16,80 +0,60% ... KB banki 737,00 +0,96% ... Landsbankinn 21,10 -0,47% ... Marel 73,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,10 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,50 -0,60% ... Össur 112,50 -0,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Vilja frekar „specialöl“

Næststærsta bruggverksmiðja Danmerkur, Royal Unibrew, sem er að rúmlega tuttugu prósenta hlut í eigu FL Group, hefur hafið stórsókn gegn Carslberg, sem hefur svo lengi sem elstu menn muna verið ráðandi á dönskum ölmarkaði og hefur nú um fjörutíu prósenta markaðshlutdeild. Sókninni er aðallega beint að markaði með innfluttar eðalbjórtegundir en Danir virðast í ríkari mæli vilja erlendan eðalbjór, „specialöl“, á kostnað hinna rótgrónu dönsku bjórtegunda; Tuborg og Carlsberg. Neysla hefðbundins dansks öls hefur snarminnkað síðustu ár á meðan neysla „fínni“ bjórtegunda hefur aukist um þrjátíu prósent það sem af er ári. Næsta skref Royal Unibrew og FL Group væri væntanlega að opna sérverslun með öl hér á landi, ef ekki væri fyrir einokun ríkisins á því sviði.




### Stefnufesta í Straumi

Á markaði er pískrað um að Lífeyrissjóður verslunarmanna hafi ekki farið mikla frægðarför í tengslum við átök í Straumi. Þar er þó að finna samúð með spurningu Víglundar Þorsteinssonar um starfslok forstjóra. Á það er bent að uppgjör Straums hafi verið gott og að ekki sé nein merki að finna um það að stefna fyrirtækisins sé önnur en sú sem fyrrverandi forstjóri framfylgdi. Rótanna sé því að leita annars staðar og þá líklega í því að samband forstjórans við fyrrverandi hluthafa í Straumi hafi einfaldlega verið of gott.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Kaupþing banki mun birta afkomu sína á fyrri helmingi ársins 2006 miðvikudaginn 26. júlí, fyrir opnun markaða. Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn sama dag í höfuðstöðvum Kaupþings banka.

Aðilar að samningum um kaup og sölu á hlutum í Straumi-Burðarási, sem tilkynnt var um 28. júní síðastliðinn, hafa náð samkomulagi um að færa frágang viðskiptanna frá 20. júlí til 4. ágúst næstkomandi. Engin breyting verður á skilmálum viðskiptanna, öðrum en tímasetningu á afhendingu hlutanna.

Skráð hefur verið hlutafjárhækkun Dagsbrúnar hf. um 85.000.000 hluti sem tilkynnt var um hinn 14. júlí síðastliðinn. Skráðir hlutir félagsins á Aðallista Kauphallar Íslands eftir hækkunina eru nú 6.014.871.824.



**IÐNAÐARMENN AÐ VERKI** Litla verðlækkun á íbúðarhúsnæði þarf til þess að óhagkvæmt verði að byggja.

# Lítill munur á því að kaupa og byggja

Tiltölulega litla verðlækkun þyrfti til þess að ekki yrði lengur hagkvæmt að byggja íbúðarhúsnæði í stað þess að kaupa. Greiningardeild Glitnis banka gerði lauslega könnun meðal verktaka sem leiddi í ljós að þeir myndu að meðaltali taka um 200 þúsund krónur á fermetrann til að byggja sérbýli á höfuðborgarsvæðinu. Það er ekki fjarri markaðsvirði sérbýlis, sem er á bilinu 200 til 240 þúsund krónur á fermetrann um þessar mundir, miðað við höfuðborgarsvæðið.

Hagstofan birti í gær vísitölu byggingarkostnaðar og hækkaði hún um 4,14 prósent frá því í júní. Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningardeildar Glitnis, segir að auk almennrar þenslu í hagkerfinu megi að langmestu leyti rekja þessa miklu hækkun til endurskoðaðra kjarasamninga iðnaðarmanna og verkafólks. Hækkuðu laun, sem vega þyngst í byggingarvísitölunni, um 8,1 prósent. - hhs

# Óbreyttir stýrivextir í Bretlandi

Allir sjö meðlimir peningamálanefndar Englandsbanka voru fylgjandi óbreyttum stýrivöxtum í landinu á fundi nefndarinnar í gær. Stýrivextir í Bretlandi standa nú í 4,5 prósentum og hafa verið óbreyttir í ellefu mánuði.

David Walton, einn meðlimanna, sem lést í lok síðasta mánaðar, var sá eini sem studdi hækkun vaxtanna. Meðlimir nefndarinnar eiga að vera níu en hafa verið sjö í kjölfar bæði andláts Waltons og brotthvarfs annars meðlims hennar. Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, skipaði nýja menn í nefndina í síðustu viku og taka þeir sæti í henni síðar á árinu. - jab

# Metfjöldi í vinnu

Starfandi fólki fjölgaði um 7.800 á öðrum fjórðungi 2006 frá sama tíma fyrir ári, samkvæmt nýjustu mælingum Hagstofunnar. Voru 171.600 starfandi af 178.700 manns á vinnumarkaði, sem jafngildir 85,1 prósents atvinnuþátttöku. Samkvæmt Morgunkorni Glitnis banka hafa aldrei fleiri verið starfandi á vinnumarkaði. Þar segir að af öllum löndum OECD sé þetta hlutfall einungis hærra í Sviss.

Tölur Hagstofunnar sýna að fjögur prósent vinnuaflans, eða um 7.200 manns, voru að meðaltali án vinnu á öðrum ársfjórðungi. Er það nokkur aukning frá fyrsta ársfjórðungi þegar 2,4 prósenta atvinnuleysi mældist. Nýlegar tölur Vinnumálastofnunar gefa hins vegar til kynna 1,3 prósenta atvinnuleysi fyrir sama tímabil. Þessi munur á sér eðlilegar skýringar samkvæmt Morgunkorninu þar sem skilgreining atvinnuleysis í könnun Hagstofunnar er mjög ólík mælingu Vinnumálastofnunar. Meirihluti þeirra sem mælast atvinnulausir samkvæmt Hagstofunni eru þannig námsmenn í atvinnuleit, sem skýrir jafnframt að miklu leyti aukninguna milli ársfjórðunga. - hhs



**VINNANDI MAÐUR** Iðjuleysi er rót mikils vanda. Atvinnuleysi á Íslandi er með minna mót, en merkir eru um að úr þenslu á vinnumarkaði hafi dregið.

# 75 prósenta samdráttur íbúðalána

**Íbúðalán viðskiptabankanna hafa dregist gríðarlega mikið saman síðan þeir hófu innreið sína á lánamarkað. Helstu orsakir eru versnandi efnahagsástand, hægari fasteignamarkaður og óhagstæðari lánsskilyrði. Sérfræðingur spáir því að leigumarkaðurinn taki við sér.**

Íbúðalán viðskiptabankanna hafa dregist saman úr tæpum 34,4 milljörðum króna á mánuði, þegar mest var í október 2004, í 7,5 milljarða í maí síðastliðnum, samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Samdrátturinn nemur sjötíu og fimm prósentum.

Nýjum íbúðalánum bankanna hefur fækkað úr rúmlega þrjú þúsund í tæplega átta hundruð á sama tímabili. Tólf mánaða lækkun nemur sextíu prósentum. Markaðshlutdeild bankanna á íbúðalánamarkaði er nú fjörutíu og fimm prósent, Íbúðalánasjóðs litlu minni og lífeyrissjóðanna um tólf prósent.

Vala Pálsdóttir, upplýsingafulltrúi Glitnis, segir þrjá meginþætti valda því að íbúðalán bankans hafi dregist saman; í fyrsta lagi hafi hægst á hjólum efnahagslífsins og eðlilegt að fólk haldi að sér höndum þegar kemur að stórum fjárfestingum. Þá hafi hægst á fasteignamarkaði síðan bankarnir fóru fyrst inn. Síðast en ekki síst hafi vaxtahækkanir orðið til þess að dregið hafi úr eftirspurn eftir íbúðalánum. „Við finnum fyrir þessum samdrætti eins og allir aðrir. Það var mikil gróska hérna þegar bankarnir fóru inn á íbúðalánamarkað og svo virðist sem nú séu að koma fram ákveðin mettunaráhrif.“

Þrengri lánsskilyrði og erfiðari markaðsaðstæður vegna hærri raunvaxta og lægra lánshlutfalls eru helstu orsakir samdráttar íbúðalána, að mati Magnúsar Árna Skúlasonar, forstöðumanns Rannsóknarseturs í húsnæðismálum við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

Hann segir markaðinn leita í jafnvægi eftir sprenginguna sem varð þegar bankarnir hófu innreið sína á íbúðalánamarkað í ágúst 2004. „Þá verða skilyrðin mun hagstæðari og eftirspurnin eykst gríðarlega. Svo þegar allir eru búnir að skipta um húsnæði, liggur við einu sinni, er ekki nema eðlilegt að hægist á og markaðurinn leiti í jafnvægi.“

Árni segir að spennandi verði að fylgjast með leigumarkaðnum á næstunni. „Það getur vel farið svo að fólk leiti í auknum mæli eftir leiguhúsnæði. Mér finnst ekki ólíklegt að leigumarkaðurinn taki við sér.“

jsk@frettabladid.is



**101 SKUGGAHVERFI** Íbúðalán viðskiptabankanna námu 34,4 milljörðum króna á mánuði þegar mest lét. Síðan hafa þau dregist saman um sjötíu og fimm prósent. Sérfræðingur segir samdráttinn eðlilega afleiðingu þrengri lánsskilyrða og erfiðra markaðsaðstæðna.

# Hannes kosinn varaformaður stjórnar Straums Burðaráss

Björgólfur Thor Björgólfsson er áfram formaður stjórnar Straums Burðaráss fjárfestingarbanka, en Hannes Smárason var kjörinn varaformaður bankans þegar stjórnin skipti með sér verkum. Stjórnin var sjálfkjörin á hluthafafundi í gær, en auk þeirra tveggja eru Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, Eggert Magnússon og Birgir Már Ragnarsson kjörnir í stjórnina.

Varaformennska Hannesar þykir benda til þess að vilji sé til þess að stærstu hluthafar bankans verði samstíga um að efla hann til frekari sóknar. Straumur skilaði uppgjöri yfir væntingum við erfiðar markaðsaðstæður.

Forstjóra félagsins var sagt upp störfum og vildi Víglundur Þorsteinsson, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna, spyrjast fyrir um ástæður þess að svo fór, sérstaklega í ljósi góðrar afkomu bankans.

Pétur Guðmundarson fundarstjóri heimilaði ekki fyrirspurn Víglundar þar sem skýrt er kveðið á um það í samþykktum félagsins að slíkar fyrirspurnir þurfi að berast viku fyrir hluthafafund. Þau skilyrði voru ekki uppfyllt. Víglundur lét bóka mótmæli við því sem hann kallaði ofríki fundarstjóra. - hh



**SJÁLFKJÖRIÐ Í STJÓRN** Stærstu fjárfestar landsins voru sjálfkjörnir í stjórn. Verkaskipting stjórnarinnar er þannig að fulltrúar stærstu hluthafa gegna formennsku og varaformennsku.

# TILBOÐ

# ACER 5601




| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | 1.6GHz Intel Core Duo T2050<br>Intel 945PM Express 533FSB-2M |
| **Minni** | 1GB Dual DDR2 533MHz<br>Einfalt að stækka minnið |
| **Harðdiskur** | 80GB 5400RPM Ultra ATA<br>5400RPM hraður harðdiskur |
| **Skrifari** | 8xDVD±RW DL skrifari<br>Skrifar DVD diska og CD-RW |
| **Skjár** | 15,4" WXGA WideScreen skjár<br>Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| **Skjákort** | 128MB ATI Radeon X1300<br>Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út |
| **Hátalarar** | Hljóðkerfi með 2 hátölurum<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Netkort** | Gigabit 10/100/1000 netkort<br>Einnig innbyggt 56k mótald |
| **Þráðlaust** | 54Mbps þráðlaust netkort<br>Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| **Stýrikerfi** | Windows XP Home - SP2<br>Á íslensku eða ensku |
| **Annað** | Vefmyndavél og kortalesari<br>Hvoru tveggja innbyggt í tölvu |

## ACER 5601AWLMi 1.6GHz DUO T2050 FERÐAVÉL

**INTEL CORE DUO**
Intel Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða

**15,4" CRYSTALBRITE**
Nýjasti 15,4" WXGA CrystalBrite skjárinn, 16ms viðbragðstími með ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD± SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**128MB ATI X1300**
Nýjasta PCI-E 16X ATI skjákortið með sjálfstætt 128MB minni og möguleika á 512MB HyperMemory

**KORTALESARI**
Acer 5601 kemur með 5 í 1 kortalesara fyrir öll helstu minniskort úr stafrænum myndavélum

**VEFMYNDAVÉL**
1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika

VL15 * Samtals kr. 149.993 **9.660**

# VERÐ 144.900

## ACER 5102WLMi




VL12 • Samtals kr. 124.114 **9.992**

1.6GHz AMD Turion64 X2 TL50 Dual Core Mobile örgjörvi 1GB DDR2 minni • 80GB 5400RPM Ultra harðdiskur 8xDVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár 128MB ATI Radeon X1100 PCI-E 16X skjákort • Þráðlaust netkort 5.1 kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 119.900**

## ACER 5672AWLMib




VL18 • Samtals kr. 186.223 **9.994**

1.73GHz Intel Core Duo T2250 örgjörvi með 2MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 minni • 120GB SATA 5400RPM harðdiskur Slot 8xDVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár 128MB ATI Radeon X1600 PCI-E 16X skjákort • Gigabit netkort Innbyggt Bluetooth • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 179.900**

## ACER 1642ZWLMi




VL12 • Samtals kr. 93.060 **7.492**

1.7GHz Intel Pentium M Dothan735 512MB DDR2 minni • 60GB harðdiskur 8xDVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite 64MB GMA900 skjákort • Þráðlaust net Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 89.900**

## HP NX6125



1.8GHz Mobile AMD Sempron 3100+ 512MB DDR minni • 60GB harðdiskur DVD±RW skrifari • 15" SXGA skjár 128MB ATI Radeon X300 skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 109.900**

## MSI M645 - 1

SEINUSTU EINTÖKIN 20.000 LÆKKUN




VL12 • Samtals kr. 134.466 **10.825**

1.73GHz Intel Pentium M Dothan740 1GB DDR minni • 100GB harðdiskur 8xDVD skrifari • 15.4" WXGA ColorBrite skjár • 128MB Geforce Go6600 skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 129.900**

## IBM Z60 - A

SEINUSTU EINTÖKIN 20.000 LÆKKUN




VL12 • Samtals kr. 165.520 **13.325**

2.0GHz Intel Pentium M Dothan760 1GB DDR2 minni • 100GB harðdiskur DVD±RW skrifari • 15.4" WSXGA skjár • 128MB Intel GMA900 skjákort Windows XP PRO á íslensku eða ensku

**VERÐ 159.900**

Öll verð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

MasterCard VISA

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Vísa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántöku-gjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

**TÖLVULISTINN**
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK**
Nóatúni 17
Sími 562 6730

**AKUREYRI**
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

**NEYTENDAVENJUR**
> Kaffidrykkja Íslendinga í tonnum




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** SÆVAR ÞÓR GÍSLASON

## *Tónlistin gerir skokkið skemmtilegra*

„Ég held að það hljóti að vera iPodinn minn,“ segir Sævar Þór Gíslason knattspyrnumaður spurður um bestu kaup sem hann hefur gert á ævinni. „Þetta er svona lítill iPod Nano sem ég keypti úti í Bandaríkjunum í desember, ég nota hann mjög mikið þegar ég er úti að hlaupa. Áður en ég keypti hann hlustaði ég ekki á neitt meðan ég var að hlaupa, það liggur við að það sé orðið gaman núna,“ segir hann og hlær.



Verstu kaupin segir hann vera bláa silkiskyrtu sem hann fann á Indlandi. „Ég var á ferð með landsliðinu og ákvað að fjárfesta í einni svona skyrtu því þetta þótti voða flott þarna úti. Ég hef ekki klæðst henni einu sinni síðan ég kom heim. Þetta var skyrta úr ekta silki, ekkert rosalega dýr. Keypti hana í silkiverslun sem við rákumst á á röltinu. Hún þótti ekki mjög flott þegar heim var komið, og hefur verið inni í fataskáp síðan.“

Hann nefnir líka sófasettið sitt sem ein bestu kaup sem hann hefur gert. „Ég keypti það fyrir fjórum árum á ekkert sérstaklega mikinn pening. Þetta er hins vegar þægilegasti sófi sem ég hef nokkurn tímann setið í. Maður slakar alveg fullkomlega á í honum og það er erfitt að standa upp. Ég á vini mínum Finni Kolbeins mikið að þakka fyrir hann, en hann benti mér á sófann.“

Sævar spilar með meistaraflokki Fylkis í knattspyrnu. Hann segist ekki þurfa að borga fyrir fótboltaskóna, annars hefði hann líklega nefnt þá sem bestu kaup.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### TANNKREM Í KAFFIBOLLA

■ *Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir alþingismaður segir tannkrem gera kaffibollana hvíta að nýju.*



Satt best að segja luma ég á nokkrum húsráðum og það elsta er sennilega það að setja brauð í púðursykurinn til að mýkja hann en þetta er húsráð sem ég hef notað síðan ég hóf búskap. Annað húsráð er að nota tannkrem sem gerir tennurnar hvítari til að gera kaffibollana hvíta aftur, en þeir litast oft með tímanum af te og kaffi. Ef þetta ráð dugar ekki er gott ráð að setja ræstiduft í bollana og setja þá síðan í uppþvottavélina.

■ **Hvað kostar... í sund?**

## Misjafn aðgangseyrir eftir bæjarfélögum

Að fara með fjölskylduna í sund getur kostað sitt, en aðgangseyririnn er mismunandi eftir því hvar sundlaugin er. Allar sundlaugar í Reykjavík eru með eitt verð, 280 krónur fyrir fullorðna og 120 krónur fyrir börn sex til sextán ára. Í Sundlaug Kópavogs kostar það sama, en þar borga börnin barnagjald til átján ára aldurs. Úti á landi virðist örlítið dýrara að synda, í Sundlaug Akureyrar borgar fullorðinn 310 krónur fyrir aðgangsmiðann en barn 150 krónur, og í Sundlaug Eskifjarðar kostar 300 krónur fyrir fullorðinn en 150 krónur fyrir barn. Einna ódýrast er í Sundlaug Garðabæjar, en þar borga fullorðnir ekki nema 200 krónur og börn 100 krónur.



■ **Verslun og þjónusta**

## Verð á nikótíntyggjói hækkar

Verð á Nicotinell nikótíntyggjói hækkaði um 25 prósent hinn 1. júlí síðastliðinn. Að sögn Arnmunds Jónassonar, sölu- og markaðsstjóra hjá Icepharma sem flytur vöruna inn, er um síðbúna hækkun að ræða vegna gengis krónunnar. Reynt hafi verið að halda verðinu óbreyttu sem lengst en með versnandi gengi íslensku krónunnar gagnvart hinni dönsku hafi fyrirtækið ekki séð sér annað fært en að hækka verðið. Arnmundur segir sambærilegar vörur á markaðnum hafa hækkað svipað mikið undanfarið, sú hækkun hafi farið fram jafnt og þétt en ekki í einu stökki. Í Lyfju kostar 24 stykkja pakki af Nicotinell-nikótíntyggjói 715 krónur. 84 stykkja pakkinn er á 2.428 krónur og 204 stykkja pakki kostar 5.056 krónur.

■ **Verslun og þjónusta**

## Silungur, rósir og næpusalat í Mosfellsdal



Bændur í Mosfellsdal og nærsveitum opna markað í Mosskógum í Mosfellsdal á laugardaginn og verður hann opinn alla laugardaga fram í september. Þetta er í áttunda skiptið sem markaðurinn er haldinn og hefur verið mikil ánægja með hann, að sögn Gísla Jóhannssonar, rósabónda í Dalsgarði. Á markaðnum er lögð áhersla á lífrænt ræktað grænmeti, svo sem næpusalat, klettasalat, svartkál, gulrætur, papriku og grænkál. Einnig eru rabarbari, rósir og silungur, bæði nýr og reyktur, á boðstólum á þessum fjölbreytta og holla markaði. Hugmyndin er að fólk komi bæði til að versla og spjalla en boðið er upp á kaffi og kökur og hægt að sitja úti í veðurblíðunni, ef einhver er.






# Færa viðskiptavini á milli fyrirtækja

**Ekki þarf undirskrift netnotanda til að færa hann á milli fyrirtækja en borið hefur á að viðskiptavinir séu færðir án samþykkis þeirra. Skoðað er hvort skerpa þurfi á reglum, segir forstöðumaður eftirlitsdeildar Póst- og fjarskiptastofnunar.**



**NETNOTANDI Á HEIMILI SÍNU** Séu neytendur óánægðir með þjónustu fyrirtækja á fjarskiptamarkaði geta þeir snúið sér til Póst- og fjarskiptastofnunar, sem er samkvæmt lögum skylt að gæta hagsmuna neytenda. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nokkuð hefur borið á kvörtunum frá notendum netþjónustu yfir því að vera færðir að þeim forspurðum á milli fyrirtækja á fjarskiptamarkaði, sem eru Síminn, Og Vodafone og Hive. Slíkt hefur gerst með þeim hætti að notandi fær símtal frá fyrirtæki sem býður þjónustu sína og í kjölfarið er notandinn færður yfir til viðkomandi fyrirtækis jafnvel þótt hann hafi ekki viljað skipta um fyrirtæki. Öll fyrirtækin þrjú staðfesta að notandi hjá þeim hafi verið færður yfir til annars fyrirtækis.

Samkvæmt reglum Póst- og fjarskiptastofnunar þarf ekki undirskrift notanda til að færa hann á milli fyrirtækja heldur er nóg að fyrirtækið sjálft óski eftir því. Það er á ábyrgð fyrirtækisins að samþykki notanda liggi fyrir, að sögn Sigurjóns Ingvarssonar, forstöðumanns eftirlitsdeildar Póst- og fjarskiptastofnunar. „Ef neytandi er færður milli fyrirtækja með þessum hætti getur hann kvartað til fyrirtækisins beint og beðið um að vera færður til baka eða kvartað til okkar.“ Sigurjón segir að ekki hafi verið gerð úttekt á fjölda kvartananna sem Póst- og fjarskiptastofnun hafi borist en þær séu nokkrar.

„Hugsanlega tínum við þetta saman núna og tökum stöðuna á þessu.“

Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir að skýrar reglur skorti um hvaða verklag sé viðhaft þegar ADSL-þjónustu sé sagt upp hjá einu fyrirtæki og ný áskrift skráð hjá öðru. „Ljóst er að þörf er á skýrri reglusetningu af hálfu stjórnvalda um það til þess að koma megi í veg fyrir að notendur verði fyrir ónæði.“

Gísli Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Og Vodafone, segir núverandi kerfi hafi virkað vel hingað til. „En það komu upp nokkur svona tilvik í upphafi árs sem sneru að Hive. Það mál er í skoðun og við trúum ekki öðru en að um misskilning hafi verið að ræða.“

Arnþór Halldórsson, framkvæmdastjóri Hive, segir þessi tilvik heyra til undantekninga. „Algengasta orsök mistaka í dag er að upplýsingar skolist til en það þarf að koma á betri samskiptum milli fyrirtækjanna til að koma í veg fyrir að mannleg mistök geti valdið svona óþægindum.“

Aðspurður af hverju reglur séu ekki strangari þannig að undirskrift notanda þurfi til að færa hann á milli fyrirtækja segir Sigurjón að hugsunin hafi verið að einfalda nýjum fyrirtækjum að komast inn á markaðinn. „Það er ákveðinn þröskuldur að þurfa uppáskrift hjá kúnnanum. En það verður að meta það í ljósi reynslunnar hvort hægt sé að treysta fyrirtækjum til þess.“ Sigurjón segir að tekið verði til skoðunar á næstunni hvort ástæða sé til að skerpa á reglunum.

**sdg@frettabladid.is**

**MATUR OG NÆRING** ÁGÚST ÓSKAR SIGURÐSSON MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Þróun á drykkjarvörumarkaðnum

Ekki hefur farið framhjá mörgum að sífellt fleiri eru farnir að huga betur að eigin heilsu og mataræði. Á drykkjarvörumarkaðnum hefur þessi þróun lýst sér á þann veg að neyslan er að færast frá sykruðum drykkjum í átt að orkusnauðari drykkjum, sykurskertum eða sykurlausum. Einnig hefur ásókn í vítamínbætta drykki aukist.

Á íslenskum matvörumarkaði má finna mikinn fjölda mismunandi svaladrykkja auk hreinna safa. Þessa drykki má í grófum dráttum flokka í:

1. Sykraða gos- og svaladrykki.
2. Sykurskerta og sykurlausa drykki
3. Vatnsdrykki, stundum bætta vítamínum eða steinefnum.

Í matvöruverslunum er safnað upplýsingum um sölu þessara drykkja sem og annarra matvara. Samkvæmt þeim upplýsingum hefur sala þessara drykkja þróast á eftirfarandi hátt á síðustu árum. Þannig hefur sala á sykruðum drykkjum minnkað um rúm tuttugu prósent en sala sykurlausra og sykurskertra drykkja aukist um tæp sjö prósent og sala vatnsdrykkja um fjórtán prósent á þessu þriggja ára tímabili. Árið 2005 má segja að ákveðin vatnaskil hafi orðið á þessum markaði þegar sykraðir drykkir fóru niður fyrir fimmtíu prósenta markaðshlutdeild. Athygli vekur hve mikið sala á kolsýrðu vatni og vatnsdrykkjum með vítamínum hefur aukist síðastliðin þrjú ár. Nemur hlutdeild þessara drykkja nú þriðjungi af drykkjarvörumarkaðnum og fer vaxandi.

Drykkjarvöruframleiðendur hafa leitast við að verða við eftirspurn eftir þessum drykkjum, meðal annars með því að þróa vítamínbætta drykki. Þá er sérstaklega haft að leiðarljósi að bæta í drykkina vítamínum sem eru af skornum skammti í fæði Íslendinga, samkvæmt neyslukönnunum.

Fram að þessu hafa engar reglur verið til um vítamínbætingu á Íslandi en nýverið setti umhverfisráðherra reglugerð sem bannar alla vítamínbætingu matvæla nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt henni þarf að sækja um leyfi í hvert sinn sem áformað er að setja á markað vítamínbætta vöru. Einnig eru í reglugerðinni ákvæði um að sækja þurfi um leyfi fyrir allar vítamínbættar vörur sem þegar eru hér á markaði. Engar samræmdar reglur gilda um þessi mál í Evrópu, sem gerir vöruflæði milli landa flókið, en gert er ráð fyrir að Evrópusambandið setji samræmdar reglur um vítamínbætingu fyrir lok þessa árs. Mjög brýnt er orðið fyrir alla sem að þessum málum koma að settar séu um þau skýrar reglur bæði framleiðendum og neytendum til hagsbóta.

**www.mni.is**

Greinin er endurbirt vegna tæknilegra mistaka sem voru gerð við vinnslu hennar í síðustu viku.

| Ár | Hlutfall sykraðra | Hlutfall sykurskertra eða sykurlausra | Hlutfall vatnsdrykkja, með eða án vítamína | Alls |
|---|---|---|---|---|
| 2004 | 59,3 | 23,1 | 17,6 | 100 |
| 2005 | 48,7 | 27,2 | 24,1 | 100 |
| 2006 | 38,6 | 29,9 | 31,5 | 100 |


2 fyrir 1
þú færð í kaupbæti alveg eins vöru og þú kaupir
Gelert
2 fyrir 1
Trefill, húfa og hanskar
svart, flís
Gelert
2 fyrir 1
Adrenalin pakki
bakpoki m/poka fyrir vökva,
utanáliggjandi rör og skeiðklukku
Gelert
2 fyrir 1
Bakpoki 10 ltr svefnpoki og vasaljós
blátt, bleikt
Gelert
Handpumpa
2 fyrir 1
Gelert
Vindsæng einföld
Gelert
2 fyrir 1
Sett af stútum fylgir,
12V breytir fyrir bíla
Rafmagnspumpa
pumpar og tæmir, 240VAC
Gelert
Tryfan 300 svefnpoki
80 cm x 230 cm, 1,7 kg, -5°C
2 fyrir 1
Fire friend
ferðagasgrill
• Grillflötur: 40 x 26 cm
• Hæsta stilling: 3 Kw
• Eyðsla: 250 g á klst.
• Virkar bæði með butan- og propangasi
• Hitasteinar fylgja með
• ÞRÝSTIJAFNARI FYLGIR EKKI MEÐ
2 fyrir 1
Gelert
2 fyrir 1
2 fyrir 1
2 fyrir 1
Gelert
Göngustafir
Rambler pakki
bakpoki 22 ltr.,
500 ml brúsi
og sjónauki
Útilegustóll
útilegustóll m/glasahaldara
Gelert
2 fyrir 1
Höfuðlukt
Gelert
2 fyrir 1
Stálkrús
400 ml
Gelert
2 fyrir 1
Kokkasett
ryðfrítt stál, 7 hlutir í setti
Gelert
2 fyrir 1
Brauðrist
4ra sneiða
Gildir til 24. júlí eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Umgengni lýsir innri manni og ekki víst að okkur líki vel sú lýsing.

## Við erum óttalegir sóðar

Í Reykjavík er sennilega meira rusl en í mörgum milljónaborgum erlendis. Hér er reyndar miðað við höfðatölu mest af ýmsu öðru, en þarna er á ferðinni lítt eftirsóknarvert höfðatölumet.

Nýr meirihluti í Reykjavík stendur nú fyrir átaki til að bæta umhverfið í borginni og fá borgarbúa til að taka til hendinni og bæta umgengni sína í kjölfar þess. Reglulega hefur verið vakin athygli á umgengni og er þess skemmst að minnast þegar síðasti meirihluti í borginni skar upp herör gegn tyggjóklessum á gangstéttum. Framtakið er þarft og nauðsynlegt að minna okkur á hversu lítið þarf oft til svo umhverfi og mannlíf verði snöggtum fegurra en það er.

Við erum nefnilega óttalegir sóðar. Það gildir ekki bara um rusl. Við erum eftirbátar nágrannaþjóðanna þegar kemur að flestu sem lýtur að virðingu fyrir umhverfinu. Vissulega hafa margir þættir færst í betra horf, en enn skiljum við bílana eftir í lausagangi fyrir utan leikskóla, hendum rusli hvar sem okkur býður við að horfa og þó nokkuð vantar upp á að við flokkum frá okkur úrganginn. Auk þess keyrum við utan vega og spillum landi og legi með gálausri háttsemi.

*Margt bendir til þess að nýjar kynslóðir verði meðvitaðri um umgengni við umhverfi sitt. Skólar landsins hafa undanfarin ár verið í fararbroddi þeirra sem vakið hafa til lífsins virðingu fyrir umhverfi. Þrýstingur barna á foreldra hefur orðið til þess að margir hafa tekið sig á.*

Margt bendir til þess að nýjar kynslóðir verði meðvitaðri um umgengni við umhverfi sitt. Skólar landsins hafa undanfarin ár verið í fararbroddi þeirra sem vakið hafa til lífsins virðingu fyrir umhverfi. Þrýstingur barna á foreldra hefur orðið til þess að margir hafa tekið sig á. Vonandi verður þetta uppeldi barna á foreldrum sínum til þess að umhverfisvitund okkar skerpist og tillitssemi í samfélaginu aukist.

Sóðaskapurinn er nefnilega angi af almennu tillitsleysi, ef ekki algjöru tilfinningaleysi, fyrir meðborgurum okkar. Kannski liggur hluti skýringarinnar í því að við erum ungt borgarsamfélag sem hefur ekki tamið sér siðvenjur grónari borgarsamfélaga.

Á síðustu öld skáru menn upp herör gegn almennum sóðaskap hjá Íslendingum. Þá mátti rekja dauðsföll beinlínis til óþrifnaðar. Áberandi í þeirri baráttu voru menn eins og Vilmundur landlæknir, Halldór Laxness og séra Árni Þórarinsson, svo einhverjir séu nefndir. Kannski þarf átak til svo að við fáum rænuna í umgengni við náttúruna sem og stræti og torg. Flestir búa á sæmilega snyrtilegum heimilum og kannski þarf ekki meira til en að stækka örlítið þann hring sem umgengni okkar um eigin rann nær til.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Átta myndir

Aðalfundur, flutningur og viðtöl við stjórnarmenn eru helstu efnisatriði nýútkominna BHM tíðinda en skammstöfunin BHM stendur fyrir Bandalag háskólamanna. Ritið er upp á tuttugu blaðsíður og prýtt fjölda mynda. Athygli vekur að ritstjóra blaðsins hefur ekki þótt duga minna en að birta átta myndir af formanni BHM, Halldóru Friðjónsdóttur, ýmist einni eða með öðrum. Í blaðinu brosir Halldóra til lesenda, sést djúpt sokkin í ræðuhöld, á hópmyndum með öðrum stjórnarmönnum, að störfum á skrifstofu sinni og með hvítvínsglas í hönd í veislu í nýjum húsakynnum. Oft birtast myndir af formönnum fagfélaga í fréttabréfum þeirra en þetta er að líkindum met.



### Hvað vissi Össur?

Björn Bjarnason gerir sér mat úr Moggagreinum Margrétar S. Björnsdóttur og Björgvins G. Sigurðssonar á heimasíðu sinni. Margrét skrifaði að Samfylkingin ætti að stefna að stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn eftir næstu kosningar en Björgvini hugnast þær hugmyndir illa. Margrét er jafnan sögð náinn samverkamaður Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur en Björgvin er talinn til helstu samherja Össurar Skarphéðinssonar. Björn segir grein Björgvins skrifaða með vitneskju Össurar en því mótmælir Björgvin og segir Össur fyrst hafa vitað um hana þegar hann las hana í Mogganum. Er nú beðið frekari útlistinga Björns á því sem Össur veit og veit ekki.

### Hvað gerir Siv?

Enn er beðið ákvörðunar Sivjar Friðleifsdóttur um framboð til æðstu embætta innan Framsóknarflokksins. Siv er þessa dagana í sumarleyfi austur á landi og dundar sér við veiðar og tilheyrandi. Haukur Logi Karlsson er enn sem komið er eini frambjóðandinn til ritaraembættisins, sem Siv gegnir nú. Haukur Logi er í hópi helstu aðdáenda Sivjar og bloggar á síðunni sinni hálfgert ákall til hennar um að gefa kost á sér í embætti formanns og segir það mjög spennandi ef hún gæfi flokksmönnum annan og öðruvísi valkost en Jón Sigurðsson. Haukur Logi er hissa á að Guðni Ágústsson hafi ekki boðið sig fram í embættið þar sem hann hefði átt sigurinn vísan. „Alveg ótrúlega margir geta ekki hugsað sér flokk undir forystu manns sem telur sig á æðra tilverustigi en annað fólk," segir Haukur Logi meðal annrs og vísar þar til orða Jóns í viðtali við Helga Seljan á NFS. **bjorn@frettabladid.is**



## Höfundarverk og virðing

Í DAG
MANNAMYNDIR



ÞORVALDUR GYLFASON

*Meira um myndir: furðulegar þóttu mér fréttirnar af því fyrr í sumar, þegar nýr borgarstjóri Reykvíkinga lét hengja málverk Svölu Þórisdóttur Salman af Bjarna Benediktssyni, fyrrum borgarstjóra, upp aftur í Höfða, húsi borgarinnar.*

Glæsileg þykir mér afmælissýning Gerðarsafns í Kópavogi á málverkum Jóhannesar Kjarval í eigu Landsbanka Íslands. Merkilegastar og óvenjulegastar á sýningunni munu mörgum áhorfendum að mestum líkindum þykja mannamyndirnar, sem hanga jafnan í bankaráðsherbergi Landsbankans í Austurstræti í Reykjavík. Þessar myndir af Tryggva Gunnarssyni og öðrum gömlum bankastjórum sýna breiddina og snilldina í sköpunarverki listamannsins. Klassískar mannamyndir af þessu tagi höfðu ekki áður verið málaðar á Íslandi, og ein myndin, hin yngsta í röðinni, af Birni Kristjánssyni, skósmiðnum, sem var gerður að bankastjóra, krókurinn beygðist snemma, var djörf tilraun til nýsköpunar í íslenzkri mannamyndagerð og sór sig í ætt við sumar mannamyndir Vincents van Gogh, sem Íslendingar höfðu þá fæstir séð með eigin augum.

Þetta er ekki eina Kjarvalsveizlan á boðstólum, því að á 120 ára afmæli Kjarvals í fyrrahaust gaf Nesútgáfan á Seltjarnarnesi út mikla og mjög glæsilega bók með miklum fjölda mynda Kjarvals auk rækilegs efnis um líf og störf listamannsins frá ýmsum hliðum. Þessi bók sómir sér vel meðal veglegustu listaverkabóka heimsins, svo vel er hún úr garði gerð í alla staði. Kjarval var ekki bara landslag. Bókin spannar alla ævi meistarans og vitnar enn frekar en sýningin í Gerðarsafni um sjaldgæfa fjölhæfni. Kjarval málaði myndir af öllu tagi, hann gerði meira að segja klassíska brjóstmynd úr gifsi, enda þótt landslagsmyndirnar féllu á sínum tíma bezt að vanaföstum smekk Íslendinga og löðuðu Kjarval efalítið til landslagsmyndagerðar frekar en til annarra verka. Það má hafa til marks um þungbæra og langdræga einangrun Íslands og íslenzkrar listar frá umheiminum fyrir tilstilli innilokunarstefnu stjórnvalda á fyrri tíð, að Kjarval skuli enn vera svo gott sem einkaeign íslenzku þjóðarinnar. Nafn hans ætti þó að réttu lagi að vera víðþekkt meðal listamanna og listunnenda um alla álfuna. Bókin góða mun vonandi verða til þess að vekja síðbúna athygli á Kjarval í öðrum löndum. Það er raunalegt, að enn, röskum aldarþriðjungi eftir andlát hans, skuli vera óútkljáður harkalegur ágreiningur afkomenda Kjarvals við yfirvöld vegna meðferðar á dánarbúi listamannsins.

Meira um myndir: furðulegar þóttu mér fréttirnar af því fyrr í sumar, þegar nýr borgarstjóri Reykvíkinga lét hengja málverk Svölu Þórisdóttur Salman af Bjarna Benediktssyni, fyrrum borgarstjóra, upp aftur í Höfða, húsi borgarinnar. Borgarstjórinn sagði ekki orð um Bjarna Benediktsson við fréttamenn og nefndi Svölu ekki heldur á nafn, heldur virtist honum mest í mun að saka andstæðinga sína um að hafa á sínum tíma látið fjarlægja myndina af Bjarna af annarlegum ástæðum. Hefði ekki verið nær að nota tækifærið til að rifja upp minninguna um Bjarna Benediktsson? – borgarstjórann, sem mótmælti staðsetningu Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni; utanríkisráðherrann, sem leiddi Ísland inn í Atlantshafsbandalagið; forsætisráðherrann, sem leiddi róttækustu umbótastjórn Íslandssögunnar, viðreisnarstjórnina, 1963-70 (og byrjaði að reykja, þegar síldin hvarf, og hætti, þegar síldin birtist aftur). Það hefði einnig átt vel við að minnast Svölu Þórisdóttur (1945-1998), því að mynd hennar af Bjarna Benediktssyni er mikið listaverk. Svölu var síðar falið að mála mynd af Geir Hallgrímssyni, fyrrum borgarstjóra og forsætisráðherra.

Hún sýndi mér myndina í smíðum, ég bjó þá í Washington eins og hún: það var ævintýri líkast að sjá slíka meistarasmíð verða til. Æ síðan hafa mér þótt þessar tvær myndir Svölu Þórisdóttur vera meðal beztu mannamynda á Íslandi. Myndin af Geir hangir á heimili hans og konu hans, Ernu Finnsdóttur, í Reykjavík.

Svala var Þingeyingur í húð og hár og lærði myndlist í Oxford á Englandi og bjó um skeið í Seúl í Suður-Kóreu, áður en hún fluttist til Washington, svo að sum myndverk hennar bera keim af austurlenzkri list eins og þeir, sem sáu minningarsýningu á verkum hennar í Gerðarsafni 1999, munu kannski kannast við. Þegar það spurðist í stjórnarráðið í Seúl, að ung stúlka frá Oxford væri þangað komin til langdvalar, var hún kvödd til að kenna heimamönnum ensku. Og þannig stendur á því, sagði Svala síðar, að gervöll utanríkisþjónusta Suður-Kóreu talar ensku með þykkum þingeyskum hreim. ■


Hjólhýsi
tilbúin til afhendingar strax!



Eigum ýmsar gerðir af **TEC** hjólhýsum og húsbílum tilbúin til afhendingar strax.
**Komdu og kynntu þér úrvalið!**
Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR
**www.seglagerdin.is** **Eyjarslóð 5, sími 511 2200**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
**Sögurnar, tölurnar, fólkið.**



AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## ALLT AÐ SMELLA, BARBABRELLA

Í búðinni Sipa á Laugavegi eru seldar alls kyns skemmtilegar barnavörur

HEIMILI 6



## TÍGRISDÝR OG BLÓM Á FINGUR OG EYRU

Verslunin Aurum í Bankastræti selur skemmtilega og nýstárlega skartgripi eftir ungan finnskan hönnuð

TÍSKA 4

allt



## ALLT HITT

**[ TÍSKA HEIMILI HEILSA ]**



**Rafha** heimilistækjaverslun hóf útsölu sína í gær. Hægt er að fá heimilistæki á góðum afslætti eða allt að 70 prósentum. Á útsölunni er allt frá digital eldhúsvogum að keramikhelluborðum og ísskápum. Verslunin verður opin um helgina í tilefni af útsölu.

**Meðferðarstofnun** fyrir tölvuleikjafíkla var nýlega opnuð í Hollandi. Boðið verður upp á átta vikna meðferð fyrir þá sem ráða ekki lengur við tölvuleikjanotkun sína. Læknar við stofnunina áætla að allt að 20 prósent þeirra sem spila tölvuleiki eigi á hættu að þróa með sér fíkn.

**Útsölur** eru nú í algeru hámarki. Langflestar búðir eru komnar af stað í afsláttarkapphlaupinu og flestar verslanir Kringlunnar, Smáralindar og á Laugavegi og víðar boða nú enn meiri lækkun á vörum sínum. Um að gera að nota þessa síðustu daga til að gera kjarakaup.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 20. júlí, 201. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.55 | 13.34 | 23.10 |
| Akureyri | 3.14 | 13.19 | 23.20 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Skórnir sem Hrund fann heima hjá ömmu sinni eru blómlegir og sumarlegir.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Skórnir í stíl við sófasettið

***Hrund Ósk Árnadóttir á rósótta skó sem amma hennar keypti í stíl við sófasettið.***

„Ég hef mjög gaman af rósóttu skónum sem amma gaf mér," segir Hrund Ósk Árnadóttir söngkona þegar hún er spurð um flík í uppáhaldi. „Við amma vorum einhvern tímann að tala um skó heima hjá henni þegar ég rak augun í þessa. Mér fannst þeir svo geggjaðir að hún bara gaf mér þá. Amma hafði keypt þá í Ástralíu fyrir 30 árum þar sem henni þótti svo skemmtilegt að efnið var í stíl við áklæðið á sófasettinu," segir Hrund hlæjandi. „Skórnir eru bara eiginlega nákvæmlega eins og sófasettið hennar ömmu."

Þrátt fyrir að eiga mjög vel við sófann voru skórnir lítið notaðir þar til Hrund fékk þá í sínar hendur. „Kannski fannst ömmu þeir eftir allt of líkir sófanum," segir Hrund. „Venjulega setur þú ekki sama áklæði á skó og þú setur á sófa en þetta kom bara vel út og skórnir eru alveg magnaðir."

Þessum forláta skóm fylgdi jafnframt belti sem Hrund hefur þó lítið notað. „Beltið er ekki eins töff og skórnir, þó sama efni sé fyrir hendi. Þetta er samt skemmtileg samsetning, hver veit nema ég birtist einhvern tímann í belti og skóm sem eru bara alveg eins og sófinn hennar ömmu?"

Hrund hefur um fleira en skó að hugsa þessa dagana. „Við vorum að taka upp Þjóðhátíðarlagið 2006 sem ég syng en lag og texti eru eftir Magnús Eiríksson. Einnig er plata með írskum þjóðlögum í bígerð og síðan fer ég í Söngskólann næsta haust og reyni að klára framhaldsstigið mitt."

*mariathora@frettabladid.is*

## Joe Boxer og Levis í Kringlunni

**Tvær nýjar verslanir hafa opnað í Kringlunni**



Joe Boxer nýtur mikilla vinsælda á Íslandi. Til marks um það var þriðja verslunin undir merki þess opnuð á 2. hæð Kringlunnar fyrir skemmstu. Nærbuxur eru sem fyrr aðalsmerki verslunarinnar þótt þar séu föt á alla fjölskylduna, frá 6 mánaða og upp úr.



Fyrir skömmu var önnur Levis-verslun opnuð á Íslandi, nú á jarðhæð Kringlunnar en fyrir er ein verslun í Smáralind. Levis er hluti af erlendri fatakeðju sem hefur um langt skeið verið rekin við miklar vinsældir enda þekkt fyrir vandaðan gallafatnað á alla fjölskylduna.



**Loksins** geta tískudrottningar landsins tekið fram stutt- og hnébuxurnar sínar og sýnt sína fögru leggi.




Trind handsnyrtivörur alltaf no. 1
Nú Nýtt

Nail Antibite til að Hætta að naga neglur. | For Girls Only Aðeins fyrir stelpur | Traveling set ferða sett





Skart
sem tekið er eftir
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is



Útsalan er hafin!
Bolir – nærfatnaður – barnaföt
20-60% afsláttur
CARO
Ásnum - Hraunbæ 119 - Sími 567 7776

Gentle Exfoliating | Deep Cleansing | Age Defying | Herbal Cleansing



**Frískandi skrúbbandlitshreinsiklútar.** Klútarnir fjarlægja dauðar húðfrumur og hreinsa húðina án þess að þurrka hana. Kjarni úr greipávöxtum frískar upp á húðina og kjarni úr sítrónugrasi tónar og örvar húðina. Klútarnir innihalda einnig B5 prótvítamín og kamillukjarna sem gefa húðinni raka og róa hana. Húðsjúkdómafræðilega prófaðar.

**Mildir en áhrifaríkir andlitsdjúphreinsiklútar sem fjarlægja andlitsfarða og eru góðir fyrir húðina.** Náttúrulegir ávaxtakjarnar (AHA) djúphreinsa húðina, B5 prótvítamín vernda hana og næra og Kamillukjarni róar húðina. Klútarnir innihalda enga olíu og stífla þar af leiðandi ekki svitaholurnar. Ofnæmisprófaðir.

**Andlitshreinsiklútar sem innihalda sérstaka blöndu af andoxunarefnum til þess að hægja á öldrun húðarinnar:** Coensím Q10, beta glucan, vínberjakjarnaolía, kjarni úr grænu te og E vítamín. Sæt möndluolía og B5 prótvítamín gefa húðinni raka og vernda hana. Klútarnir eru mildir en áhrifaríkir og henta sérstaklega til hreinsunar á augnfarða.

**Andlitshreinsiklútar sem innihalda blöndu af lækningajurtum og vítamínum til þess að hreinsa, fjarlægja farða og vernda húðina.** B5 prótvítamín verndar og gefur húðinni raka, kamillukjarni róar hana. Húðin verður fersk og heilbrigð útlits. Ofnæmisprófaðir.

cu2 Fást í öllum helstu apótekum landsins

VEGGFÓÐUR.
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS





TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ
Í ÁSKRIFT MEÐ
30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS 489 KR.
EINTAKIÐ OG FÁÐU
VEGLEGA GJÖF
Í KAUPBÆTI



GLÆNÝTT
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT
- Draumahús íslenskra hjóna í Hollandi
- Fjörupikknikk Áslaugar Snorradóttur
- Rómantískt heimili Fjölnis Elvarssonar og Rósu Svövudóttur
- Dagar Magnúsar Scheving fullir af tækifærum




Hanna er alsæl yfir að vera komin með verslunina á Skólavörðustíginn .FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hlæjandi á Skólavörðustíg

***Verslunin Húfur sem hlæja hefur flutt sig um set, lokað á Laugaveginum og opnað í björtu og fallegu húsnæði á Skólavörðustíg 18.***

„Nú erum við með allt á jarðhæð svo við þurfum ekkert að hlaupa upp og niður stiga,“ segir framkvæmdastjórinn Hanna Stefánsdóttir glaðlega. Hún er líka ánægð með að vera komin í hóp þeirra hönnuða sem hafa hreiðrað um sig á Skólavörðustígnum og segir stemninguna vera þannig að verslanirnar styðji hver aðra fremur en vera í harðri samkeppni. „Mér virðist ríkja alveg sérstaklega gott andrúmsloft milli fólks hér í götunni. Það eru bara allir búnir að koma og heilsa upp á mig og bjóða mig velkomna. Mér finnst það ofsalega indælt,“ segir hún ánægð.

Húfur sem hlæja hafa þegar hlotið athygli fyrir þá vöru sem seld er undir merki fyrirtækisins sem sérhæfir sig í skjólfatnaði úr þæfðri ull. Nú er framleiðslan öll komin til Kína og fatnaðurinn á markað í Noregi, Hollandi og Belgíu. „Þetta er fyrsta söluárið okkar erlendis. Við erum með góðar búðir þar sem eru mjög jákvæðar. Um leið og við fórum að framleiða í Kína urðum við að stækka markaðinn. Ísland er svo lítið og við þurftum að taka inn svo stóran lager,“ segir Hanna sem skreppur af og til út fyrir landsteinana, meðal annars til Kína. Þó á hún systur búsetta þar sem sér um framleiðsluferlið. „Systir mín er mikið í hönnuninni líka. Við vinnum saman þó við séum hvor í sinni heimsálfu,“ segir hún. Að lokum er hún spurð hvort þær systur hafi einhverjar nýjungar á prjónunum? „Já, það kemur ný lína í haust í peysum og töskum og ýmsu fleiru sem við erum að bæta við. Sú lína er mest fyrir fullorðna. Svo erum líka við að fá nýjar tegundir af barnahúfum.“ *-gun*



Nett húfa á nútímakonuna.



Mitt á milli húfu og hatts.



Gæðagrifflur.



Kragar sem verma og prýða.



Litríkar skjólflíkur á litla fólkið.



Vandaðir treflar eru vinsælir fylgihlutir.


Útsala
Meiri lækkun
20%
auka afsláttur
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Samnefnari fyrir sól og drauma

Franska Riverían og St. Tropez hafa löngum verið samnefnari fyrir lúxus og drauma. Fyrir þotuliðið, hvort sem um er að ræða það franska eða alþjóðlega, er St. Tropez ómissandi viðkomustaður yfir sumarið. Í dag er franska suðrið orðið aðgengilegra almenningi en áður, um það vitna tjaldstæði og hjólhýsabyggðir. Alltaf er þó ákveðinn hefðarsjarmi yfir Provence-alpes-cote d´azur-héraði. Eftir sólbað og sjóferðir á einkaströndum eru dregin fram fínu fötin frá tískuhúsunum í París, kampavínið sötrað og næturklúbbarnir þræddir fram á morgun. Þá er vissara að vera á gestalistanum. Víst er að nóg er af sól um þessar mundir á Ríveríunni. Við höfum séð allt að 36 gráður í skugga í París og enn hærra hitastig í Suður-Frakklandi.

Eitt nafn sem við tengjum við sól, hita og lúxus á frönsku Ríveríunni er Riva. Riva er í hraðbátum það sem Ferrari er í bílaiðnaðinum. Tákn glæsileika, hraða og nákvæmni. Saga Riva hófst 1842 með Pietro Riva sem byrjaði að smíða fiskibáta fyrir nágranna sína í smábæ á Ítalíu en það var á þriðja áratug tuttugustu aldar sem Riva varð ómissandi þáttur í kappsiglingum og þá voru slegin heimsmet í hraða.

Eftir seinni heimstyrjöldina fór Carlo Riva, ungur verkfræðingur, að hanna báta sem urðu seinna lykillinn að velgengni þessa fjölskyldufyrirtækis. Hann byrjaði á að hanna bátalínu í takmörkuðu upplagi og fékk svo frægustu arkitekta til að hanna innbúið. Það var úr viði frá Fílabeinsströndinni og krómi, með stórum leðurstólum líkt og flottustu amerísku bílarnir á sjötta áratugunum. V-laga báturinn varð aðalsmerki Riva. Um 1960 mátti sjá allar helstu stjörnurnar, hvort sem var í St. Tropez eða Portófinó í Mónakó, sigla um í þessum bátum og sitja fyrir hjá ljósmyndurum blaðanna. Brigitte Bardot, Kirk Douglas, Rainer af Mónakó, Anita Ekberg, Taylor og Burton eða Hussein af Jórdaníu, öll áttu Riva-bát. Seinna, þegar trefjaplast og fleiri léttari efni koma til sögunnar á sjöunda áratug tuttugustu aldar, urðu Riva-bátarnir léttari og enn straumlínulagaðri. Loks, eftir 1970, lét Carlo fyrirtækið úr höndum sér og dró sig í hlé en tók áður þátt í að byggja höfn sem heitir eftir honum. Hún er skammt frá Portófínó þar sem að Riva-bátarnir eru endurbyggðir og sérfræðingar í bátasmíðum eru þjálfaðir til að halda þeim við. Hver og einn þeirra er nefnilega varðveittur eins og safngripur þó eigendurnir vilji gjarnan sigla þeim stöku sinnum.

Brad Bitt, Matt Damon og George Clooney hafa tekið við af Kirk, Elizabeth og Richard. Enn er það toppurinn að láta mynda sig í Riva-bát.











100% náttúrulegt
- 100% náttúrulegir jurtalitir
- Engin skaðleg aukaefni
- Ekkert ammóníak
- Laust við festiefni (Resorcinol)
- Þægilegt og fljótlegt í notkun
- 30 litir (Hægt að blanda fleiri)

Einnig sjampó, hárnæring o.fl.
Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana

# Hlaupið á háum hælum

***Heldur óvenjuleg keppni fór fram í Rússlandi um helgina. Þar kepptu rúmlega hundrað konur um að komast fyrstar í mark í hundrað metra hlaupi á háum hælum.***

Verðlaunin voru ekki af verri endanum, 100.000 rúblur, eða tæplega 300.000 íslenskar krónur, og fór hlaupið fram á Rauða torginu í Moskvu. Að hlaupinu stóð vinsæl tískuvöruverslun og -tímarit þar í borg. Þó að verðlaunin hafi ekki verið af verri endanum hafa líklegast margar kvennanna þurft dágóðan tíma til að jafna sig og ljóst að það þarf að æfa sig vel og lengi fyrir slíka þrekraun. *- lkg*



Keppendur tóku vel á því á lokasprettinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES


Hvalir úr plasti á perlufesti. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Tígrisdýr og blóm á fingur og í eyru

***Verslunin Aurum í Bankastræti selur skemmtilega og nýstárlega skartgripi eftir ungan finnskan hönnuð.***

Litlar plastmörgæsir í eyrun, plastblóm, fjöldi hvala um hálsinn og litlir sætir kettlingar um úlnliðinn eru meðal þess sem finnski skartgripahönnuðurinn Nina hefur hannað. Eigendur Aurum rákust á hönnun hennar á sýningu í Þýskalandi þar sem meðal annars var kynnt hönnun útskrifaðra hönnuða. Ákveðið var að hefja sölu á þessum skartgripum í versluninni og hafa þeir heldur betur slegið í gegn þar sem konur á öllum aldri koma í verslunina til að næla sér í einn af þessum dýrgripum. Eigendur Aurum segja það ánægjulegt að sjá hvað konur taki þessu vel og komi til að velja sér gripi sjálfar en algengt er að fólk kaupi fyrst og fremst skartgripi sem gjöf. Verðið er líka vel viðráðanlegt og ekki hægt að segja annað en þessir skemmtilegu gripir lífgi upp á tilveruna.


Mörgæsaeyrnalokkar úr plasti og silfri á 2.700 kr. parið.


Plasthringur á 2.600 kr.


Hreindýrshringur úr plasti á 2.600 kr.


Tígrisdýrseyrnalokkar á 3.200 kr. parið.


Silfurhringur með froski með gullkórónu á höfði, 7.900 kr.



GÆÐASKÓR
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA

xena
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

Mikið úrval af glæsilegum töskum

Tösku- og hanzkabúðin
Stærsta töskuverslun landsins
Skólavörðustíg 7, Rvk,
Sími 551 5814

Dr Fischer
Kids

Hágæða húð- og hárvörur
Fyrir börn

## snyrtivörur }



### Aftur til fortíðar

SUMARLÍNAN Í ÁR FRÁ TOM FORD - ESTÉE LAUDER HEITIR AZURÉE, EN MEÐ HENNI LEITAR TOM FORD Í FORTÍÐ ESTÉE LAUDER.

Azurée var upprunalega ilmur sem kom á markað hjá Estée Lauder árið 1969. Nýja azurée-línan inniheldur hins vegar þrjár mismunandi förðunarlínur; azurée, cap bronzée og st. tropée, ásamt líkamsvörum.
Blái liturinn ræður ríkjum í umbúðum en í línunum er lögð áhersla á hlutlausar varir, léttan kinnalit og „smoky“ augnmálningu.

### Nýtt frá MAC

BLEIKAR VARIR OG STERKIR AUGNLITIR



Nýju litirnir frá MAC eru svo sannarlega sumarlegir. Varirnar eiga að vera létt bleikar á móti augnskuggum í sterkum litum eins og grænum, fjólubláum og svörtum. Brons er áferð sem er áberandi í línunni og ætti hver kona að finna eitthvað við sitt hæfi í fjölbreyttu litaúrvalinu. *- lkg*

# 16 ára hönnuður

***Pedro Lourenco hefur haldið sjö tískusýningar þrátt fyrir ungan aldur. Foreldrar hans eru báðir brasilískir hönnuðir.***

Hinn 16 ára gamli Pedro Lourenco sýndi nýjustu vor- og sumarlínu sína á tískuvikunni í Sao Paulo og var það í sjöunda skiptið sem hann hélt tískusýningu. Pedro var aðeins 12 ára þegar hann sýndi föt sín í fyrsta skiptið en hann hefur hannað föt frá fjögurra ára aldri.
Þessi ungi hönnuður á ekki langt að sækja hæfileika sína. Foreldrar hans eru brasilísku hönnuðirnir Renaldo Lourenco og Gloria Coelho sem einnig sýndu hvort sína línuna á tískuvikunni í Sao Paulo.

Pedro þykir hæfileikaríkur þó föt hans minni um margt á hönnun annarra og sumum finnist frumleikann vanta. Áhugasvið Pedros liggur í hátísku og hann hefur sagt að hann hafi í hyggju að flytja til Parísar þar sem hann vonast til að geta unnið sem aðstoðarmaður í einhverju tískuhúsanna. Foreldrar hans hafa náð langt í Sao Paulo en hafa ekki leitað mikið út fyrir landsteinana. „Ég vil fara frá Brasilíu. Tískan hér snýst helst um stuttermaboli og gallabuxur en ég hef áhuga á hátískunni,“ sagði hann.



Sumartíska Pedros Lourenco árið 2006.

## nærfatatíska }

### Simpson í bleiku

ASHLEE SIMPSON ER NÝTT ANDLIT VICTORIA'S SECRET.



Simpson hefur verið að gera það gott í tónlistarbransanum vestanhafs.

Ashlee Simpson er nýtt andlit nærfatarisans Victoria's Secret. Þessi 21 árs söngkona verður andlit nýrrar línu hjá fyrirtækinu sem ber hið einfalda nafn Pink, eða bleikt. Margir sóttust eftir þessu starfi og sló Simpson meðal annars Idol-stjörnuna Kelly Clarkson út en fyrirtækið leitaði einmitt að ungri stjörnu til að kynna línuna. *- lkg*










**Nú er mál að njóta** hvers einasta sólargeisla, fara út með borðið og stólana og bjóða í kaffiboð úti á svölum eða verönd.



# Réttu litirnir

LITIR SKIPTIR HÖFUÐMÁLI ÞEGAR HEIMILIÐ ER INNRÉTTAÐ.



Það getur vafist fyrir mönnum að velja réttu litina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Ljósir gulir tónar gera herbergið hlýlegt og stækka það.

Það er auðvelt að nota liti til þess að skapa rétta stemningu heima fyrir. Áður en farið er í framkvæmdir er ágætt að hafa í huga að sumir litir stækka rými en aðrir láta það virðast lítið. Þá skipta litir líka höfuðmáli þegar kemur að ljósi og birtu í íbúðinni.

1. Haltu þig við náttúrulega og milda liti ef þú vilt stækka rýmið og láta veggina sýnast lengra í burtu en þeir eru.

2. Hvít málning eða hvítir aukahlutir sem endurkasta birtunni skapa létta stemningu.

4. Notaðu gula málningu eða veggfóðraðu einn vegg í ljósum, björtum lit til þess að stækka herbergið.

5. Notaðu pastelliti ef þú vilt láta þrönga ganga eða lítil baðherbergi virðast rýmri.

6. Hækkaðu loftið með því að nota veggfóður með mjóum hvítum og pastellitum röndum.

7. Veldu húsgögn úr ljósum viði til þess að skapa mýkt og léttleika. Herbergið verður þunglamalegra ef húsgögnin eru dökk.


**Fyrir Brúðhjónin**

**Silkimjúkur svefn í rúmfötum frá okkur**

VERIÐ

Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is






Íslensk list er góð gjöf

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18,

Opið á Rauðarárstíg laugardaga kl. 11-16,

LISTMUNASALA fold

Sjáumst í Gallerí Fold

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is




Barbapabba-fondúsett á 4.400 kr.



Í Sipa fást einnig Múmínálfa-koddaver á 1.990 kr. stykkið, en rúmið er á 65.000 kr.



Sterkbyggð pappavagga á 6.900 kr., en dýna fylgir. Það er tilvalið að skrifa einhver skemmtileg skilaboð til barnsins á pappírinn.

# Allt að smella, Barbabrella

***Í búðinni Sipa á Laugavegi 67 eru seldar alls kyns skemmtilegar barnavörur.***

Muna ekki vel flestir eftir teiknimyndunum um Barba-fjölskylduna sem naut óhemju vinsælda á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar? Þið vitið, umhverfisvænu furðuverurnar sem gátu breytt um lögun, auk þess sem þær skáru sig hver frá annarri vegna tiltekins húðlitar og hæfileika.

Ein var til að mynda rauð að lit og óhemju sterk, önnur appelsínugul og snjöll, sú þriðja grænt tónlistarséní og svo koll af kolli.

Verurnar, eða barbarnir eins og þær kölluðust í daglegu tali, eru nú aftur komnar í tísku, sjálfsagt vegna fortíðarþrár ungra foreldra sem vilja kynna þær fyrir börnum sínum. Barbarnir fást nú í ýmsum útgáfum, allt frá bollum upp í fatasnaga, í versluninni Sipa sem sérhæfir sig í barnavörum.

-rve



Barbapabba-spegill á 3.600 kr.




Barbapabba-geisladiskaskápur á 4.500 kr., en lás fylgir með.



Það eru fjórar gerðir af Barbapabba-snögum fáanlegar í búðinni, svartur, blár, gulur og appelsínugulur, en stykkið er á 1.900 kr.



Handmáluð Barbamömmuskál á 3.500 kr.



Barbapabba-ísskápur á 12.000 kr.



Pluto-snagi á 889 kr. Greinarnar eru líka fáanlegar í hvítu.



Barbapabba-kökukrukka á 7.900 kr.




**Sólpallar og skjólveggir**
**Öll almenn trésmíðavinna**
**Gerum tilboð þér að kostnaðarlausu**
**Áratuga reynsla** **Geymið auglýsinguna**
**Íslandssmíðar s/f: 899-4666 & 699-2919**




Epal í Leifsstöð

## Epal með í flugið

NÚ GEFST ÞEIM SEM FERÐAST UM LEIFSSTÖÐ KOSTUR Á AÐ KAUPA NORRÆNA HÖNNUN Í NÝRRI VERSLUN EPAL SEM ÞAR HEFUR VERIÐ OPNUÐ.

Epal Design er ný verslun í brottfararsal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þar eru á boðstólum nytjahlutir frá virtum framleiðendum sem flestir eru norrænir, svo sem Georg Jensen, Rosendahl, Stelton, Marimekko, Piet Hein, iittala, Woodnotes, Scanwood, Vipp og Norman, auk 20-30 íslenskra listiðnaðarmanna og hönnuða. Allt eru þetta hlutir sem auðvelt er að taka með sér í flugið.


Marimekko diskamottur.

Ætlunin er að í Epal Design verði alltaf eitthvað nýtt að sjá og að munir eftir æ fleiri listamenn bætist í hóp þeirra sem fyrir eru. Innréttingarnar í versluninni eru hvítar hillur frá danska fyrirtækinu Montana. Inn í þær er felld ljósmynd og áformað er að skipta reglulega um mynd. Sú fyrsta er af Vestmannaeyjagosinu 1973 eftir ljósmyndarann Emil Þór Sigurðsson.


Kaffikanna frá Stelton.

# Líflegt sumarljós

***Þegar sumarið er jafn þungbúið og það hefur verið á höfuðborgarsvæðinu er ekki úr vegi að lýsa aðeins upp tilveruna.***

Þó svo sumarið sé í hámarki hafa löngu björtu sumarkvöldin á höfuðborgarsvæðinu verið heldur dimmari en síðustu árin enda leynast þau fyrir ofan skýin.

Til að lýsa upp tilveruna er því ekki úr vegi að taka vel á móti gestum sínum með ljúfri birtu við útidyrnar. Þótt útiljós séu meira notuð yfir vetrartímann skiptir ekki öllu hvort þau eru sett upp að sumri eða vetri. Vilji fólk spara rafmagnsútgjöldin má líka nota útikerti, olíulampa eða skemmtilega kyndla sem stungið er niður í jörðina. Einnig mætti nota hálfbrunnin kerti sem sett eru í glerkrúsir sem lýsa þá upp nánasta umhverfi sitt á blíðviðriskvöldum.


Fallegir útikyndlar sem fást í versluninni Ljósin í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fataskápar



Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040



## Ekki gleyma blómunum

ÞAÐ ÞARF AÐ ÞRÍFA POTTAPLÖNTURNAR EINS OG ANNAÐ Á HEIMILINU.

Rykið sem sest í allar glufur á heimilinu sest einnig á pottaplönturnar. Það er gaman að hafa falleg blóm inni hjá sér en um leið og þau fara að safna ryki missa þau sjarmann og verða gróðrarstía fyrir alls kyns óhreinindi. Best er að gefa sér góðan tíma í að þurrka af blómunum og strjúka af hverju blaði með rökum og volgum klút. Til að ná fram gljáa er gott að setja nokkra dropa af undanrennu út í volgt vatnið. Ekki gleyma að þvo þá hlið laufblaðanna sem snýr niður.

Ef blómið er virkilega skítugt má stinga því inn í sturtuklefann og úða á það með volgu vatni.

### sniðug lausn }

## útiruslafata

Á sumrin eiga ungir sem aldnir það til að eyða meiri tíma úti í garði en innanhúss. Því er gott ráð að koma fyrir ruslafötu á veröndinni eða pallinum. Hana má festa á vegg eða hreinlega hafa færanlega. Þá þarf ekki að tipla inn á skítugum skónum til að koma til dæmis bananahýðinu á réttan stað eftir að bananinn er kominn ofan í maga.

SUMARÚTSALA
10-70% AFSLÁTTUR
af öllum vörum í versluninni













OPIÐ
Mánudaga til föstudaga kl. 10.00 – 18.00
Lokað á laugardögum í sumar

HÚSGÖGNIN HEIM
Sími 461 5200 · Fax 461 1121

**Það er ekki bara smart** og kvikmyndastjörnulegt að vera með sólgleraugu - það er líka gott fyrir augun að fá vörn fyrir sterkri sólinni.



ÍSLENSKA SOYASÓSAN ER FRÁBÆR Í AÐ MARINERA GRILLMATINN!
Fæst m.a. í Fjarðarkaupum, Fylgifiskum, Heilsuhúsinu, Melabúðinni, Manni lifandi og Nóatúni.
HOLLUSTA ÚR HAFINU
hollustaurhafinu@simnet.is
www.simnet.is/hollustaurhafinu

Hollusta í hverjum bita!


SÖLUSTAÐIR:
Bónus • Hagkaup • World Class • Hreyfing • Hress

ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!
Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.
FM957
Auglýsingasími: 550 5000
Samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.

# Fótvænir skór sem eru einnig fyrir augað

***Í versluninni Iljaskinni á Háaleitisbraut 58-60 er úrval af skóm fyrir viðkvæma fætur.***

„Við reynum að velja góða skó sem eru líka fyrir augað. Aðalatriðið er þó að þeir séu fótvænir,“ segja eigendur Iljaskinns, hjónin Júlíus Arinbjarnarson og Helga Stefánsdóttir. Helga er löggiltur fótaaðgerðafræðingur og rekur stofu ásamt Ósk Óskarsdóttur á hæðinni fyrir ofan búðina en veitir ráðgjöf í Iljaskinni frá 15-18 á fimmtudögum og einnig á laugardögum þegar búðin er opin. „Það er hægt að gera svo margt til að leiðrétta álag. Getur verið nóg að breyta sóla með því að setja inn í hann tábergspúða eða stuðning fyrir hælinn,“ segir hún. „Það er líka gaman að geta hjálpað fólki að velja hentuga skó.“

Júlíus tekur undir þau orð og segir algengt að fólk festist í númerum og átti sig ekki á að fæturnir breytist með aldrinum. „Við mælum fætur og athugum stærðirnar. Fóturinn á ekki að ná alveg fram í tá heldur á að vera nokkurra millimetra loftrúm,“ segir hann og bætir við brosandi. „Það þarf að hjólastilla bílinn og þannig er það með skótauið líka.“

Þau Helga og Júlíus eru búin að eiga Iljaskinn í sex ár. Þar selja þau sjúkrasokka, fótakrem og innlegg, auk skótaus bæði fyrir óvenju viðkvæma og almenning. „Okkur langaði að vera með eitthvað virkilega gott á fæturna og bjóða upp á ráðgjöf. Fótavandamál eru svo algeng og öll óþægindi frá þeim vilja leita upp í ökkla, hné, mjaðmir og bak,“ segir Helga. „Það er talið að 90 prósent fótmeina séu tilkomin vegna þess að skórinn passar ekki á fótinn. Þetta má nefnilega engu muna. Ef skórinn er aðeins of stuttur eða of þröngur þá klemmir hann taugar, æðar og vöðva og heftir liðhreyfingu í táberginu. Það leiðir til þess að tábergið sígur.“ Í framhaldinu sýnir Júlíus skó með mjúku og eftirgefanlegu efni ofan á ristinni, fyrir þá sem eru komnir með krepptar tær af gigt eða öðru. Einnig skó fyrir breiða fætur, í K-breidd og M-breidd. „Ef M-breiddin dugar ekki þarf að sérsmíða,“ upplýsir hann. Skórnir eru aðallega frá Þýskalandi, Danmörku og Spáni og þau hjón segjast vanda valið. Þau telja orðið „heilsu“ vera ofnotað í auglýsingum og segja slæmt þegar seldir eru svokallaðir heilsuskór án þess að gæðamat sé þar á bak við.

*gun@frettabladid.is*



Helga og Júlíus mæla fætur fólks ef með þarf og athuga hvaða skóstærð hentar.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Þessi gefur gott pláss fyrir tærnar. Parið er á 9.990.

Herraskór úr mjúku leðri og með frönskum rennilás. Verð 9.990.

Skór úr mjúku leðri, með grænu innleggi og uppfylltum hæl. Verð 11.490.

Franski rennilásinn á þessum Green Comford-sandala gefur möguleika á breikkun. Parið kostar 10.890.

Eðal Green Comford skór með svokölluðum veltisóla. Gefur þrýsting á iljarnar og lagar sig að fætinum. Verð 12.490

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM
FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF
Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.
BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.


55 ÁRA
Húsgagnavinnustofa RH
Rúm Gott
Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16
www.rumgott.is

## Heilbrigð sál



BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI

# Takk fyrir

Við þurfum að borða meiri fisk, Íslendingar, drekka meira ferskt vatn, borða meira skyr. Við kunnum ekki nógu vel að meta það sem við höfum. Við látum kalda vatnið til dæmis renna endalaust til að kæla það eða bara af því við gleymum að skrúfa fyrir. Kannski vegna þess að við teljum okkur eiga nóg af því eða spáum við bara ekkert í það! Ein frönsk húsmóðir sem ég dvaldi hjá í Nice í Frakklandi missti sig alveg þegar ég, í einfeldni minni, lét kranavatnið renna til að kæla það aðeins. Hún baðaði út höndum í allar áttir og sagði eitthvað mjög hátt og hratt með örvæntingarsvip um leið og hún stökk að vaskinum til að skrúfa fyrir! Hún kunni að meta hvern dropa, kannski af því hún þurfti að borga fyrir hann. En hún vissi að minnsta kosti að hann var einhvers virði.

**Hvar liggja lífsgæðin?**
Við kunnum oft ekki að meta fyrirbærin fyrr en við finnum fyrir skorti, hvort sem það er fiskurinn, ferska lindarvatnið, óafturkræf náttúra, heilsan eða maki okkar. Það er pínulítið sorglegt. Leiðum þess vegna hugann að því, ef ákveðið fyrirbæri væri ekki til. Það er vond tilfinning, ekki satt? Þegar maður kann að meta það sem maður hefur, færist yfir mann ákveðin hugarró, þakklæti og aukin ánægja með lífið, sem gefur lífinu meira gildi en nýtt plasmasjónvarp eða heimabíó. Taktu þér stund og líttu aðeins yfir líf þitt. Og vittu til, að það sem þú þakkar fyrst fyrir eru ekki veraldlegir hlutir, eins og bíllinn þinn, iPod--inn eða sumarbústaðurinn þó svo þeir geti allir verið mikilvægir hlutir fyrir þig. Við þökkum fyrst fyrir fólkið í kringum okkur, vináttuna, náttúruna, heilsuna eða fleira í þeim dúr, ekki satt? Þar liggja lífsgæðin.

**Að líta á heildarmyndina**
Mig langaði bara til að velta þessu fyrir mér með ykkur, því ég þarf ekki síður en aðrir að minna mig á þessa hluti til að lifa við góða andlega heilsu. Það er svo auðvelt að tapa sér yfir smáatriðunum og sjá ekki heildarmyndina. Þrasa um veðrið (sem ég hef reyndar alveg misst mig í síðustu daga) eða annað sem við fáum ekki breytt. Í smáatriðunum liggja aðeins efasemdirnar og óuppbyggjandi gagnrýni en í heildarmyndinni liggja framfarir, hugrænt jafnvægi og sýn á það sem máli skiptir.

*Kær kveðja,*
*Borghildur*



Það getur verið erfitt að venja sig af nikótínfíkninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Nikotínbætt vatn

***Ný lausn fyrir þá sem vilja hætta að reykja.***

Allt er til í Bandaríkjunum og það nýjasta í nikótínlyfjabransanum er drykkur sem kallast Nic Lite. Um er að ræða drykkjarvatn á flöskum með nikótíni sem reykingamenn geta notað í staðinn fyrir nikótíntyggjó eða plástur til að venja sig af reykingafíkninni.

Vatnið, sem er með sítrónubragði, er eina nikótínlyfið á markaðnum sem hægt er að drekka og ætlunin er að selja það á stöðum þar sem reykingar eru bannaðar eins og í flugvélum og á veitingastöðum og kaffihúsum.

Hvort nikótínvatnið verði sett í sölu á Íslandi er óvíst en eins og allir aðrir skrítnir hlutir er það til sölu á eBay.

# Fyrirtæki styrkja hlaup

UNDIRRITAÐUR HEFUR VERIÐ STYRKTARSAMNINGUR MILLI REYKJAVÍKURMARAÞONS, ASICS OG CINTAMANI.



Cintamani, sem framleiðir útivistarfatnað, verður helsti bakhjarl Laugavegshlaupsins til 2008.

Með þessum samningi verður íþróttavöruframleiðandinn Asics einn af stærstu bakhjörlum Reykjavíkurmaraþons og Cintamani, útivistarfatnaður, helsti bakhjarl Laugavegshlaupsins. Asics og Cintamani verða einu fyrirtækin á hvoru sviði fyrir sig sem Reykjarvíkurmaraþon vinnur með á samningstímanum, en hann er frá árinu 2006-2008. Asics og Cintamani styrkja Reykjavíkurmaraþonið og Laugavegshlaupið með beinum fjárframlögum og leggur einnig til klæðnað á um 300 starfsmenn og gjafabréf fyrir keppendur.

# Að velja tannbursta



- Veldu bursta með stífum hárum sem þó eru mjúk. Nælonburstar eru góðir því þeir endast lengur og særa ekki tannholdið.
- Lítill bursti er betri en stór, veldu bursta með litlu höfði því hann nær inn í öll skúmaskot.
- Það hefur ekki verið sannað að rafmagnstannburstar séu betri en venjulegir tannburstar. Þeir eru hins vegar mjög góðir t.d. fyrir þá sem eru með spangir.
- Skiptu um tannbursta ekki sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Ef þú hefur verið með tannpínu eða sýkingu í munni er nauðsynlegt að skipta um bursta svo bakteríurnar nái ekki að grassera.







# Laga sig að fótum hvers og eins

***Fyrirtækið Afreksvörur hefur tekið við umboði fyrir New Balance-hlaupaskó á Íslandi.***

„Eitt af því sem einkennir New Balance-hlaupaskóna er að þeir eru framleiddir í mismunandi breiddum og eru auk þess með N-Lock, sem gefur skónum möguleika á að laga sig að fætinum. Þeir henta alveg jafnt áhuga- sem atvinnumönnum,“ segir Helgi Kr. Jakobsson hjá Afreksvörum spurður út í eiginleika New Balance-skónna.

Sögu New Balance-fyrirtækisins má rekja allt aftur til ársins 1906, en það byggði í fyrstu á að framleiða bæklunarskóbúnað. Á sjötta áratugnum hóf það að nýta tækni sína til smíði á íþróttaskóm og varð strax þekkt fyrir nýjungar og sérhæfingu. Árið 1961 setti það á markað skóna Trackster sem voru fyrstu hlaupaskórnir sem framleiddir voru með riffluðum sóla og í mörgum breiddum. Enn í dag það er eitt af einkennum New Balance því engir aðrir skóframleiðendur bjóða upp á breiddir í sérhæfðum hlaupaskóm. Síðustu ár hefur vöxtur New Balance verið gríðarlegur í kjölfar útlitsbreytinga, en þeir sem koma að framleiðslunni eru læknar, sjúkraþjálfarar, íþróttamenn og útlitshönnuðir.



New Balance 766BK eru léttir á fæti og styðja vel við.

1221 skórnir eru stolt New Balance. Háþróað dempunar- og stuðningskerfi sameinar allt það sem hlauparar sækjast eftir.

Helgi rifjar upp að heimsmethafinn í maraþoni árið 1999, Khalid Khannouchi, hafi hlaupið í New Balance Rc110. Nýrri fréttir herma að New Balance 1060 skórnir hafi fengið hæstu mögulega einkunn í könnun sem Aftenposten í Noregi stóð fyrir og að alheimssamtök fótasérfræðinga mæli með þeim. „Ráðamenn New Balance vita að engin ein tækni nýtist öllum og demparakerfið tekur mið af því,“ útskýrir Helgi og bætir við að einn af kostum New Balance-skónna sé að þeir séu framleiddir í Bandaríkjunum og Bretlandi þar sem vafasamir framleiðsluhættir eins og barnaþrælkun viðgangist ekki.



New Balance 1060 skórnir henta öllum og einnig þeim sem ganga gjarnan á jarkanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN






# SJÓNARHORN



Vatnið veitir gleði og skemmtun sérstaklega þegar maður er lítill pjakkur í leikskóla.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



ÍRIS MARÍA STEFÁNSDÓTTIR, DANSARI OG DANSKENNARI.

## KAUPVENJUR

## *Kaupi alltaf skó á útsölum*

Íris María Stefánsdóttir dansar og leikur í sýningunni „Footloose“ þessa dagana. Í sýningunni er að finna ýmsa flotta og skemmtilega búninga frá níunda áratuginum en Íris María heldur sig þó frá axlapúðunum dagsdaglega.

**1. Hver er uppáhaldsbúðin þín?** Karen Millen.
**2. Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?** Það er skemmtilegast að kaupa kjóla eða fínni flíkur. Ég geri það nú sjaldan enda er ég ekki oft í kjólum, en það er gaman þegar ég fæ tækifæri til þess.
**3. Verslar þú í útlöndum?** Já og þá helst í H og M. Ég vil samt ekkert endilega fá búðina til Íslands. Það er skemmtilegra að hafa hana í útlöndum og geta misst sig í henni þegar maður er á ferðalagi.
**4. Einhverjar venjur við innkaup?** Ég kaupi eiginlega alltaf skó á útsölum því ég er svo smáfætt og fæ því alltaf mitt númer á útsölunum. Ég bíð því frekar eftir þeim í staðinn fyrir að kaupa þá fullu verði.
**5. Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?** Stundum. Sérstaklega fylgihluti. Ég er til dæmis með æði núna fyrir síðum hálsfestum og splæsi þeim á mig án þess að hika lengi.


GÆÐABÓN Ármúli 17a ALEX

BÍLAEIGENDUR TAKIÐ EFTIR

Gæðabón og sápugerðin Alex verða með þvott og léttbón fyrir allar gerðir bíla.

Byrjað verður kl. 17:00 fimmtudaginn 20. júlí Tilboð fyrir alla sem koma þann dag.
Ath. Engir kústar eru notaðir við þrifin Upplýsingar í síma: 568-4310





Stattu föstum fótum í golfskóm frá Flexor

Nú veita stoðtækjafræðingar, sjúkraþjálfarar og annað sérhæft starfsfólk Flexor þér faglega ráðgjöf varðandi val á golfskóm. Við hjá Flexor sérhæfum okkur í stoðkerfisvandamálum og bjóðum upp á alhliða þjónustu á einum stað og mælum með því að þú leitir til okkar ef þú finnur til í baki, mjöðmum, hnjám og iljum eða hefur önnur óþægindi.

Hjá Flexor færðu:

· Göngugreiningu · Hitahlífar · Íþróttaskó
· Ráðgjöf · Stuðningshlífar · Gönguskó
· Innlegg · Armstafi · Barnaskó
· Golfskó





ÖSSUR ecco

FLEXOR NÆSTA SKREF
Reykjavík · Suðurlandsbraut 34 · Sími 517 3900
Akureyri · Hafnarstræti 95 · Sími 460 3460

# Tómt tal án fjármagns

**UMRÆÐAN**
HEILBRIGÐISMÁL



**ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR**
ALÞINGISMAÐUR

*Ég fagna sérstaklega viðsnúningi Sivjar í sambandi við geðheilbrigðisþjónustu við aldraða. Nú ætlar hún að koma á öldrunargeðdeild, – gott! Það vildi fyrirrennari hennar ekki.*

Það eru greinilega kosningar framundan, ekki aðeins í forystu flokka heldur styttist tíminn til næstu alþingiskosninga og þá eru síðustu forvöð að bæta ráð sitt gagnvart hópum sem hafa verið afskiptir, þótt ef til vill sé heldur seint í rassinn gripið. Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra kynnti stefnumótun í málefnum aldraðra á dögunum, – tíu mánuðum fyrir kosningar. Gott er að fá stefnumótun frá ríkisstjórninni þótt seint sé. Hingað til hefur málaflokkurinn verið afskiptur í heilbrigðisráðuneytinu og ástandið í málefnum aldraðra eftir því. Margir hafa styrkst í þeirri skoðun að þennan málaflokk þyrfti að flytja til ráðuneytis félagsmála og verkefnin til sveitarfélaganna í auknum mæli.

Nú vill ráðherra efla heimaþjónustu, færa heimahjúkrun undir félagsþjónustuna, þ.e. til sveitarfélaganna. Hún vill koma á nætur- og helgarþjónustu í heimahúsum. Samfylkingin og þingmenn hennar hafa á Alþingi hvað eftir annað hvatt til að þetta verði gert, en án árangurs.

**Samfylkingarstefnan nær eyrum ráðherra**

Þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt sérstaka áherslu á öldrunarmálin á þessu kjörtímabili og sett þau í forgang og nú virðist sá málflutingur vera að ná eyrum ráðamanna.

Ég fagna sérstaklega viðsnúningi Sivjar í sambandi við geðheilbrigðisþjónustu við aldraða. Nú ætlar hún að koma á öldrunargeðdeild, – gott! Það vildi fyrirrennari hennar ekki.

Í vetur kallaði ég eftir því í fyrirspurnartíma á Alþingi og svaraði Jón Kristjánsson því neitandi, hann taldi ekki þörf á sérstakri öldrunargeðdeild, – þótt þörfin væri mikil samkvæmt mínum heimildum. Vonandi tekst Siv að fá fjármagn til þessa verks.

Nú vill Siv að þeir sem eru í mestri þörf fái forgang á hjúkrunarheimilin, – hún var ekki alveg viss í vetur þegar ég ræddi þessi mál við hana á Alþingi. Ég spurði hana hvort ekki væri nauðsynlegt að LSH hefði forgang í innlögnum á fleiri hjúkrunarheimili en tvö eins og nú er, til að leysa vanda 100 aldraðra á spítalanum, sem ekki var hægt að útskrifa. Hún var tilbúin að íhuga það þá. Það hefur hún greinilega gert og ég fagna þessum áherslum hennar. Hún vill líka fjölga fagfólki í þjónustunni og er það vel. Samfylkingin hefur ítrekað lagt áherslu á að það verði gert.

Nú vill hún koma á sjúkrahússtengdri heimaþjónustu fyrir aldraða, – sem hún var andvíg í vetur þegar ég hvatti til að það yrði gert í fyrirspurnatíma á Alþingi. Ekki er vanþörf á henni eins og við í Samfylkingunni höfum oft bent á. Í vetur voru heldur ekki til neinar upplýsingar um það hversu oft aldraðir kæmust ekki heim um helgar vegna skorts á heimaþjónustu. Það var oft samkvæmt mínum upplýsingum og einnig var það oft ástæðan fyrir því að ekki var hægt að útskrifa gamalt fólk heim af sjúkrahúsi.

**Blágræna bandalagið – orð án athafna**

Fjölgun hjúkrunarrýma er gamalkunnur söngur úr ráðuneytinu; hann hefur verið ótrúverðugur á sama tíma og tæplega helmingur þess fjár sem á að renna til uppbyggingar hjúkrunarheimila með skatti til Framkvæmdasjóðs aldraðra hefur farið í annað í ellefu ára stjórnartíð blágrænu flokkanna tveggja, Bé og Dé. Skyldi Siv ná að breyta þessu fyrir kosningar? Ekki er von á úrbótum í hjúkrunarmálunum fyrr en eftir þær, miðað við núverandi áætlun.

*Hingað til hefur málaflokkurinn verið afskiptur í heilbrigðisráðuneytinu og ástandið í málefnum aldraðra eftir því.*

Vonandi fylgja athafnir orðum ráðherrans nú.

Upplýsingagjöf og ráðgjöf við aldraða og aðstandendur þeirra á að auka, en í þeim efnum er víða pottur brotinn eftir ellefu ár Framsóknar yfir málaflokknum. Ekki er ólíklegt að hin öflugu samtök aðstandenda aldraðra, AFA, með Reyni Ingibjartsson í fararbroddi, og Félag eldri borgara undir styrkri forystu Margrétar Margeirsdóttur hafi náð eyrum ráðherrans í þessum efnum nú á síðustu vikum og mánuðum.

Ráðherra ætlar að berjast fyrir fjárveitingum til að ná þessu fram. Þar reynir á vilja samstarfsflokksins í blágræna bandalaginu, en fjármálaráðherra hefur mikið um það að segja.

Nú er að sjá hvernig fjárlagafrumvarpið, það síðasta fyrir kosningar, mun líta út í þingbyrjun. Ef áform Sivjar eiga að verða að veruleika verður að veita fé til þeirra í fjárlögum.

Ella er þetta bara tómt tal, án efa til þess ætlað að plata kjósendur til fylgis við sig í von um að þeir séu búnir að gleyma aðgerðaleysinu í málefnum aldraðra undanfarin tólf ár.

*Ásta R. Jóhannesdóttir*
*þingmaður Samfylkingarinnar*




# Sérfræðingar í útimálningu fyrir íslenskar aðstæður

*„Áður en þú velur málninguna, sem þú ætlar að nota, skaltu athuga hvort hún sé gerð fyrir íslenskar aðstæður. Íslenskt veðurfar er gjörólíkt því sem menn eiga að venjast erlendis. Þess vegna nota ég alltaf útimálningu frá Málningu hf."*
*Baldvin Már Frederiksen, málarameistari*




Útsölustaðir Málningar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi • Byko Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík

málning
-það segir sig sjálft-

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - MAL 32663 07/2006

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

### Vissir þú?

*að Baldur frá Bakka á 369 skráð afkvæmi? Þar af eru 44 komin með fyrstu einkunn en hæst dæmda afkvæmið er Depill frá Votmúla sem hlotið hefur 8,57 í aðaleinkunn. www.worldfengur.com*

# Fákar og fólk

HESTAMAÐURINN: OLIL AMBLE

## *Stefnir með Suðra á heimsmeistaramót*

Olil Amble sigraði síðustu helgi í fjórgangi á Íslandsmeistaramótinu á stóðhestinum Suðra frá Holtsmúla. Þetta er í þriðja sinn á fjórum árum sem þetta glæsilega par hampar titlinum.

„Suðri er gullfallegur, viljugur klárhestur með tölti og er mjög sterkur persónuleiki.“ Þannig lýsir Olil Suðra sem hún hefur þjálfað á fimmta ár en áður var hann taminn í Holtsmúla þar sem hann er fæddur. Innt að því hvort þjálfunin hafi verið eintómur dans á rósum neitar hún því og játar að hafa oft lent í hremmingum. „Þetta er hreyfingarmikill hestur og mikill persónuleiki. Þegar maður hefur verið með hest svona lengi þá er maður farinn að þjálfa inni á einhverju sviði sem maður hefur aldrei verið á áður sem knapi. Maður er farinn að ríða á afleiðingum þjálfunarinnar og í þessari þróun getur enginn sagt þér hvað er eðlilegt og hvað ekki. Maður þarf að þreifa sig áfram og lendir þá stundum í ógöngum sem maður þarf að bakka út úr og finna nýja leið,“ útskýrir Olil sem er þó mjög sátt við útkomuna enda segir árangurinn sína sögu. „Við höfum náð sáttum og ég held að hesturinn hafi þróast mjög vel á milli ára og sé alltaf að verða betri.“

Það sem fólk tekur helst eftir hjá Suðra er glæsilegt og hreyfingarmikið brokkið. Spurð að því hvernig hægt sé að ná fram slíku brokki svarar Olil því til að þetta sé meðfætt. „Hæfileikinn er meðfæddur en síðan er það knapans að láta hestinn halda hæfileikanum og jafnvel þróa hann og magna. Það vona ég að ég hafi gert,“ segir Olil sem stefnir með Suðra á heimsmeistaramótið á næsta ári. Hún segir algera sátt ríkja meðal eigenda hestsins um það enda hafi það verið ákveðið strax þegar Jón Ólsen og Erla kona hans keyptu helminginn í hestinum af Holtsmúlabúinu.

Ekki er búið að selja hestinn en Olil telur að það verði leikur einn að selja hann að loknu mótinu.

Ekki er dauður punktur í lífi Olil sem undirbýr nú utanför með landsliði Íslands á Norðurlandamót þar sem hún mun starfa sem þjálfari og aðstoðarmaður Hafliða Halldórssonar landsliðseinvalds.



MYND/HESTAR, AXEL

### Norðurlandamótið hefst á mánudag

Norðurlandamótið hefst mánudaginn 24. júlí og stendur til 30. júlí. Mótið er að þessu sinni haldið í Herning í Danmörku en skemmst er að minnast heimsmeistaramótsins sem haldið var þar með glæsibrag árið 2003.

Íslenska landsliðið er skipað tíu knöpum í fullorðinsflokki, fimm í flokki ungmenna 16-21 árs og þremur unglingum. Margir hestanna eru fengnir að láni fyrir Íslendingana enda ekki hlaupið að því að flytja hross út á slík mót.

Hafliði Halldórsson er landsliðseinvaldur en honum til halds og trausts verður Olil Amble.

Einar Ragnarsson var ráðinn yfirdómari en íslenskir dómarar verða Pétur Jökull Hákonarson og Sigurður Kolbeinsson.

Á mótið koma keppendur frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Færeyjum og Danmörku.

### Nemum fjölgar í Hólaskóla



Hólaskóla bárust í vor 167 umsóknir um námsvist og hafa þær aldrei verið fleiri. Ákveðið var að fjölga nemendum í hrossaræktardeild en þar giltu áður fjöldatakmarkanir. Það jókst því mjög fjöldi umsókna í deildina. Hefja um þrjátíu nemendur nám í hestafræðum og leiðbeinendanámi í haust. Áhugi er á að auka fjölda nemenda á næstu árum. Bygging nýs 200 hesta hesthúss ásamt reiðaðstöðu gerir þetta kleift og er áætlað að byggingunni verði lokið í sumar.

# Maður vinnur ekki Formúlu á Skóda

**Þórarinn Eymundsson og Kraftur frá Bringu unnu einstætt afrek á nýafstöðnu Íslandsmóti. Þeir sigruðu bæði í fimmgangi og tölti meistara, en það mun ekki hafa gerst áður að sama par hampi þessum tveimur titlum.**

„Maður vinnur náttúrulega ekki Formúluna á Skóda,“ segir Þórarinn Eymundsson sem vann það einstæða afrek á Krafti frá Bringu að sigra bæði í fimmgangi og tölti meistara á nýafstöðnu Íslandsmóti. Þetta er í fyrsta skipti sem sama par sigrar báðar þessar greinar á Íslandsmóti. Þeir hlutu 8,50 í einkunn í tölti og 7,98 í fimmgangi.

Spurður hver sé galdurinn á bak við árangur af þessu tagi segir Þórarinn það fyrst og fremst vera góðan undirbúning hests og knapa. Kraftur sé hreinn snillingur eins og best hafi sýnt sig á mótinu.

„Það eitt dugir þó ekki til. Það verður að vera gott samspil milli manns og hests,“ heldur Þórarinn áfram. „Þarna þurfa margir þættir að koma saman. Þjálfunin þarf að vera rétt og hesturinn þolinn, sem er mjög mikilvægt þegar verið er að taka tvær greinar saman. Þá þarf tæknilega hliðin að vera í lagi, þannig að hægt sé að stilla hestinn milli gangtegunda á réttum tíma og svo framvegis.“

Þórarinn útskýrir að hugsa þurfi sérlega vel um alla þætti sem snúi að líkamlegu og andlegu ástandi hestsins. Þá sé ekki síður mikilvægt að knapinn sé sjálfur í jafnvægi. Hann þurfi að vera vel úthvíldur og einbeitingin í góðu lagi.

„Úrslitin ráðast að miklu leyti utan vallar. Upphitun þarf að fara rétt fram og að hún leiði það af sér að hestur og knapi séu búnir að stilla sig rétt inn þegar farið er í brautina, þannig að báðir viti hvað stendur til. Einbeiting hests og knapa er gríðarlega mikilvæg. Þarna eru mörg smáatriði sem þurfa að falla saman. Samhæfa þarf hreyfingar knapans, sem eru að vísu ekki miklar. En þær þurfa að eiga sér stað á réttu sekúndubroti, á hárréttu augnabliki. Ég náði þessu þarna um helgina. Hesturinn var einbeittur og þá náðum við að sýna okkar bestu hliðar.“

Þórarinn segir enga eina formúlu fyrir því hvernig best sé að hita hest upp fyrir keppni. Sálfræðiþátturinn sé stór. Knapinn þurfi að skynja hvað hesturinn sé að hugsa og geta brugðist við því. Það sé einmitt það sem geri keppni í hestaíþróttum svo flókna sem raun ber vitni.

Sjálfur kveðst Þórarinn nú ætla að taka sér sumarfrí. Hann ætlar sér svo að halda áfram að keppa á hryssunni Ester frá Hólum sem hann vann 100 metra flugskeiðið á á Íslandsmótinu.

jss@frettabladid.is



**ÞÓRARINN OG KRAFTUR FRÁ BRINGU** Sigurhringurinn var farinn með glæsibrag, enda einstæður árangur að baki. MYND/HESTAR, AXEL






Murneyrarmótið haldið í síðasta sinn:

# Barn síns tíma

Hestamannafélagið Smári heldur árlega gæðingakeppni á Murneyri næstkomandi laugardag 22. júlí. Þetta er í síðasta sinn sem slík keppni verður haldin á Murneyri. Guðni Árnason, formaður hestamannafélagsins, segir keppnina á Murneyri eiga sér áratuga langa sögu. „Margir eiga mjög góðar minningar frá Murneyrarmótum,“ segir Guðni og bætir við að Murneyrarmótið hafi ávallt verið stórt og veglegt. Hins vegar hafi á síðustu árum orðið mikil þróun í hestamennsku. Fólk keyri langar leiðir til að keppa á hestum og fara með hryssur undir stóðhesta. „Þá voru Sleipnismenn alltaf með okkur í þessu. Þeir eru hins vegar komnir með toppaðstöðu á Selfossi og hafa því ekki tekið þátt í mótinu undanfarin ár. Þó að í hestamannafélaginu Smára séu um 130 félagar þá ber það sig einfaldlega ekki að halda úti völlum í hverju sveitarfélagi eins og var áður,“ segir Guðni en framtíðarkeppnissvæði Smára verður á Flúðum. „Ef nafni minn landbúnaðarráðherra lætur okkur hafa styrk til reiðhallarbyggingar eins og hefur verið beðið eftir, verður hún byggð á Flúðum,“ segir Guðni og bætir við að á vegaáætlun sé komin brú yfir í Reykholt sem stytti ökutímann frá Reykholti á Flúðir niður í fimm mínútur.

„Þetta var einfaldlega orðið barn síns tíma,“ segir Guðni áfram um Murneyrarmótin en hestamannafélagið hafði svæðið á leigu. Hvað verður um það í framtíðinni er undir landeiganda komið.

Síðasta Murneyrarmótið á laugardaginn stendur aðeins þennan eina dag og lýkur með kvöldvöku með varðeldi.



**FRÁ MURNEYRARMÓTI** Margir eiga mjög góðar minningar frá Murneyri. Hér eru sigurvegarar í tölti á Murneyrarmóti árið 1978. FRÉTTABLAÐIÐ/VORSABÆR 2

NÚ ER LÍF Í TUSKUNUM
ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

NEXT
KRINGLUNNI



35% afsláttur
Lamb
Lambasteik
877 kr. kg
1349
Goða lambasteik
279 kr. kg
398
Krónu Pylsur
10stk í pakka
KRÓNAN
Pylsur
30% afsláttur
1199 kr. kg
398
Krónu lambasteik kryddað
KRÓNAN
Kryddað Lambakjöt
30% afsláttur
25% afsláttur
Rana pasta 4 teg.
Tagliatelle
Tortelloni
Lasagne
Cappaletti
Moulinex Juice Master safapressa
5490 kr/stk
HOLLT & GOTT
Ferskjur 1kg askja
249 kr/stk
Nektarínur 1kg askja
249 kr/stk
Krónu skinkusalat
167 kr/stk
Krónu eldhúsrúllur
199 kr/stk
KRÓNUR
Góu tvenna Hraun - Æði
319 kr/stk
ÆÐI BITAR
KRÓNAN
Krónu hangikjötssalat
167 kr/stk
Doritos
Doritos Cool American Nacho Cheese
159 kr/stk
Virk Sam-keppni
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
Skeifan: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
Bíldshöfði: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Hringbraut: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Breiðholt: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Norðurbrún: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Hvaleyrarbraut: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Mosfellsbær: Allir dagar 12-23
Selfoss: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Vestmannaeyjar: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Þorlákshöfn: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
40% afsláttur
299 kr. kg
499
Krónu 4 grillborgarar m/brauði
30% afsláttur
1154 kr. kg
1649
Borganes Grillpakki grillkjöt, pylsur og salat
Grillkjöt
franskar grill pylsur
Kartöflusalat
CAFÉ MUSICA
COOKIES CLASSIC
Griesson gæðakex verð frá
159 kr/stk
Argentínu grillsósur
299 kr/stk
Hvítlauks
Grænpipar
Koníaks Pipar
Dijon Estragon
Sinneps og Graslauks
Argentínu sósur á góðu verði
15% afsláttur
EINNOTA GRILL Ódýrt
289 kr/stk
Nóa kropp fata 500gr
499 kr/stk
Queens hvítlauksbrauð
95 kr/stk
Doritos
NÓA KROPP
Grilláhöld í úrvali
Alltaf frábær tilboð alla daga

**CARLOS SANTANA**
**FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1947.**



*„Ég hlæ vegna þess að ég veit hver leyndardómur lífsins er. Leyndarmálið er að ég hef staðfest tilveru mína. Ég veit að ég er meira virði en húsið mitt, bankareikningurinn minn eða hvaða dauður hlutur sem er.“*

***Carlos Santana er mexíkóskur tónlistarmaður sem gerði garðinn frægan með hljómsveitinni Santana.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 20. JÚLÍ 1969

# Menn lenda á tunglinu



Á þessum degi árið 1969 lenti geimfarið Apollo 11 á tunglinu með þá Neil Armstrong, Edwin Aldrin og Michael Collins innanborðs. Þremenningarnir lögðu af stað hinn 16. júlí og fjórum dögum síðar stýrði Armstrong geimfarinu niður á suðvesturhluta tunglsins. Rúmum sex tímum síðar steig Armstrong á yfirborð tunglsins fyrstur manna og sagði: „Þetta er lítið skref fyrir einn mann en risastökk fyrir mannkynið.“

Þeir Armstrong and Aldrin fóru út úr tunglferjunni og eyddu um tveimur klukkustundum í tunglgönguna og tóku fjölda mynda og sýnishorn af yfirborði tunglsins. Þriðji geimfarinn, Michael Collins, beið hins vegar eftir þeim inni í geimfarinu. Eftir að hafa dvalið á tunglinu í 21 klukkustund og 36 mínútur lögðu þeir af stað heim til jarðar og lentu á Kyrrahafinu hinn 24. júlí.

Viðburðurinn vakti gríðarlega athygli og er talið að yfir 600 milljónir manns hafi horft á hann í sjónvarpi. Almenningur fagnaði geimförunum þremur hinn 13. ágúst og skrúðgöngur þeim til heiðurs voru farnar í New York, Chicago og Los Angeles. Þeir ferðuðust einnig til 25 landa, meðal annars til Englands þar sem þeir hittu Elísabetu Englandsdrottningu.

## MERKISATBURÐIR

**1917** Corfu-yfirlýsingin er gefin út en hún hvatti til stofnunar sameinaðs ríkis Júgóslavíu.

**1944** Nokkrir leiðtogar úr þýska hernum reyna að ráða Adolf Hitler af dögum.

**1968** Skrúfað er frá vatnsleiðslu sem hafði verið lögð til Vestmannaeyja.

**1973** Stofnfundur Flugleiða er haldinn en félagið varð til við sameiningu Flugfélags Íslands og Loftleiða.

**1976** Víkingur 1 snertir jörð á Chryse Planitia á Mars.

**1989** Hvalveiðum lýkur þegar síðasti hvalurinn kemur á land í hvalstöðinni í Hvalfirði.

**1992** Václav Havel segir af sér sem forseti Tékkóslóvakíu.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Örn J. Petersen**

Hybenvænget 10, Sorö, Danmörk,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 19. júlí. Jarðaförin auglýst síðar.

**Berglind Ólafsdóttir**
**Sandra Bragadóttir** **Mikael Jörgensen**
**Hrafnhildur Arnardóttir**
**Arnór Dan Arnarson**
**Karen Arnardóttir**
**Heiðdís Arnardóttir**
**Ágústa Marý**

†



*Innilegustu þakkir sendum við öllum þeim, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Agnars Guðmanns Guðmundssonar**

múrarameistara, Haðarlandi 15, Reykjavík.

**Guðrún Valdimarsdóttir**
**Sigurbjörg Edda Agnarsdóttir** **Benóný Eiríksson**
**Svanhildur Agnarsdóttir** **Hafliði Sigtryggur Magnússon**
**Agnar Rúnar Agnarsson** **Guðlaug Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rebekka Sigríður Þóroddsdóttir**

Skarðshlíð 29b, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 15. júlí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 20. júlí kl. 13.00.

**Gunnþór Kristjánsson**
**Jakobína Þórey Gunnþórsdóttir**
**Kristján Gunnþórsson** **Jónína Helgadóttir**
**Þóroddur Gunnþórsson** **Lilja Marinósdóttir**
**Sveinmar Gunnþórsson** **Kristín Pálsdóttir**
**Eyþór Gunnþórsson** **Soffía Valdimarsdóttir**
**Jóhanna Gunnþórsdóttir** **Brynjólfur Lárentínusson**
**Ragnar Gunnþórsson** **Sigrún Geirsdóttir**
**Haraldur Gunnþórsson** **Hallfríður Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



**HEIÐDÍS LILJA MAGNÚSDÓTTIR, NÝR RITSTJÓRI NÝS LÍFS** Ætlar ekki að gera miklar breytingar á blaðinu enda gangi það vel en hún á von á því að einhverjar áherslubreytingar verði. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## HEIÐDÍS LILJA MAGNÚSDÓTTIR: NÝR RITSTJÓRI NÝS LÍFS

# Krefjandi og spennandi starf

„Þetta leggst rosalega vel í mig og ég hlakka til að takast á við þetta. Þetta er krefjandi en um leið mjög spennandi en ég er búin að starfa hérna í fimm ár hjá Fróða og hjá Nýju lífi þannig að ég veit alveg út í hvað ég er að fara,“ segir Heiðdís Lilja Magnúsdóttir, sem nýlega tók við ritstjórn tímaritsins Nýs lífs. „Ég hef verið blaðamaður í fimm ár og þar af ritstjórnarfulltrúi í tvö ár,“ segir Heiðdís en hún er píanókennari að mennt.

Spurð hvort einhverjar breytingar verði á blaðinu með tilkomu nýs ritstjóra segist Heiðdís ætla að gera einhverjar smábreytingar en annars séu miklar breytingar ekki á döfinni. „Það er engin ástæða til að stökkbreyta Nýju lífi, blaðið gengur vel og hefur gert undanfarin ár en það verða einhverjar áherslubreytingar, eins og alltaf þegar nýtt fólk tekur við.“

Áður en Heiðdís tók til starfa hjá Nýju lífi vann hún sem píanókennari í tvö ár en þegar auglýst var eftir blaðamanni á tímaritinu sló hún til og sótti um starfið. „Nei, ég kom nú eiginlega alveg græn inn í þetta þannig, ég hafði bara aðeins verið að skrifa fyrir sjálfa mig en ekkert verið að flagga því neitt,“ segir Heiðdís spurð um reynslu sína af ritstörfum. „Blaðamennska er nú þannig að það er kostur að fólk hafi sem fjölbreyttastan bakgrunn, en annað hvort er maður góður penni eða ekki,“ segir hún.

„Píanóleikarinn blundar alltaf í mér og mér fannst rosalega gaman að kenna þegar ég var að því,“ segir Heiðdís en hún lauk áttunda stigi í píanóleik frá Tónlistarskólanum á Sauðárkróki og píanókennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík.

„Við reynum að velja fólk hérna inn sem getur nánast hvað sem er,“ segir Heiðdís en á blaðinu starfa þrír blaðamenn ásamt henni. Hún segir að sig hafi aldrei grunað að hún ætti eftir að verða blaðamaður en segist hafa lesið Nýtt líf af miklum áhuga þegar hún var yngri. „Þetta er ofboðslega skemmtilegt, maður veit aldrei hvað dagurinn ber í skauti sér þegar maður mætir í vinnuna og maður er alltaf að hitta nýtt fólk. Maður lærir mikið í þessu starfi,“ segir Heiðdís að lokum.

**gudrun@frettabladid.is**



## 40 ára afmæli

**Ollý fertug 21. júlí**

*Af því tilefni býður hún ættingjum og vinum til veislu að heimili sínu Kirkjulandi á Kjalarnesi föstudaginn 21. júlí sem hefst kl. 20.*

*Þú kemur ef þú kemur, annars kemur þú ekki.*

## ÚTFARIR

13.00 **Björg Ágústsdóttir** verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Eyjólfur Thoroddsen**, Boðagranda 4, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Halldór Snorrason**, fyrrverandi útgerðarmaður, Kleppsvegi 62 (áður Eikjuvogi 19), verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

13.00 **Valgarður Stefánsson,** Bræðraborgarstíg 23, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

13.30 **Rebekka Sigríður Þóroddsdóttir**, Skarðshlíð 29b, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Guðmundur S. Ármannsson**, byggingameistari, Seljugerði 4, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

## AFMÆLI



**Brian Pilkington** myndlistarmaður er 56 ára.



**Ásta Sighvats Ólafsdóttir** leikkona er 34 ára.

# Ferð til Viðeyjar í kvöld

Í kvöld verður farið í siglingu til Viðeyjar undir stjórn Guðjón Friðrikssonar sagnfræðings en ferðin er hluti af Kvöldgöngum í Kvosinni sem menningarstofnanir Reykjavíkurborgar standa fyrir á fimmtudagskvöldum í sumar. Siglingin tekur um þrjátíu mínútur og á leiðinni mun Guðjón meðal annars fræða farþega um stofnun Innréttinga og upphaf Reykjavíkur.



**VIÐEY** Þetta er önnur Kvosarsiglingin til Viðeyjar í sumar.

Örvar Eiríksson, verkefnastjóri hjá Menningar- og Ferðamálasviði borgarinnar, segir að dvalið verði í Viðey í um klukkustund þar sem Guðjón fræðir gestina um Skúla Magnússon, einn af stofnendum Innréttinga, en hann bjó í Viðey í fjörutíu ár, á árunum 1754 til 1794. Viðeyjarstofa var embættisbústaður Skúla sem landshöfðingja en húsið er fyrsta steinhús á Íslandi. Viðeyjarkirkja var reist að tilstuðlan Skúla og er næstelsta kirkja landsins.

Skúli stjórnaði Innréttingum og valdi þeim stað í Reykjavík ekki síst vegna nálægðarinnar við Viðey en á þessum tíma komu aðrir staðir einnig til greina. Þessi ákvörðun olli því meðal annars að Reykjavík byggðist upp sem borg en á þessum tíma var hún aðeins þorp.

Örvar segir að á þeim tíma sem Skúli hafi búið í Viðey hafi fjöldi fólks búið þar enda mjög eftirsótt bújörð. Í Viðey er mikið landrými og mikil gróðursæld. Einnig fólust verðmæti í dúntekjunni en þar er að finna æðardún.

Þetta er önnur Kvosarsiglingin en í lok júní var siglt um sundin og farið framhjá Viðey, Akurey, Þerney, Lundey og Engey undir stjórn Örlygs Hálfdánarsonar. Ferðin hefst klukkan átta í kvöld í Grófinni á milli Tryggvagötu 15 og 17 og stendur í um tvo tíma. 750 krónur kostar í ferðina fyrir fullorðna og 350 krónur fyrir börn.



**TÍSKUSÝNING Í ÍRAN** Lögð var áhersla á að gera hið hefðbundna ögn sláandi á tískusýningunni í Teheran í vikunni og tókst það með ágætum. NORDICPHOTOS/AFP



## 150 ár frá fæðingu Tesla

Talið er að uppfinningamaðurinn Nikola Tesla hafi fæðst á þessum degi í Serbíu árið 1856 og eru því 150 ár í dag frá fæðingu hans.

Tesla hafði margt til brunns að bera, hann var uppfinningamaður, eðlisfræðingur, vélaverkfræðingur og rafmagnsverkfræðingur. Tesla er talinn með mestu uppfinningamönnum sögunnar en hann er meðal annars þekktur fyrir uppgötvanir sínar á sviði rafmagns.

Tesla skapaði sér mikla virðingu í Bandaríkjunum eftir að hafa sýnt fram á þráðlaus samskipti en vinna hans átti eftir að hafa mikil áhrif á rafmagnsverkfræði og margar uppgötvanir hans reyndust mjög mikilvægar.

Tesla dó árið 1943 en fjórum árum síðar úrskurðaði Hæstiréttur Bandaríkjanna að hann væri uppfinningamaður útvarpsins. Tesla dó án þess að öðlast þá frægð sem hann átti skilið fyrir störf sín.

### ÞESSIR FÆDDUST



**1814** Samuel Colt, bandarískur uppfinningamaður.



**1834** Edgar Degas, franskur málari.



**1962** Anthony Edwards, bandarískur leikari.

**Mest**
lesna tímaritið*
birta
*Gallup Október 2005






ÍVAR GUÐMUNDSSON
9-12 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?

Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN 20 ÁRA
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## STUÐ MILLI STRÍÐA Engar útungunarvélar á bótum

**RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR** ER MEÐ LAUSNINA Á LÆKKANDI FÆÐINGATÍÐNI.



Fæðingatíðni í Evrópu ku vera hæst á Íslandi en ráðamenn í Austurríki, Þýskalandi, Frakklandi og víðar eru hins vegar í mestu vandræðum því fæðingatíðnin er allt of lág. Það verða jú einhverjir að vinna fyrir skuldum framtíðarinnar og það veit ekki á gott ef komandi kynslóðir eru fáliðaðar. Bjartsýnismenn í löndunum gripu til þess ráðs að hækka barnabætur til að hvetja til aukinna barneigna, en konur láta ekki plata sig með slíkum brögðum.

Það vill nú svo til að við konur nútímans höfum engan sérstakan áhuga á því að vera bara húsmæður og unga út hverju barninu á fætur öðru. Við viljum krefjandi starfsframa, eins og karlarnir, með barneignunum. Það þýðir að þjóðfélagið verður að gefa nægilegt svigrúm til barneigna. Leikskóla- og skólamál verða að vera í góðu lagi og fæðingarorlof mæðra og feðra raunhæfur kostur.

Ef við eigum að koma fleiri börnum út úr okkur verða þjóðarleiðtogar bara að gjöra svo vel að huga að þörfum kvenna í þjóðfélaginu. Lækkandi fæðingatíðni er fylgifiskur aukinnar menntunar og jafnréttis en um leið er aukið jafnrétti lausnin á vandamálinu. Þetta sést kannski einna best á Íslandi, þar sem há fæðingatíðni helst í hendur við framúrskarandi fæðingarorlofskerfi og sterka stöðu kvenna almennt. Auðvitað eru til aðrar lausnir á málinu. Ódýrast er að hleypa inn nógu andskoti miklu erlendu vinnuafli úr hópi fólks þar sem fæðingatíðnin er há. Þetta hafa Bandaríkin gert með góðum árangri. Bush kallinn og hans mátar eru líka iðnir við að traðka á kvenréttindum, banna fóstureyðingar og framleiða heilu bæina af heilaþvegnum (trúuðum) húsmæðrum sem hafa ekkert betra að gera en að eignast börn til að senda til Íraks.

Ég trúi því þó að Evrópuþjóðir átti sig á réttu lausninni. Fleiri femínistar, meira jafnrétti, hærri fæðingatíðni og málinu er reddað.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





## Með hníf og gaffli

> Þráinn Bertelsson

# Frægur hvalastaður




Veitingastaðurinn Þrír Frakkar kúrir á kyrrlátum stað, neðarlega á Baldursgötunni, og hefur getið sér slíkt frægðarorð að flestir ferðamenn sem koma til Íslands líta á það sem jafnnauðsynlegt að heimsækja Þrjá Frakka og að skoða Gullfoss og Geysi. Það eru einkum hugkvæmni og matreiðslusnilld Úlfars Eysteinssonar sem hafa aflað Þrem Frökkum slíkrar frægðar. Hugkvæmnin lýsir sér í því að bjóða upp á hrátt hvalkjöt sem er stranglega forboðinn ávöxtur í flestum öðrum löndum, og matreiðslusnilld Úlfars sést af því að hann átti ásamt öðrum góðum kokkum stóran þátt í að kenna Íslendingum að fiskur er veislukostur - meira að segja plokkfiskur er sælgæti.

Það er best að koma sér beint að efninu. Forrétturinn hrár hvalur með japanskri piparrót og soyasósu (1.490 kr.), meyr eins og iðrandi syndari, er algjört sælgæti. Sömuleiðis taðreyktur Skútustaðasilungur (1.590 kr.). Hina fornlegu plastprjóna sem fylgdu hvalnum mætti endurnýja.

Aðalréttir voru pönnusteiktur saltfiskur með furuhnetum, rúsínum og eplum (2.700) sem var mátulega útvatnaður og vel matreiddur. (Hvítvínsglas með kostaði 800 kr). Smjörsteikt smálúða með humri og humarsósu (3.100) var ágæt út af fyrir sig, en setti talsvert niður við að vera borin fram með forsoðnum vatnsósa kartöflum sem ekki voru verðugir fylgifiskar hinnar göfugu smálúðu.

Eftirréttir voru metnaðarlítill vanilluís (850) sem gerði skyldu sína og boldangssneið af framagjarnri skyrtertu (950) sem vakti meiri athygli. Einnig er hægt að fá eftirrétt hússins „sviðið skyr“ (skyr brulee), sem er skemmtilegt tilbrigði við hinn heimsfræga „sviðna rjóma“ (creme brulee). Og kaffið var gott!

Það var allt að því kraftaverk hversu stuttan tíma þessi máltíð tók. Þjónustan var vingjarnleg og hröð án þess að það væri asi á fólkinu. En það vildi ég óska að öll veitingahús með snefil af metnaði sæju gestum sínum fyrir alvöru munnþurrkum, því að þunnar pappírsservíettur detta samstundis á gólfið við minnstu hreyfingu - og þótt það sé í sjálfu sér ekki mikið verk að teygja sig eftir servíettunni er maður hikandi við að þurrka sér um munninn á einhverju sem maður hirðir upp á gólfinu. Matargestir voru flestir kátir mjög og svo háværir að glymjandin inni í þessu litla rými var við hættumörk.

ATH: Í síðasta MEÐ HNÍF OG GAFFLI misritaðist fyrirsögn við umfjöllun um Lækjarbrekku. Prentvillupúkinn skrifaði GAMALT. Höfundur skrifaði hins vegar GAMALT OG GOTT.

**Þrír Frakkar Baldursgötu 14 101 Reykjavík**
Máltíð fyrir tvö á Þrem Frökkum kostaði 12.180 kr.
**Plúsarnir** eru heimilislegt umhverfi, góð þjónusta og áhersla og augljós kunnátta í meðferð fiskrétta - og hvalkjöts.
**Mínusarnir** eru skortur á metnaði til að gera góðar máltíðir frábærar, samanber vatnsósa kartöflur og ódýrar pappírsservíettur.




**HVERS VEGNA ER LAUGAVEGURINN EINSTÖK GATA?** Danski arkitektinn Tanja Jordan hvetur fólk til þess að svara þessari spurningu og öðrum á heimasíðunni www.urbanaffair.blogspot.com FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Glöggt er gests augað

Vegfarendur í miðborg Reykjavíkur hafa margir hverjir rekið augun í svarthvít plaköt á dönsku með fyrirsögnum á borð við: „Hvorfor er Laugavegur en unik gade?“ og „Hvad skal vi bruge Hljómskálagarðurinn og Vatnsmýri til?“ sem hanga nú víðsvegar um borgina.

Það er danski arkitektinn Tanja Jordan sem á heiðurinn af þessum veggspjöldum en hún býr nú í Reykjavík gagngert til þess að kanna viðhorf Íslendinga til miðborgarinnar. Tanja býður fólki að taka þátt í umræðum á vefslóðinni www.urbanaffair.blogspot.com en þar mun hún einnig kynna eigin hugmyndir sem nýst gætu borgaryfirvöldum við þróun miðborgarinnar. Þetta uppátæki Tönju er liður í verkefni á vegum NIFCA (Nordic Institute for Contemporary Art) sem kallast Social Perspectives on Architecture and Design.

Fleiri arkitektar og hönnuðir eru í öðrum borgum að vinna að sama verkefni en taka þó ekki sama pól í hæðina og Tanja. „Það er svo margt að gerast í Reykjavík um þessar mundir, breytingar sem eru mjög spennandi en hafa einnig mjög mikil áhrif á þróun borgarinnar og munu breyta henni,“ segir Tanja, sem vill sjá meiri umræðu um þróun miðborgarinnar hvað varðar Laugaveginn, Vatnsmýrina, höfnina og Hljómskálagarðinn.

„Í Kaupmannahöfn eru venjulega mjög líflegar umræður í kringum ný verkefni og þar er venja að íbúar og arkitektar vinni saman að þróun hugmynda,“ segir Tanja, sem er 36 ára gömul og stundar sjálfstæðan rekstur í Kaupmannahöfn. Nú þegar hafa nokkrir sagt skoðun sína og komið með hugmyndir að betri miðborg á heimasíðunni en Tanja vonast til þess að hún geti tekið hugmyndirnar saman og komið áleiðis til skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í lok mánaðarins.

snaefridur@frettabladid.is

50-70% afsláttur
af öllum útsöluvörum

| | | |
|---|---|---|
| Blússur | 1500 kr. | ~~4990~~ kr. |
| Toppar | 1500 kr. | ~~6990~~ kr. |
| Gallabuxur | 2000 kr. | ~~6990~~ kr. |
| Hörbuxur | 2000 kr. | ~~4990~~ kr. |

WAREHOUSE
KRINGLUNNI
Nýtt kortatímabil

**! Kl. 20.00**

*Græna-trefilsganga um útivistarskóga Skógræktarfélags Hafnarfjarðar í Gráhelluhrauni og Höfðaskógi undir leiðsögn starfsmanna félagsins. Mæting er á stæði við fánaborg við Kaldárselsveg við Gráhelluhraun*

# menning

menning@frettabladid.is

# Orgeltónar í hádeginu

Orgelleikarinn Douglas A. Brotchie leikur í tónleikaröð Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju í dag. Tónleikarnar, sem byrja kl. 12, hefjast á Kornelíusarmarsi eftir Felix Mendelssohn, sem upphaflega var skrifaður fyrir hljómsveit árið 1841. Næst á eftir leikur Douglas prelúdíu og fúgu í G-dúr eftir J. S. Bach. Þriðja verkið er Mozart Changes eftir ungverska tónskáldið Zsolt Gárdonyi sem hann skrifaði fyrir Mozart-tónlistarhátíðina í Oklahoma árið 1996. Þar vinnur hann með stef úr einum píanókonserta Mozarts á mjög skemmtilegan hátt. Tónleikunum lýkur með einu þekktasta orgelverki franska orgelskólans, adagio og tokkata úr 5. orgelsinfóníu Charles-Marie Widor. Brotchie er starfandi organisti í Háteigskirkju en hann flutti hingað til lands árið 1981. Hann lauk kantorsprófi og orgeleinleikaraprófi frá Tónskóla þjóðkirkjunnar, var annar organisti Dómkirkju Krists konungs í mörg ár og var organisti Hallgrímskirkju í eitt ár í leyfi Harðar Áskelssonar.

Hann hefur haldið tónleika víða um Evrópu, bæði sem meðleikari, m.a. með Söngsveitinni Fílharmóníu, Mótettukór Hallgrímskirkju og Schola cantorum, og á fjölda einleikstónleika. Hann hefur oft komið fram sem organisti í sjónvarpi og útvarpi og hefur auk þess leikið inn á fjölda geisladiska.



**DOUGLAS BROTCHIE ORGELLEIKARI** Leikur verk eftir Bach, Gárdonyi og Widor.

## > Ekki missa af...

**Djangodjass-hátíðinni** á Akureyri. Margir af færustu tónlistarmönnunum í þessum músíkgeira sækja heim **höfuðstað** Norðurlands um helgina.

sumarsýningu **Hafnarborgar** sem helguð er hrauninu. Yfirskriftin „Hin blíðu hraun“ er sótt til **meistara** Kjarvals en listfræðingurinn **Jón Proppé** hefur valið saman verk eftir fimm íslenska listamenn sem allir vinna með ímynd hraunsins.

sumartónleikum í **Skálholtskirkju**. Kliðmjúk nútímatónlist, barokk og fleira **flott** á fornum kirkjustað sem fagnar margföldu **afmæli** í sumar.
















# Silfruð syrpa á Borginni

**Söngvarinn Seth Sharp flytur silfraða söngdagskrá ásamt söngkonunni Védísi Hervöru Árnadóttur á Borginni í kvöld og annað kvöld.**

Tónleikarnir fara fram á veitingastaðnum Silfur á Hótel Borg sem er skemmtileg tilviljun því Seth fékk hugmyndina að baki dagskránni og yfirskrift hennar löngu áður en staðsetningin var ákveðin. „Þetta var algjör tilviljun, ég kalla dagskrána „Silfur“ sem vísar til blöndu af svörtu og hvítu. Við flytjum íslensk og bandarísk lög og blöndum þeim saman í syrpu, til dæmis flytur Védís lagið „Sofðu unga ástin mín“ og ég syng „Summertime,“ útskýrir Seth Sharp.

Hann kveðst hafa tekið eftir ýmsum hliðstæðum í menningu Íslendinga og Bandaríkjamanna, einkum blökkumanna, og vísar þar til harðneskjunnar sem Íslendingar bjuggu við, til dæmis fyrir stríð. „Það eru mörg þemu í íslenskri tónlist frá þeim tíma sem hafa líkindi við tónlist blökkumanna og mér fannst fróðlegt að kanna það nánar. Síðan fékk ég styrk frá bandaríska sendiráðinu til þess að halda þessa tónleika.“ Í kvöld og á morgun gefst hlustendum síðan kostur á að heyra afraksturinn en aðeins tvennir tónleikar eru fyrirhugaðir því söngkonan er á leið aftur til London, þar sem hún dvelur um þessar mundir.

Seth útskýrir að þau muni segja ákveðna sögu í gegnum tónlistina en áréttar að sú saga sé alls ekki sorgleg. „Það eru sorgleg andartök en það fallega við menningu beggja landa er þessi óbilandi sjálfsbjargarhvöt. Íslendingar eru þjóð sem lifir af. Þið setjið upp skemmtigarð í þessum napra kulda. Það minnir mig á heimabæ minn, Hartford í Connecticut, en í hverfinu mínu bjuggu aðeins blökkumenn. Þar bjargaði fólk sér og byggði án þess að velta því of mikið fyrir sér. Ef það vantaði körfuboltavöll þá festu menn gjörð upp í tré og þá var kominn völlur.“

Seth Sharp og Védís vinna saman í fyrsta skipti en hann segist gjörsamlega heillaður af söng hennar. „Ég var að leita að einhverjum til þess að flytja þetta efni með mér og nokkrir mæltu með henni við mig. Síðan sungum við saman á veitingastaðnum Horninu þar sem ég kem fram með djassdagskrá annan hvern fimmtudag og það gekk frábærlega. Það er sérstakt og sjaldgæft að fá að syngja svona tónlist með svona söngkonu, hún er með undursamlega rödd.“

Tónleikarnir hefjast kl. 21.00 í kvöld og annað kvöld. - khh



**SETH SHARP OG VÉDÍS HERVÖR** Með íslensk-ameríska efnisskrá á veitingastaðnum Silfur.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR







# Bónus frá Reykjavík!

Félagar í hljómsveitinni Reykjavík! efna til tónleika á barnum Barnum á Laugavegi 22 í kvöld og fagna frumburði sínum, Glacial Landscapes, Religion, Oppression and Alcohol, sem nýlega kom út hjá 12 Tónum. Þessi fyrsta plata þeirra hefur hlotið hlýjar viðtökur hjá hlustendum, sem án efa bíða spenntir eftir því að sjá piltana á sviði enda eru þeir þekktir fyrir allt annað en ládeyðu og linku.

Þeim til fulltingis verða rapparinn raupsami Bent og hljómsveitin Jeff Who? sem án efa munu ljá þessari kvöldskemmtun enn fágaðra yfirbragð.

Tónleikarnir hefjast kl. 22 og aðgangur er ókeypis. - khh



**REYKJAVÍK! SPILAR Á BARNUM** Tónlistarmenn annálaðir fyrir útgeislun á sviði.



**SVANUR VILBERGSSON GÍTARLEIKARI** Heldur einleikstónleika á Eskifirði og Selfossi.

# Sígildur gítar

Gítarleikarinn Svanur Vilbergsson heldur einleikstónleika í Kirkju- og menningarmiðstöðinni Eskifirði í kvöld en hann lauk nýlega einleikaraprófi í klassískum gítarleik og útskrifaðist með hæstu einkunn frá skólanum sínum í Maastricht.

„Þetta var fjögurra ára nám en ég hafði áður stundað tónlistarnám á menntaskólastigi í Bretlandi og sótt einkakennslu á Spáni. Að útskrift lokinni bauð Menningar- og Kirkjumiðstöð Eskifjarðar mér fjárstyrk til að halda einleikstónleika á staðnum sem ég auðvitað þáði. Þetta er fínt tækifæri fyrir ungan einleikara eins og mig sem er rétt skriðinn úr námi.“ Svanur segist fyrr í þessum mánuði hafa haldið tónleika í kirkju Stöðvarfjarðar sem gengið hafi framar vonum en kirkjan hafi verið yfirfull af fólki. „Einnig lék ég í sömu vikunni í Vallarnesi og tókust þeir tónleikar jafnframt vel. Ég mun líka halda tónleika á Selfossi í byrjun ágúst svo það er bara nokkuð mikið að gera hjá mér.“

Svanur mun leika verk eftir tónskáldin, Bach, Geuliani og Brouer og hefjast báðir tónleikarnir kl. 20. **- brb**

# Miðaldamarkaður og merkilegar skotthúfur

Mikið stendur til hjá Minjasafni Akureyrar um helgina því þá verður haldinn miðaldamarkaður að Gásum í Eyjafirði þar sem áhugasömum gefst kostur á að kynna sér horfna starfshætti og menningu liðinna alda.

Kaupmenn og handverksfólk í miðaldaklæðnaði verða við leik og störf á svæðinu. Seldur verður innlendur og erlendur varningur og unnið að ýmiss konar handverki, svo sem vattarsaumi, tálgun og skósaumi, auk þess sem spáð verður í rúnir og boðið upp á kjötsúpu.

Einnig verður brennisteinn úr Námafjalli hreinsaður með gömlum aðferðum og skotið úr miðaldafallbyssu út í Eyjafjörð með reglulegu millibili. Danskir riddarar munu berjast og gestir geta spreytt sig í bogfimi og steinakasti auk þess sem boðið verður upp á reiðtúra. Sönghópurinn Hymnodia syngur miðaldalög og aukinheldur munu fornleifafræðingar frá Fornleifastofnun Íslands bjóða upp á leiðsögn um uppgraftarsvæði sem verið er að rannsaka á Gásum. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðunni www.gasir.is.

Í kvöld kl. 20.30 verður hins vegar haldin sérstök kvöldvaka í Gamla bænum í Laufási á vegum Minjasafnsins en hún er haldin til heiðurs sr. Jónasi Jónassyni sem skrifaði bókina Íslenskir þjóðhættir.

Vakan ber yfirskriftina „Bjart er yfir baugalín“ en þar flytur Inga Arnar fyrirlestur um sögu skúfhólksins og þróun og merkingu hans í tengslum við íslenskar kvenskotthúfur. Inga lauk nýlega prófi í þjóð- og nútímafræði frá Háskóla Íslands. Inga er menntuð sem fata- og textílkennari frá Odense Fagskole & Håndarbejdsseminarium í Danmörku og hefur síðari ár sérhæft sig í kvenþjóðbúningasaum og þjóðbúningasaumanámskeiðum sem hún hefur aðallega starfrækt á vinnustofu sinni á Akureyri. **- khh**



**FORN MENNING Í EYJAFIRÐI** Minjasafnið á Akureyri stendur fyrir kvöldvöku og miðaldamarkaði.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JÚLÍ**

17 18 19 **20** 21 22 23

**Fimmtudagur**

**TÓNLEIKAR**

- 17.00 **Gavin Portland** leikur á vegum tónleikaraðar **Grapevine** og **Smekkleysu** í **Gallerí Humri eða frægð.**
- 21.00 Söngvararnir **Seth Sharp** og **Védís Hervör** flytja söngdagskrána **Silfur** á **Hótel Borg**.
- 22.00 **Gavin Portland** leikur á vegum tónleikaraðar **Grapevine** og **Smekkleysu** ásamt **Retron** og **Death Metal Supersquad** á **Cafe Amsterdam**.
- Tónlistarmaðurinn **Lára Rúnarsdóttir** heldur tónleika á skemmtistaðnum **Yello** í Reykjanesbæ.

**ÚTIVIST**

- 20.00 **Græna-trefilsganga** um útivistarskóga **Skógræktarfélags Hafnarfjarðar** í **Gráhelluhrauni** og **Höfðaskógi** undir leiðsögn starfsmanna félagsins. Gangan er liður í fræðslustarfi skógræktarfélaganna og KB-banka. Mæting er á stæði við fánaborg við Kaldárselsveg við Gráhelluhraun.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


www.volkswagen.is




**Caddy**

Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstursegininleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 m³. Bíllinn er afar vel búinn, ASR spólvörn ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Vélarstærðir í boði eru 1,4 l bensín 75 hö. og 2,0 l dísil 70 hö.

**Verð 1.813.000 kr.**
**eða 28.565 kr. á mánuði***

**Transporter**

Fáir vinnubílar búa að jafn langri og glæstri hefð og Transporter. Burðargetan er 0,8–1,4 tonn. Hleðslurýmið er 5,8–9,3 m³. Allir bílarnir koma með hleðsluhurðum báðum megin* og hægt er að skipuleggja geymslurýmið á ótal vegu. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

*High roof er eingöngu með rennihurð hægra megin

**Verð frá 2.645.000 kr.**
**eða 41.681 kr. á mánuði***

**Transporter Pickup**

Ný útfærsla á Transporter, með ótal atriðum sem greina hann frá keppinautunum í flokki léttari sendibíla. Pallurinn er 2,93 m langur og 1,94 m breiður. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

**Verð frá 2.756.000 kr.**
**eða 43.431 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í fimm sæta útfærslu með hliðargluggum.

Einnig fáanlegur í átta sæta útfærslu með hliðargluggum.

Einnig fáanlegur í sex manna Double-Cab útfærslu.

**Þú finnur hentugustu fjármögnunarleiðina með hjálp sölufulltrúa okkar**

Aus Liebe zum Automobil

*M.v. Bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4068

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is

**Yfir 150.000 gestir daglega**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

*Fuck you and your self-righteous code of the goddamn streets. Did it pull you out of a 30 year stint in only 5 years? No, it didn't, I did. Did it get you acquitted 4 fucking times? No, it didn't, I did, so fuck you, fuck the streets, your whole goddamn world is this big, and there's only one rule, you save your own ass.*

David Kleinfield útskýrir fyrir Carlito í Carlito's Way hvernig heimurinn hafi breyst á meðan hann sat í grjótinu. Sean Penn eins og hann gerist bestur.

# bíó

bio@frettabladid.is

**KVIKMYNDANJÖRÐUR VIKUNNAR** ÞORKELL MÁNI PÉTURSSON ÚTVARPSMAÐUR

## Berst við ljón og dreka í Surtsey

**Eftirlætis kvikmynd:** Edward Scissorhands. Hrikalega góð saga, vel leikstýrð og flott leikin.

**Eftirminnilegasta atriðið:** „Luke, I am your father," er ógleymanlegt atriði úr Stjörnustríðsbálkinum. Dýralífsatriðið í UHF með 'Weird Al' Yankovic var líka mjög skemmtilegt.

**Uppáhaldsleikstjóri:** Tim Burton, aldrei spurning, en Coen-bræðurnir koma fast á hæla hans.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** Hellboy sem Ron Perlman gerði ódauðleg skil í samnefndri kvikmynd. Svarthöfði drap náttúrlega keisarann og fær prik fyrir það.

**Mesti skúrkurinn:** Bill í Kill Bill-myndunum sem var alveg svívirðilega vondur. Vondi gæinn úr Wolf Creek var náttúrlega viðbjóðslegur og svo litla stelpan í The Ring. Hef aldrei getað litið litlar stelpur með svart hár sömu augum.

**Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér?** Jar Jar Binks úr fyrstu Stjörnustríðsmyndinni. Hann er algjör viðbjóður og hatur mitt á þeirri persónu er nánast ótæmandi.

**Ef þú fengir að velja kvikmynd til að leika í, leikstjóra og mótleikara, hvernig mynd yrði það?** Tim Burton myndi leikstýra og George Lucas framleiða. Bruce Willis léki á móti mér en hún myndi gerast í Vestmannaeyjum og yrði um leitina að gullna lundanum. Surtsey yrði uppspretta hins illa þar sem við þyrftum að berjast við dreka og ljón.



TIM BURTON



**JACK SPARROW** Kemst í hann krappan þegar sæskrímsli krefja hann um sálina.

# Sjóræningjar mala gull

Sjóræningjarnir í Karíbahafinu halda áfram að láta gamminn geisa vestanhafs. Dead Man's Chest er nú orðin aðsóknarmesta kvikmyndin í sumar samkvæmt imdb.com en hún hefur halað inn 258 milljónir eftir hálfan mánuð í sýningu. Kvikmyndin var aftur í efsta sætinu þessa vikuna og því ljóst að framleiðandinn Jerry Bruckheimer og Disney hafa enn og aftur veðjað á réttan hest. Þau Johnny Depp, Keira Knightley og Orlando Bloom eru sem fyrr í aðalhlutverkum en að þessu sinni berjast þau við sæskrímsli sem telja sig eiga rétt á sálu Jack Sparrow.

Reyndar skyggir slæm útkoma Disney-fyrirtækisins á þessar góðu fréttir en fyrirtækið neyddist til að segja upp fjölda starfsmanna vegna slæmrar útkomu. Samkvæmt talsmanni Disney, Lowell Singer, er ekki búist við því að hlutabréfin hækki neitt að ráði á næstu tólf mánuðum. Ástæða þess er sögð að sjónvarpsstöð Disney, ABC, á í miklum fjárhagsörðugleikum auk þess sem lagt var út í mikinn kostnað vegna samninga við NFL-deildina auk NASCAR-kappakstursins.




# Kvenhetjur hvíta tjaldsins

**Hetjudáðir í kvikmyndum eru oftast drýgðar af karlmönnum. Þeir bjarga fögrum konum úr klóm illmenna og kvænast þeim í sögulok. Indiana Jones, James Bond og Luke Skywalker hafa oftar en ekki bjargað veröldinni frá brjáluðum nasistum, geðsjúkum glæpamönnum eða sjálfum Svarthöfða. Öðru hverju spretta þó upp kvenhetjur sem eru engu síðri en hinir byssuglöðu karlar.**



**HEFNDIN ER SÆT** Beatrix Kiddo fékk sér sverð og hjó mann og annan í miklu morðæði.

Kannski var Kleópatra ein fyrsta kvenhetja hvíta tjaldsins. Elizabeth Taylor blómstraði í hlutverki hinnar egypsku prinsessu sem lét sitt ekki eftir liggja í ráðabruggi Rómverja. Þrátt fyrir að Kleópatra hafi ekki lyft sverði í myndinni stjórnaði hún hersveitum sínum og var meira en bara einhver postulínsdúkka sem beið eftir prinsinum á hvíta hestinum.

Konur eru yfirleitt í hlutverki hins vitra í kvikmyndum.



**ASNALEG EÐA ALVÖRU HETJA?**
Jane Fonda var ef til vill fyrsta kven-hasarhetjan í kvikmyndinni Barbarella sem í dag er orðin hálfgerð költmynd.



**NÝ GERÐ AF HETJU**
Einhver vinsælasta tölvuleikjapersóna heims er kvenskörungurinn Lara Croft en Angelina Jolie hefur túlkað þessa nýju hetju.



**SARAH CONNOR**
Linda Hamilton lyfti lóðum og æfði sig með skotvopn fyrir kvikmyndina Terminator 2 þar sem hún var hálfpartinn í hlutverki hryðjuverkamanns sem hugðist eyða líftækni-fyrirtæki.



**KLÁR VAMPÍRA**
Kate Beckinsale reif upp byssurnar og barðist við varúlfa í kvikmyndinni Underworld. Myndin var kannski ekki góð en Beckinsale var sönn hasarhetja.

Skemmst er að minnast Véfréttarinnar í Matrix sem gat sagt fyrir með ógurlegri nákvæmni hvað ætti eftir að eiga sér stað. Konurnar draga ekki upp byssurnar heldur segja körlunum frekar hvern á að skjóta. Hetjur okkar í Íslendingasögunum þekkja þetta kannski manna best þar sem konurnar sættu sig ekki við neinn heigulshátt þegar kom að því að hefna fyrir kinnhesta eða sæti í brúðkaupum.

Hefndin hefur löngum verið eitt af aðalsmerkjum karla, sem hika ekki við að borga óvini sínum til baka í margfaldri mynd. Fátt er hins vegar jafn hættulegt og kona í hefndarhug, eins og óvinir Beatrix Kiddo komust svo eftirminnilega að raun um í Kill Bill.

Hin morðóða brúður hefði þó varla ratað inn í kvikmyndahús Hollywood-borgar ef ekki hefði verið fyrir Ripley í Alien-myndunum. Sigourney Weaver náði þar að sannfæra heimsbyggðina um að konur gætu líka bjargað körlum þótt í flestum tilvikum væri því öfugt farið. Ripley var mikið hörkutól sem kallaði ekki allt ömmu sína og lét meðal annars nokkra „one-linera" fjúka þegar lífið var murkað úr hinum óvinveittu gestum.

Þótt konur eigi vissulega undir högg að sækja á hetjumarkaðnum í kvikmyndum hafa kvikmyndaframleiðendur áttað sig á því að hetjan þarf ekki alltaf að hafa skegg og stutt hár, eða svo vitnað sé til Jean Luc Godard: „Það eina sem þarf í kvikmynd er kona með byssu."

- fgg



**MAY DAY** Grace Jones reyndist ekki vera neitt síðri en James Bond í A View to a Kill. Hún bjargaði leyniþjónustumanninum frá bráðum bana í lokin.



**BAUÐ GEIMVERUNUM BIRGINN**
Ripley var alvöru kvenhasarhetja, barðist með kjafti og klóm við geimverurnar og lét nokkra fimmaurabrandara fjúka í leiðinni.



**ÓVÆNT FORTÍÐ**
Samantha Caine kunni að kasta hnífum og skjóta af byssu en vissi samt ekki hvernig stóð á því. Í ljós kom að hún var leigumorðingi sem hafði misst minnið.



**KATTARKONAN** Því miður tókst Halle Berry ekki að feta í fótspor Michelle Pfeiffer sem Kattarkonan en í myndinni voru hetjan og skúrkurinn konur.

# Ekki abbast upp á dýrin í skóginum



**NÝTT BANDALAG** Dýrin í skóginum mynda bandalag og ráðast inn í verndaða tilveru mannanna.

Samskipti manns og náttúru eru reifuð á frekar gamansaman hátt í kvikmyndinni Over the Hedge, sem er teiknimynd frá Dreamworks-kvikmyndafyrirtækinu.

Dýrin í skóginum eru að vakna eftir væran blund yfir vetrartímann en uppgötva að mannfólkið er orðið ansi kræft og hefur reist íbúðarhúsnæði nálægt heimkynnum þeirra. Þvottabjörninn RJ er ekki sáttur við þessa framkomu mannanna. „Vandamálið við þá er að nóg er aldrei nóg,“ segir hann og býr sig af kappi undir það að ráðast inn í verndaða veröld hinna nýju nágranna. Verne er ekki alls kostar sáttur við þessa ákvörðun RJ enda er hann afbrýðisamur út í þennan keppinaut sinn. Verne vill frekar halda sig í skóginum í friði og ró en uppgötvar fljótlega að heilmikill fjársjóður býr í rusli mannanna. Hinir ólíklegu vinir taka því höndum saman og mynda hið ólíklegasta tvíeyki sem á eftir að setja allt á annan endann hinum megin við girðinguna.

Fjöldi stórstjarna talar fyrir dýrin í skóginum og fer þar fremstur í flokki Bruce Willis sem leikur RJ en sjónvarpsleikarinn Garry Shandling talar fyrir Verne. Aðrir leikarar sem koma við sögu eru Steve Carell, sem sló í gegn í kvikmyndinni The 40 Year Old Virgin, og Thomas Haden Church sem var ákaflega eftirminnilegur í Sideways í hlutverki skíthælsins Jack.



**HVAÐ Á AÐ GERA NÆST?** Félagarnir Verne og RJ taka höndum saman og gera hinum nýju nágrönnum lífið leitt.



**VIOLET** Ákveður að berjast gegn útrýmingu hins nýja mannkyns sem stjórnvöld telja hættulegt umhverfi sínu.

# Ofurhetjan Violet

Seint á 21. öldinni hefur fjöldi fólks orðið fyrir stökkbreytingu sem gerir það að verkum að það er ansi snart í snúningum, líkamlega sterkt og með ótrúlega háa greindarvísitölu. Ríkisstjórnin er hrædd við þetta fólk, sem hún telur að geti ógnað sér og valdi sínu. Því er gripið til þess ráðs að handsama fólkið og nota það í tilraunaskyni. Að lokum eru hersveitir settar saman og gerðar út af örkinni til að hafa upp á því og drepa.

Ein manneskja hefur hins vegar í hyggju að láta ekki vaða yfir sig en það er hin ofurfallega Violet. Hún verður smám saman hermaður og fulltrúi hins nýja mannkyns og hikar ekki við að láta hefnd bitna á þeim sem hafa til þess unnið.

Ofurfyrirsætan Milla Jovovich er hér í aðalhlutverki en hún var uppgötvuð af hinum franska Luc Besson. Jovovich brá fyrst fyrir á hvíta tjaldinu í hinni mjög svo erótísku kvikmynd Two Moon Junction. Í kjölfarið fylgdu nokkrar lélegar B-myndir en Milla lék meðal annars unga ástkonu Chaplins í samnefndri kvikmynd. Stóra tækifærið kom síðan í The Fifth Element sem Besson leikstýrði. Kurt Wimmer er leikstjóri myndarinnar en hann hóf feril sinn sem handritshöfundur og skrifaði meðal annars handritið að The Thomas Crown Affair. Wimmer vakti mikla athygli fyrir Equilibrium en hún var sögð betri en sjálf Matrix af aðdáendum hans á netinu.



**OFURHETJA** Violet er bæði frá á fæti og ótrúlega snjöll.








**> Grillaðu**

*...naanbrauð penslað með ólífuolíu og settu ofan á pepperoni eða skinku, muldan ferskan geitaost og ferskt spínat til að búa til fljótlega grillpítsu.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN: GÍSLI EINARSSON DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR

## *Hefur fordóma gegn flatbökum*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Smjörs. Ég nota það í ótæpilegu magni á brauðið og stundum bara með osti, þegar ég stelst í ísskápinn. Set bara smjör á ostinn og borða það þannig, Svo set ég smjör á kleinur. Smjör er líka miklu hollara og bragðbetra en olíusull, en í hófi kannski.

**Fyrsta minning um mat:** Það er sennilega lambið, sunnudagssteikin var alltaf lambalæri eða svokölluð kubbasteik, súpukjöt í ofni. Þetta var afskaplega gott í minningunni. Ef mér líkaði ekki það sem var í boði heima athugaði ég hvað var í mat hjá ömmu, það voru mín fyrstu spor sem matgæðingur.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Þær eru margar helvíti góðar, en jólasteikin hjá konunni stendur upp úr, lambahamborgarhryggur.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Slátur. Ég hef sennilega étið yfir mig af slátri þegar ég var lítill og síðan borða ég þetta ekki. Mér leiðast líka pítsur. Hef fordóma gagnvart flatbökum. Mér finnst þetta bara ekki gott. Ég þarf að vera talsvert svangur til að borða þær.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Ef ég er í vandræðum með sósur gríp ég stundum í hlynsírópið. Það var upphaflega keypt fyrir pönnukökur en gefur góðan keim í sósur og hefur stundum bjargað sósunum hjá mér.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Mér líður alltaf afskaplega vel eftir að hafa borðað harðfisk, bæði á sál og líkama. Fyrst og fremst borða ég hann af því að hann er góður.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Smjör og mjólk, rjóma og eitthvað af grænmeti. Svo á ég alltaf lauk og eitthvað álegg og kjötpylsur.



**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Ég tæki með mér kind. Ætli ég myndi ekki taka með mér tvílembu til þess að vera svakalega vel birgur, og salt og pipar.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Það eftirminnilegasta í svipinn er þegar ég borðaði úlfalda í Dubai í vetur. Hann var seigur, eins og gamalt afsláttarhross.



## ÞRÚGUR GLEÐINNAR

> EINAR LOGI VIGNISSON

# Ekki fyrir veimiltítur

Fólk getur orðið býsna feimið og til baka þegar það er beðið um að lýsa uppáhaldsvíninu sínu. „Mér finnst það bara gott," er algengt svar og auðvitað það svar sem í dagslok skiptir mestu máli. Í sjálfu sér er ekkert sérstakt sáluhjálparatriði að læra að lýsa vínum en það getur hjálpað mikið til við að efla þekkinguna að ná einhverju gripi á lýsingum á víni. Aðeins þannig er hægt að eiga tjáskipti við aðra um vín og ná að lesa sér að einhverju gagni til um vín, skilja gagnrýni og umfjöllun í blöðum o.s.frv. Íðorðasafn vínfræðinnnar er ekki víðfeðmt í íslensku og ekkert tæknimál sem þarf að tileinka sér. Nánast eina orðið sem menn þurfa útskýringar á er tannin (eða barkarsýra) en það er efni sem má finna í hýði, steinum og stiklum vínberja og er það sem þurrkar munninn að innan þegar við drekkum vín. Flest önnur íslensk orð eru líkingamál, orð sem hvert mannsbarn skilur, en það ræðst af framsetningargetu höfundarins hversu skiljanlegt það er í samhenginu; hvort líkingin hittir í mark eða skýst framhjá. Í fermingarkveri vínáhugamannsins, bókinni Vín eftir Þorra Hringsson, er sérlega skýr kafli um nokkur algeng hugtök í vínsmökkun og ætti yfirlestur á honum að duga til að ná prófi í fyrsta bekk í það minnsta.

Lýsingar framleiðenda og umboðsmanna eru svo kapítuli út af fyrir sig og klóra sér eflaust fleiri en ég í skallanum við lestur á kynningarefni vínbúðanna, t.d. nýlegum bæklingi um sumarvín. Lýsingarnar er flestar hefðbundnar og geta verið hjálplegar þeim sem eru sæmilega vanir að lesa sig í gegnum svona texta. Flestar eru lýsingarnar þó argasta bull, uppfullar af helstu klisjunum um frábært jafnvægi, mikla fyllingu, langt eftirbragð o.s.frv. Merkilegt hversu margar ambögur geta skriðið inn í tveggja línu lýsingar og lífseig kynvillan þar sem hvorugkyns vín og kvenkyns þrúgur skipta um kyn og verða karlkyns, samanber „Ástralskur Shiraz er alltaf góður" og „Þessi ferski ungi Chardonnay".

Hafliði Loftsson, verkfræðingur á daginn en víninnflytjandi hjá Ber ehf. á kvöldin, hæðist að þvæluhefðinni í bráðskondnum lýsingum sínum sem eru sem einnar ekru vín í kassavínsdal. Spænska stórvínið Vinas del Vero Somontano Gran Vos Reserva er þannig „Gamall góðkunningi villibráðarveiðimanna en stórfínt með ráðuneytisbúfénaði, s.s. lamba- og nautasteik."



**VERT AÐ SPÁ Í:**
Nú þegar sólin skín loks er viðeigandi að hleypa bólunum úr fangi freyðivínsflasknanna. Castillo Perelada er flott spænskt freyðivín á góðu verði, Seco á 890 kr. „er hvorki of súrt né of sætt og ætti því að henta öllum, kerlingum og körlum" á meðan Reserva á 1.540 kr. er kröftugra og „ekki fyrir veimiltítur".






**HÁKON MÁR ODDSSON** Hákon notar íslenskt hráefni til hins ítrasta en hann hefur einnig áhuga á framandi matargerð. „Ég hef gaman af grískri og japanskri matargerð og svo bjó ég lengi á Ítalíu og elda oft ítalskan mat," segir Hákon. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Laxaveisla með hvönn

**Hákon Már Oddsson kvikmyndagerðarmaður er duglegur að nýta það sem náttúran hefur upp á að bjóða í matargerðinni.**

„Ég var alinn upp við það að ná í njóla og hvönn á vorin og saxa niður og láta ofan á brauð. Hvönnin er mögnuð jurt og gefur gott bragð," segir Hákon. Hann notar hvönn meðal annars með soðnum laxi, sem hann gefur uppskrift að hér, en mælir einnig með því að vefja fisk inn í hvönn og grilla. „Ég sker greinar af henni og svo má nota sprotana í salat." Hvönnin verður römm þegar á líður og því um að gera að nota hvönnina í matargerð snemma á sumrin.

„Það er skemmtilegast að gera eitthvað úr því sem maður hefur í náttúrunni. Ég reyni að fá grænmeti frá bændunum og að veiða sjálfur," segir Hákon, en hann eldar mikið af fiski. Hann er í áskrift hjá Akri og fær vikulega lífrænt grænmeti úr sveitinni, enda er hann „tækifærissinnuð grænmetisæta". Hákon veiddi í net í Þjórsá um helgina og bauð upp á afraksturinn í matarboði í vikunni en fimm punda lax nægði fyrir tólf manns. „Svo kom ég við hjá móður minni í Ölfusinu og fann úr sér vaxinn karsa, dill og kóríander í garðinum, sem ég notaði í grafinn lax," segir Hákon. Uppskrift að laxaveislu Hákons kemur hér.

**Grafinn lax:**
**ferskt dill, kóríander og karsi eða annað krydd úr garðinum**
**hvítur pipar, hálf til ein teskeið**
**ferskur lax**
**sjávarsalt, allt að ein matskeið/kíló af fiski**
**hrásykur, allt að ein matskeið/kíló af fiski**

**Graflaxsósa:**
**sýrður rjómi**
**tvær til þrjár matskeiðar af sinnepi**
**teskeið af hunangi eða eftir smekk**
**saxað dill**

Laxinn er flakaður og beinhreinsaður en roðið látið eiga sig. Blandið saman sjávarsalti og hrásykri, setjið flökin á smjörpappír og sáldrið sykur-salt blöndunni yfir þannig að fiskurinn þekist. Kryddjurtirnar eru marðar, ekki saxaðar, en betra er að hafa kryddjurtirnar heilar því þá er auðveldara að hreinsa fiskinn þegar hann er tilbúinn. Kryddjurtirnar eru lagðar yfir ásamt hvítum pipar ef vill og fiskurinn lagður í samloku ef um tvö flök er að ræða (látið flökin snúa andfætis). Smjörpappír er brotinn um flökin og hægt er að setja þau í plastpoka ef vill, en síðan er fiskurinn settur á fat í kæli. Snúið samlokunni minnst einu sinni en laxinn er tilbúinn eftir 12–24 tíma. Fyrir graflaxsósu er sýrður rjómi blandaður með örlítið af fljótandi hunangi og sinnepi eftir smekk og söxuðu dilli.

**Heill soðinn lax:**
**slægður lax með haus og sporði**
**hvönn**
**salt og krydd eftir smekk**

Greinar af hvönninni eru settar í fiskipott með laxinum. Vatn sett ofan í þannig að fljóti yfir fiskinn og hitað upp að suðu og þá lækkað undir eldinn. Fyrir hvert pund af fiski má reikna um átta mínútur af frekari dvöl í pottinum. Saltið vatnið og kryddið eftir smekk. Gott er að bera laxinn fram með bökuðu grænmeti, til dæmis gróft skornum sætum kartöflum, sellerírót, lauk, hvítlauk, púrru og rauðrófum með rósmaríngreinum og skvettu af ólífuolíu.

rosag@frettabladid.is

VEITINGASTAÐURINN CAFÉ NIELSEN, TJARNARBRAUT 1, 700 EGILSSTAÐIR SÍMI 4712626

## *Gómsæt hreindýrasteik*

Í elsta íbúðarhúsi Egilsstaða, sem byggt var árið 1944, er kaffihúsið Café Nielsen rekið. Þetta er afskaplega huggulegt hús á tveimur hæðum og með góðri verönd þar sem einnig er hægt að njóta veitinga utandyra. Það er svolítil sumarbústaðatilfinning á efri hæð staðarins, sem öll er panelklædd. Hreindýrasteikina verða allir sem heimsækja staðinn að prófa en hún er framreidd með bláberjum og villibráðarsósu.

**Matseðillinn:** Hægt er að fá ýmsa smárétti og pasta á staðnum, sem og kjöt- og fiskrétti. Franska súkkulaðikakan er einnig vel þess virði að prófa. Grænmetisætur finna líka rétti við sitt hæfi á matseðlinum því þar er sem dæmi boðið upp á baunabuff frá Vallarnesi ásamt hrísgrjónum.

**Verð:** Saltfiskur með paprikubasilsósu kostar 2.450 kr, súpa dagsins og brauð er á 800 krónur, pasta með hvítlauk, rækjum og grænmeti kostar 1.780 og nautapiparsteik með Dijonpiparsósu kostar 3.550 kr.





# Opnum í dag

## glæsilegt bakarí og kaffihús

## í **Austurveri** (Háaleitisbraut 68)





*Opnunartilboð*

Öll rúnstykki **2 fyrir 1**
Maísbrauð **150 kr**
Amerísk súkkulaðiterta **600 kr**
Kaffi og tertusneið **490 kr**

Ath: tilboðin gilda til 31. júlí 2006,
aðeins hjá Bakarameistaranum í Austurveri.






MIXA • fít • 60386

Bakarameistarinn

Austurveri • Glæsibæ • Húsgagnahöllinni • Mjódd • Smáratorgi • Suðurveri

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Sundfatnaður nútímans

Með tilkomu langþráðrar sólar og hlýinda þessa vikuna er tilvalið að sýna landsmönnum að sundfatnaður er kominn á annað stig en bara gamla góða Speedo-sundskýlan eða sundbolurinn. Í vikunni var sundfatasýning í höfuðborg sumars og sólar, Miami í Bandaríkjunum, og vakti hönnuðurinn Norma Kamali þar mesta athygli. Er hún talin hafa tekið sundbolina á annað stig með þessari nýju línu sinni og má eiginlega segja að hún hafi tekið hið upprunalega sundbolasniði og fleygt því út um gluggann.

Hún notaði mest svartan, gulllitaðan, rauðan og hvítan í sýningunni og voru sundbolirnir hver öðrum frumlegri í sniðinu. Sumir voru eins og fallegir sumartoppar sem myndu meira að segja sóma sér vel við gallabuxur eða pils. Eitt er þó víst, að ef maður mundi mæta í einum svona sundbol í Laugardalslaugina mundu þó nokkrir reka upp stór augu. - áp



**KAMALI** Flottur svartur sundbolur með lakkáferð og glæsilegar legghlífar í stíl.



**ROSALEGUR** Flottur sundbolur með einum hlýra og gegnsæjum stykkjum inni á milli.



**HVÍTUR** Hvítt er alltaf flottur litur á sundfatnaði enda virðist húðin brúnni í samanburði við hvíta litinn. Glæsilegt snið.



**FALLEGA RAUÐUR** Þessi flotti sundbolur mundi sóma sér vel við gallabuxur enda einstaklega klæðilegt snið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**GULL** Þessi rosalegi sundbolur mundi vekja athygli í heita pottinum í Laugardalslaug en hann minnir þó nokkuð á dressið sem hún Silvía Nótt var í í Eurovision-keppninni.



**KJÓLL** Flottur stuttur og léttur kjóll til að nota á ströndinni.



**NORMA KAMALI** Mikið var um dýrðir þegar hún sýndi sundfatalínu sína í Miami.



**„FIFTIES“** Flottur gulllitaður sundbolur með rykkingum.



**HÆTTULEGUR** Þessi sundbolur er ekki fyrir hvern sem er en fyrirsætan ber hann vel.



**BIKINÍ** Ekki var mikið um bikiní í sýningunni en hér er eitt flott með óvenjulega háum buxum.






# Anna Rakel á hvíta tjaldið

„Þetta er nútímasaga sem gerist í miðbæ Reykjavíkur,“ segir Guðrún Ragnarsdóttir, handritshöfundur og leikstjóri nýrrar stuttmyndar sem verið er að taka þessa dagana í miðbænum. Myndin nefnist Konfektkassinn og skartar Önnu Rakel Róbertsdóttur, Pétri Einarssyni og Ellert A. Ingimundarsyni í aðalhlutverki. „Myndin segir frá sambandi Önnu og Péturs, en þau leika feðgin í myndinni, og leit þeirra að þriggja hæða konfektkassa frá Nóa Síríus. Þetta er einstök ferðasaga sem er eins konar uppgjör í sambandi föður og dóttur,“ segir Guðrún.

„Tökurnar hafa gengið vel. Laugavegurinn er í stóru hlutverki og á sunnudaginn síðasta í veðurblíðunni lentum við í smá vandræðum en þá þurftum við að stoppa umferðina um miðjan dag og reyndist það þrautin þyngri. Það endaði með því að aðstoðarframleiðandinn þurfti að dansa fyrir bílana til að fá þá til þess að nema staðar,“ segir Guðrún hlæjandi.

Það má segja að myndin sé eins konar fjölskylduverkefni því Anna Rakel er dóttir Guðrúnar og er þetta frumraun hennar á hvíta tjaldinu. Anna Rakel hefur um árabil starfað sem fyrirsæta auk þess að vinna í sjónvarpi svo eitthvað sé nefnt. Framleiðandi myndarinnar er Cinema Reykjavík og það er Brynhildur Birgisdóttir sem stjórnar þessu verkefni en hún er systurdóttir Guðrúnar. Myndin er tekin upp á tíu dögum og eru upptökur hálfnaðar. Guðrún býst við því að myndin rati inn í bíóhús í byrjun næsta árs. - áp



**ANNA RAKEL RÓBERTSDÓTTIR** Þreytir frumraun sína á hvíta tjaldinu í stuttmyndinni sem verður frumsýnd á næsta ári.



**GUÐRÚN RAGNARSDÓTTIR** Leikstýrir og skrifar handritið að nýju stuttmyndinni Konfektkassinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Dragdrottningar á Grandrokk

Spurningakeppnin Drekktu betur á Grand rokk verður með óvenjulegum hætti á föstudaginn eftir viku, hinn 28. júlí. Þá munu dragdrottningarnar Keikó og Roxie verða í hlutverki spyrla og spurningar þeirra tengjast flestar samkynhneigð í ljósi sögunnar.

„Við erum með dragkeppnina 9. ágúst næstkomandi og fengum þarna tækifæri til að taka smá þjófstart á keppnina,“ segir dragdrottningin Keikó. „Við ætlum að reyna að kveikja í fólki fyrir keppnina og spurningarnar verða eflaust margar í flóknari kantinum, eins og venjan er í þessum keppnum á Grand rokk,“ segir Keikó.

Keikó segir að fastagestir á Drekktu betur hafi vissulega erindi á keppnina eftir viku, því allir muni vita nóg til að vera með. „Fólk má endilega mæta í dragi ef það vill. Við Roxie verðum alla vega í fullum skrúða og reynum að skemmta fólkinu.“



**DRAGDROTTNINGIN KEIKÓ** Verður spyrill á Drekktu betur á Grand rokk á föstudaginn eftir viku. Keppnin hefst klukkan 17.30 og allir eru velkomnir.












## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hollywood-leikarinn **John Cusack** hefur fengið nálgunarbann á konu sem hefur elt hann á röndum undanfarna átján mánuði. Leikarinn, sem lék meðal annars í Con Air og High Fidelity, segir að konan hafi elt hann og kastað bréfum „yfir girðinguna í pokum með steinum og skrúfjárnum í," sagði Cusack. Konan er ekki með fasta búsetu og lætur senda allan póstinn sinn á heimili Cusack og eitt skiptið gerðist hún svo gróf að gefa upp heimilisfang Cusack við handtöku. „Hún hótaði að gera sjálfri sér mein ef ég hjálpaði henni ekki," sagði Cusack í dómskjölunum.



Fyrirsætan **Linda Evangelista** er á forsíðu bandaríska Vogue í ágúst, en hún er nú orðin 41 árs og er ólétt. Fyrirsætan segist ekki hafa áhyggjur af áhrifum óléttunnar á vöxtinn. „Ég tek þessu fagnandi. Ég held að ég sé að gera allt til að fara í gegnum þetta eins mjúklega og hægt er. Ég er annað hvort í jóga eða í ræktinni á hverjum degi," segir hún. „Ég ákvað þegar ég var tólf að fyrirsætustörf væru það sem ég vildi gera. Ég held að ég sé gott módel," sagði hún. Fyrirsætan á ekki kærasta.



**Keira Knightly** lýsti því yfir í Elle-tímaritinu að hún skildi ekki hvernig kærastinn hennar, Pride and Prejudice-leikarinn **Rupert Friend**, þolir hana. „Ég er hræðileg. Ég er alltaf að fríka út. Ég skil ekki hvernig fólk getur þolað mig. Ég er mikil taugahrúga," sagði Keira. „Allir sem þekkja mig geta vitnað um að ég hef hræðilega tilhneigingu til að gráta þegar ég verð reið. Og ég get ekki hætt," sagði hún. Þetta er þó ekki alvarlegt vandamál því hún höndlar vel mikilvæg vandamál. „Það eru bara litlu hlutirnir sem ég ræð ekki við," sagði leikkonan.



**Colin Farrell** hefur löngum þótt full grófur í framkomu en nú segist hann vera búinn að leggja töffarastælana og drykkjulætin á hilluna. Leikarinn fór í meðferð í desember við verkjalyfjafíkn og eftir það fór hann að róast. „Ég hef fundið virðinguna fyrir lífinu," sagði leikarinn við Daily Mirror. „Núna vil ég horfa á son minn alast upp, vera vinur hans og faðir, og umgangast hann meira. Hann er efst í forgangsröðinni hjá mér núna. Ég hef ekki fengið mér drykk í sex mánuði," sagði hann í viðtalinu. Soninn á hann með fyrrverandi kærustu sinni Kim Bordenave.










**MISCHA BARTON** Er hætt í þáttunum um ríku krakkana í OC og sækist eftir hlutverki í Aðþrengdum eiginkonum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Aðþrengd eiginkona

Hin breska Mischa Barton skaust upp á stjörnuhimininn í kjölfar vinsælda sjónvarpsþáttanna OC. Nú hefur hún yfirgefið þáttaröðina, sjónvarpsáhorfendum og aðdáendum þáttanna til mikils ama. Upp hafa komið sögusagnir þess efnis að hún eigi í viðræðum við framleiðendur þáttaraðarinnar Aðþrengdar eiginkonur eða Desperate Housewives. Mischa mun vera mjög spennt yfir að ganga til liðs við Evu Longoria og stöllur en ekkert er staðfest í þeim efnum ennþá.

# Samkeppni hjá Spears-systrum

Nú hefur Britney Spears fengið samkeppni frá litlu systur sinni Jamie Lynn Spears. Jamie er nú orðin fimmtán ára gömul og virðist vera nýjasta stjarnan í Hollywood. Síðan árið 2001 hefur hún leikið í fjölmörgum auglýsingum og farið með aukahlutverk í þó nokkrum sjónvarpsþáttum. Einnig fór hún með hlutverk í myndinni Crossroads þar sem hún lék yngri útgáfu af karakternum sem Britney sjálf lék.

Nú hefur hún þó fengið sinn eigin sjónvarpsþátt sem heitir „Zoey101“ og auk þess að leika aðalhlutverkið syngur hún titillagið, sem samið er af popprinsessunni sjálfri Britney. Jamie er að verða tíður gestur á rauða dreglinum þrátt fyrir ungan aldur og segja slúðurblöðin hana vera fallegri systurina. Í vor var hún valin besta leikkonan af áhorfendum sjónvarpsstöðvarinnar Nickelodeon.



**SYSTURNAR Í GÓÐU TÓMI** Jamie hefur ávallt fallið í skuggann á Britney en nú virðist breyting ætla að verða þar á.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**JAMIE LYNN SPEARS** Hún er nú alveg ótrúlega lík stóru systur sinni. Saklausara yfirbragð þó.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**PAMELA ANDERSON** Segist loksins vera búin að finna hamingjuna og ætlar að ganga í það heilaga með rokkaranum Kid Rock.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Giftist rokkara

Hin brjóstgóða Pamela Anderson hefur lýst því yfir á heimasíðu sinni að hún hyggist ganga í það heilaga 29. júlí næstkomandi með rokkaranum Kid Rock. Skötuhjúin voru saman árið 2002 en slitu sambandinu eftir ár. Nú virðast þau hins vegar hafa tekið saman á ný og ætla að gifta sig. Pamela er mjög ánægð með þannan ráðahag og segir syni sína elska hinn nýja stjúpföður sinn. „Ég er himinlifandi. Mér líður eins og ég sé loksins búin að sjá ljósið.“

Pamela var áður gift hinum óstýriláta rokkara Tommy Lee sem er þessa dagana á fullu að finna rokkstjörnu Bandaríkjanna og hún á með honum syni sína tvo.

Kid Rock og Pamela ætla að halda brúðkaupið á skútu hjá St. Tropez.





## KA og Þór að sameinast

Rúnar Sigtryggsson og Sævar Árnason munu að öllum líkindum þjálfa sameinað liðs Þórs og KA í DHL-deild karla í handbolta næsta vetur undir nafninu Akureyri - Handboltafélag. Aðeins á eftir að ganga frá örfáum smáatriðum en verið er að hanna nýjan búning fyrir liðið sem verður í efri deildinni og leikur heimaleiki sína í KA-heimilinu.

# sport

sport@frettabladid.is

JÓHANNES VALGEIRSSON: DÆMDI LEIK SÁRKVALINN OG DRAGHALTUR

## *Viljum hafa varadómara á öllum leikjum*

Jóhannes Valgeirsson knattspyrnudómari lenti í kröppum dansi er hann dæmdi leik Grindavíkur og Fylkis í fyrrakvöld en þegar 25 mínútur voru liðnar af leiknum kenndi hann sér meins aftan á læri og ljóst að hann hefði tognað. „Ég var stífur fyrir leikinn og hélt fyrst að þetta væri bara þreyta en það kom í ljós að þetta var eitthvað meira. En ég tognaði aðeins lítillega og verð vonandi klár eftir nokkra daga. Það er eins gott því ég á að dæma Evrópuleik á næsta fimmtudag," sagði Jóhannes.

Enginn varadómari var á leiknum og þurfti að kalla til Magnús Þórisson sem var staddur í Reykjavík. Jóhannes kláraði því fyrri hálfleikinn draghaltur og sárkvalinn. „Ég hef aldrei lent í öðru eins. Einbeitingin var ekki mikil enda þurfti ég að passa mig að gera ekki meiðslin verri."

Jóhannes segir dómara hafa í nokkur ár beðið KSÍ að vera með varadómara á öllum leikjum, ekki einungis sjónvarpsleikjum og í nokkrum leikjum í síðustu umferðum mótsins. „Það myndi auðvelda starf okkar allra verulega," sagði Jóhannes. „Ef við hefðum verið í Vestmannaeyjum hefði sennilega þurft að blása leikinn af."



Halldór B. Jónsson, formaður dómaranefndar KSÍ, segir að málið hafi oft verið rætt og það sé á dagskrá KSÍ í vetur að ræða það enn frekar. „Það er ekki ólíklegt að fjórði dómarinn verði á öllum leikjum í efstu deild í framtíðinni en það hafa ekki enn verið teknar neinar ákvarðanir um það. Það er margt sem þarf að athuga eins og hvort að kostnaður við fjórða dómarann sé réttlætanlegur."

En Halldór segir að aðstæður líkar þeim sem komu upp í Grindavík séu afar viðkvæmar. „Þetta er vissulega skipulagsatriði og mikið álitamál."

### > Garðar til Svíþjóðar?

Sóknarmaðurinn Garðar Gunnlaugsson hefur hafið viðræður við félagið Norrköping sem leikur í næstefstu deild í Svíþjóð. Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, staðfesti þetta við Fréttablaðið í gær og sagði að félagið stæði ekki í vegi fyrir leikmönnum sem vildu komast til útlanda að spila. Ekki er ljóst hvenær eða hvort Garðar hættir hjá Valsmönnum og heldur utan en ljóst er að það verður mikill missir fyrir Val ef Garðar fer enda er hann markahæsti leikmaður liðsins í Landsbankadeildinni. Þá hefur hann raðað inn mörkum fyrir félagið í bikarkeppninni í gegnum tíðina.





**ARI FREYR** Í leik með Val gegn Blikum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ari Freyr Skúlason:

## Á leiðinni til Gautaborgar

**FÓTBOLTI** Valsarinn ungi Ari Freyr Skúlason, leikmaður 11. umferðar hjá Fréttablaðinu, er á leiðinni á reynslu hjá sænska liðinu IFK Gautaborg. Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Ara, sagði við Fréttablaðið í gær að Valsarar væru að reyna að finna tíma fyrir Ara í samráði við IFK.

Ólafur sagði jafnframt að fleiri lið í Svíþjóð og Danmörku hefðu talað við sig og sýnt Ara Frey áhuga. Leikmaðurinn sjálfur segir í viðtalinu hér til hliðar við Fréttablaðið að hann dreymi um atvinnumennskuna og vonist til að eitthvað spennandi komi upp. Hlutirnir voru ekki lengi að gerast og líklegt er að Ari fari til reynslu hjá fleiri félögum á næstunni.

„Það var eitthvað verið að fylgjast með mér á Bröndby-leiknum en ég veit ekki hvað kemur út úr því, vonandi verður það eitthvað spennandi," sagði Ari. - hþh

# Ánægður að lækka rostann í FH

**Valsarinn Ari Freyr Skúlason hefur verið valinn leikmaður 11. umferðar af Fréttablaðinu. Ari átti stórleik gegn Íslandsmeisturum FH og skoraði annað marka Valsara, sem urðu fyrstir til að leggja FH að velli í sumar.**

**FÓTBOLTI** Ari Freyr Skúlason er nýorðinn nítján ára gamall og hefur komið við sögu í tíu leikjum Vals í sumar. Ari skoraði sitt fyrsta mark þegar Valur vann Íslandsmeistara FH í fyrsta leik 11. umferðarinnar en markið var einkar glæsilegt og tryggði Valsmönnum 2-1 sigur. Ari Freyr vinnur við að helluleggja og sleikti sólina úti í vinnu sinni í gær þegar Fréttablaðið hafði samband við hann.

LEIKMAÐUR UMFERÐARINNAR

„Það var ekki leiðinlegt að leggja sjálfa Íslandsmeistarana og það á þeirra eigin heimavelli. Auðvitað var það svo sérstakt að ná að skora og það fyrir framan alla þessa áhorfendur. Þetta gat varla orðið sætara," sagði Ari, en 2.638 manns sáu Ara skora stórglæsilegt mark sem kom Val í 2-0 áður en FH náði að minnka muninn.

„Þetta var einn af bestu leikjunum mínum í sumar og það er alltaf gaman að skora fyrsta markið sitt. Guðmundur Benediktsson sendi boltann á mig, ég lagði boltann fyrir mig, lét vaða á markið og vonaði svo bara það besta," sagði Ari. sem fagnaði markinu vel og innilega.

„Ég fékk tækifæri í byrjunarliðinu og varð að nýta það, ég held að það hafi tekist. Þetta kemur með gríðarlegt sjálfstraust inn í liðið okkar og sýnir öðrum að FH er ekkert ósigrandi. FH-ingarnir voru kokhraustir fyrir leikinn eins og þeir hafa verið allt tímabilið en það var gaman að lækka aðeins í þeim rostann. Þetta skaut þeim kannski aðeins niður á jörðina," sagði Ari léttur í bragði.

Fimmtán ára gamall fór Ari út til Hollands á vit ævintýranna og gekk í raðir Heerenveen. Hann kom svo aftur heim fyrir sumarið eftir að samningur hans rann út en Ari ber Hollandi vel söguna.

„Það var alveg frábært úti, ég æfði fyrst með U-17 ára liðinu og var svo með U-19 ára liðinu og varaliðinu. Þeir eru með þriðju bestu akademíuna í Hollandi, á eftir Ajax og Feyenoord, og ég bætti mig mikið sem leikmaður, sérstaklega tæknina og slíkt. Ég fékk að ráða hvort ég yrði í herbergi eða hjá einstæðri móður og vera þar með öðrum leikmanni. Ég valdi síðari kostinn enda var ég ungur og hún reyndist mér frábærlega. Ég er enn í sambandi við hana og hún er nánast eins og mamma númer tvö," sagði Ari þegar hann rifjaði upp góðar minningar frá Hollandi en hann sneri heim í fyrra og er að spila sitt fyrsta tímabil á Íslandi.



**EFNILEGUR** Ari Freyr er hér í leik með Valsmönnum í sumar en hann hefur komið við sögu í tíu leikjum Vals í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Ég gæti svo sannarlega hugsað mér að fara aftur út og ég stefni á það. Ég veit ekki hversu lengi ég verð hérna heima en ef það gefst tækifæri reyni ég að nýta mér það. Ég get líka vel hugsað mér að vera áfram hérna heima og næla mér í dýrmæta reynslu hér og venjast íslenska boltanum betur. Það er dýrmætt að fá alla þessa reynslu, sér í lagi þegar maður er með lærimeistara eins og Gumma Ben, það gerist ekki betra," sagði Ari Freyr, sem veit vel hvert hugurinn liggur.

„Draumurinn er að fara til Englands. Liverpool er mitt uppáhaldslið en það færi auðvitað eftir því hvaða lið kæmu til sögunnar. Helst vildi ég fara þar sem er góð akademía og besti kosturinn er fyrir mig," sagði þessi efnilegi leikmaður sem á að baki fjölda leikja fyrir yngri landslið Íslands, en hann stefnir á að komast aftur út.

„Það er það sem allir ungir knattspyrnumenn ætla sér, atvinnumennskudraumurinn blundar í okkur öllum og ég er ekkert öðruvísi. Það er gaman að sjá stráka eins og Rúrik Gíslason og Bjarna Þór Viðarsson. Ef hugurinn er til staðar getur maður gert það sem maður vill," sagði Ari Freyr Skúlason, einn efnilegasti leikmaður Landsbankadeildar karla. hjalti@frettabladid.is




LIÐ UMFERÐARINNAR



**CANNAVARO** Kyssir hér sjálfan heimsmeistaratitilinn í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Real Madrid:

## Kaupa Emerson og Cannavaro

**FÓTBOLTI** Spænska stórveldið Real Madrid tilkynnti í gærkvöldi að það hefði fest kaup á brasilíska landsliðsmanninum Emerson og ítalska landsliðsfyrirliðanum Fabio Cannavaro. Báðir koma þeir því aftur til Fabio Capello, sem þjálfaði Juventus áður en hann tók við Real Madrid, en kaupverðið á þeim kumpánum er samtals 13,7 milljónir punda.

„Real Madrid getur staðfest að félagið hefur komist að samkomulagi við Juventus vegna kaupanna á Fabio Cannavaro og Emerson. Báðir leikmennirnir eru í fríi en verða kynntir á Bernabeu-leikvanginum þegar þeir skrifa undir samninga sína," sagði í yfirlýsingu frá Real Madrid í gær en báðir gerðu þeir tveggja ára samning með möguleika á framlengingu um eitt ár.

Þeir eru fyrstu leikmennirnir til að yfirgefa Juventus eftir að félagið var dæmt niður í ítölsku B-deildina en mjög líklegt verður að teljast að fleiri fylgi í kjölfarið á næstunni. - hþh

Eiður Smári nýtur lífsins fyrstu 24 klukkutímana sína hjá Evrópumeisturunum:

# Ég er að venjast hitanum í Barcelona

**FÓTBOLTI** Heimasíða Barcelona fylgdi Eiði Smára Guðjohnsen, nýjustu stjörnu liðsins, hvert fótmál á fyrsta degi hans hjá liðinu. Eiður Smári æfði með liðinu í fyrsta skipti í fyrradag en hann var vakinn klukkan 7.45 og sóttur hálftíma síðar á hótelið þar sem hann dvelur. Honum var þá ekið á Nou Camp, þar sem hann gekkst undir læknisrannsóknir.

„Ég hitti alla nýju liðsfélagana mína þegar ég kom í rannsóknirnar. Fyrsti dagur á undirbúningstímabilinu er mjög svipaður hjá öllum liðum, fyrir utan nokkur smáatriði. Eftir að við skiptum um föt og gerðum okkur tilbúna fyrir æfinguna fengum við okkur aðeins að borða til að ná okkur eftir rannsóknirnar. Ég hef kynnst mismunandi matarmenningu, þar á meðal þeirri spænsku, en í hádeginu fórum við konan mín aftur upp á hótel og fengum okkur pasta í hádegismat," sagði Eiður.



**FJÖR Á ÆFINGU** Eiður Smári glottir á æfingu við hliðina á Frank Rijkaard, stjóra liðsins. Líklega skemmtir hann sér yfir brandara Santiago Ezquerro, sem hann lýsir sem „skemmtilegum og fyndnum." Greinilegt er að Eiður nýtur sín vel hjá nýja liðinu sínu. NORDICPHOTOS/AFP

Eftir nokkurra vikna frí kom Eiður til Barcelona í síðustu viku og viðurkenndi að viðbrigðin væru mikil. „Fyrir mann eins og mig sem er frá Íslandi er hitinn mjög mikill en ég er að venjast honum," sagði Eiður, sem æfði svo með liðinu sínu. „Hjá Chelsea æfðum við aldrei fyrir framan almenning en stundum komu stuðningsmenn að horfa á æfingar hjá okkur hjá PSV," sagði landsliðsfyrirliðinn en almenningur getur fylgst með æfingum hjá liðinu.

„Þó að ég þekki leikmennina ekki persónulega hef ég nokkrum sinnum mætt þeim undanfarin ár. Ég man vel eftir Sylvinho frá því hann lék með Arsenal og hann talar góða ensku, rétt eins og Oleguer. Sylvinho hefur hjálpað mér mikið, rétt eins og allir hinir strákarnir," sagði Eiður Smári, sem þegar er farinn að læra spænsku og katalónsku.

Það var mjög góð tilfinning að æfa í fyrsta skipti. Það er mjög gaman að fá að æfa hjá leikvanginum, þannig var það ekki hjá Chelsea og ég er þegar mjög hrifinn af því hve fólk lifir fyrir fótboltann hérna," sagði Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður Barcelona. - hþh



**DAVÍÐ ÞÓR** Er hér í baráttunni í leik FH og KR í Landsbankadeild karla á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Davíð Þór Viðarsson:

## Gæti samið við Häcken

**FÓTBOLTI** Davíð Þór Viðarsson, leikmaður FH, gæti verið á leiðinni til sænska úrvalsdeildarliðsins Häcken. Davíð fór og skoðaði aðstæður hjá liðinu í síðustu viku og leist mjög vel á félagið. Sænska liðið hefur sett sig í samband við FH en framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar FH, Pétur Stephensen, sagði við Fréttablaðið í gær að Davíð færi alls ekki frá liðinu fyrir lok tímabilsins á Íslandi.

„Þetta er flott félag og ég get vel hugsað mér að semja við það ef allt gengur upp. Ég held að liðin séu að ræða saman en ég er á samningi hjá FH. Häcken vildi fá mig helst í gær en samningarnir við FH snúast líklega um tímasetningu og peninga,“ sagði Davíð, sem hefur hug á því að komast aftur í atvinnumennskuna.

Davíð fór til Lokeren í Belgíu í byrjun febrúar en kom aftur til Íslands og samdi við FH út sumarið. „Ég hef mikinn hug á því að komast aftur út, ekki það að ég sé að drífa mig en það væri gaman að komast aftur í atvinnumennskuna,“ sagði Davíð, sem gæti farið í sænsku úrvalsdeildina fyrr en varir. **- hþh**

Evrópuævintýri Íslandsmeistara FH heldur áfram eftir jafntefli gegn Tallinn í gær:

# Markmiði FH-inga er náð

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH eru komnir í aðra umferð í forkeppni Meistaradeildar Evrópu eftir 1-1 jafntefli gegn eistnesku meisturunum í TVMK Tallinn á heimavelli sínum í gær. FH vann fyrri leikinn ytra 3-2 og úrslitin því samtals 4-3 fyrir FH, sem mun því takast á við Legia Varsjá frá Póllandi í annarri umferð.

Það voru gestirnir frá Eistlandi sem fengu fyrsta hættulega færið í leiknum í gær en Daði Lárusson, markvörður FH, varði vel í horn eftir skalla frá sóknarmanni þeirra. Sigurvin Ólafsson var einn besti leikmaður FH og fékk hann tvö bestu færi liðsins í fyrri hálfleiknum. Í fyrra skiptið átti hann hörkuskot sem markvörðurinn Vitali Teles varði og þá átti hann ágætis skalla en aftur var Teles vandanum vaxinn í markinu.



**FÖGNUÐUR** Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, fagnaði vel í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leikmenn TVMK Tallinn spiluðu boltanum ágætlega á milli sín og sýndu að þeir eru fínasta fótboltalið með Kert Haavistu, hægri kantmann, sem sinn hættulegasta mann. Oft á tíðum náðu þeir að skapa töluverðan usla uppi við mark FH í fyrri hálfleiknum en þegar kom að því að reka smiðshöggið rann allt út í sandinn. Þeir fengu til að mynda gott færi um miðjan hálfleikinn en skotið var slappt og sigldi framhjá og þá bjargaði Ármann Smári Björnsson nánast á marklínu skömmu fyrir leikhlé.



**BARÁTTA** Ármann Smári Björnsson í baráttu um boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þegar tæpar tíu mínútur voru liðnar af seinni hálfleiknum fékk Tryggvi Guðmundsson fínasta færi en náði ekki góðu skoti á markið. Fimm mínútum síðar var Davíð Þór Viðarsson dæmdur brotlegur innan teigs og finnski dómarinn benti á punktinn. Viktors Dobrecovs fór á punktinn og skaut á mitt markið og skoraði meðan Daði skutlaði sér til hliðar. Staðan því orðin 3-3 samtals en Tallinn þurfti að bæta við marki því FH skoraði fleiri mörk á útivelli. Gestirnir áttu nokkrar ágætis sóknir á lokakafla leiksins en höfðu heppninna ekki með sér og það voru FH-ingar sem nýttu sér sóknarlotur gestanna.

Atli Guðnason hafði komið inn á sem varamaður fimm mínútum fyrir leikslok og hann kláraði einvígið þegar hann fékk sendingu inn fyrir vörnina frá Tryggva og vippaði snyrtilega yfir markmann Tallinn, sem var kominn langt út úr marki sínu. Glæsilega gert hjá Atla, sem skoraði einnig þriðja mark FH úti í Eistlandi sem reyndist mjög mikilvægt.

Atli Guðnason, hetja FH-inga í þessar viðureign, var að vonum glaður í leikslok og brosti út í annað þegar hann var spurður að því hvort Evrópukeppnin væri hans keppni. „Að minnsta kosti hingað til. Það er stórgaman að taka þátt í þessari Evrópukeppni og enn meira gaman að ná að skora þessi mörk. Aðalmarkmiðið okkar var að ná lengra en í fyrra og það hefur tekist, þetta er mikill bónus fyrir félagið,“ sagði Atli og líst honum vel á komandi ferðalag til Póllands. „Þeir eru með mjög sterkt lið að mér skilst og eru með leikmenn sem fóru með pólska hópnum á heimsmeistaramótið í Þýskalandi. Við ætlum bara að reyna að hanga í þeim.“ **- egm**

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Er mikið álag í skólanum?




LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!

Streita og kvíði, skyndibitafæði, sætindi, stopular máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk og einbeitingu, veldur þróttleysi og getur raskað bæði ónæmiskerfinu og meltingunni. LGG+ er sérstaklega þróað til að vinna gegn þessum neikvæðu áhrifum og dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Tilboðsdagar

20% afsláttur af öllum vörum í 3 daga

fimmtudag, föstudag og laugardag

PUMA BÚÐIN

Laugavegur 42 - www.pumabudin.is

Sími 551 5599

korter.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Do we listen to pop music because we're depressed, or are we depressed because we listen to pop music?“**

Svar: John úr kvikmyndinni High Fidelity.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON FINNUR EKKERT TIL AÐ HORFA Á Í JÚLÍ**

# *Endursýnið Þetta helst, takk*

Sú var tíðin þegar menn töldu að júlímánuður skyldi helgaður stillimyndinni og settu aðra dagskrárliði í salt á meðan. Fyrir vikið hætti fólk að horfa á sjónvarp, börnin fóru út í fótbolta og fallna spýtu, urðu útitekin og sleiktu ís. Lífið var að betra þá að margra mati og skref í ranga átt að byrja að sýna Matlock, Lovejoy og Bergerac í mánuðinum sem mestar líkur voru á að nokkrir sólargeislar myndu ná í gegnum skýjaþykknið yfir okkur.

Ég sakna þessa tíma ekki sérstaklega, fyrir utan áhyggjuleysið sem fylgdi æskuárunum. En ég fæ samt ekki betur séð en að þeir sem ráða yfir sjónvarpinu vinni að sama markmiði og fyrir tuttugu árum þótt meðulin séu önnur; í stað þess að hafa ekkert á dagskrá í júlí er ekkert sem hægt er að horfa á á dagskrá í júlí. Svo börnin fara út í fótbolta og fallna spýtu, verða útitekin og sleikja ís. Lífið er jafn gott og það var fyrir



HILDUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR
Þetta helst var sko alvöru sjónvarp.

tuttugu árum - eða í sama farinu öllu heldur. Nú ber svo að stöku sinnum kemur það fyrir að mig langar að sjá eitthvað skemmtilegt í sjónvarpinu - jafnvel þótt það sé júlí. RÚV gæti til dæmis hæglega kætt skap mitt með því að endursýna nokkra af bestu þáttum sínum í gegnum tíðina. Þetta helst í umsjón Hildar Helgu Sigurðardóttur er hugsanlega besti íslenski sjónvarpsþátturinn frá upphafi vega. Þátturinn gekk út á að Hildur Helga birti fyrirsagnir dagblaða þar sem búið var tússa yfir eitt orð og kepptust tvö lið um að geta í eyðurnar. Skemmtigildi þáttarins var ótvírætt en heimildargildi hans núna nokkrum árum eftir að þættirnir voru sýndir vegur ekki síður þungt. Þá legg ég líka til að þátturinn Þeytingur (eða var það Hræringur?) í umsjón Gests Einars Jónassonar verði settur aftur á dagskrá. Klassískt efni sem leið fyrir að vera á undan sinni samtíð.



▶ 22.25 *Nýtt*
MANNAMEIN



▶ 20.05 *Matreiðsla*
ÍTALÍUÆVINTÝRI JAMIE OLIVERS



▶ 22.00 *Gaman*
PÍPÓLA



▶ 21.00 *Gaman*
EVERYBODY HATES CHRIS



▶ 7.00 *Dægurmál*
ÍSLAND Í BÍTIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Opna breska meistaramótið í golfi

**18.30 Táknmálsfréttir**
**18.40 Sögurnar okkar (7:13)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Hálandahöfðinginn (8:10)** (Monarch of the Glen VI)
**21.15 Sporlaust (21:23)** (Without a Trace) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Mannamein (1:10)** (Bodies) Breskur myndaflokkur um líf og starf lækna á sjúkrahúsi í London. Meðal leikenda eru Max Beesley, Neve McIntosh, Patrick Baladi, Keith Allen, Tamzin Malleson, Susan Lynch og Ingeborga Dapkunaite. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.25** Aðþrengdar eiginkonur (24:47) **0.10** Kastljós **0.40** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** Alf **10.45** 3rd Rock from the Sun **11.10** Whose Line Is it Anyway? **11.35** My Wife and Kids

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** My Sweet Fat Valentina **13.50** My Sweet Fat Valentina **14.35** Two and a Half Men **15.00** Related **16.00** Barnaefni Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Svínasúpan (4:8) (e)**
▶ **20.05 Ítalíuævintýri Jamie Olivers (2:6)** (Marettimo) Ítalskur matur hefur alltaf verið í sérstöku uppáhaldi hjá þessum frægasta sjónvarpskokki í heimi.
**20.30 Bones (13:22)** (Bein) Bandarískir spennuþættir um sérfræðinga hjá lögreglunni sem kallaðir eru til þegar bein og óþekkjanlegar líkamsleifar eru einnu sönnunargögnin.
**21.15 Footballers' Wives (3:8)** (Ástir í boltanum)
**22.00 You Were Dead** (Dáinn úr ást) Kolsvört og farsakennd gamanmynd. Leikstjóri: Valerie McCaffrey. Bönnuð börnum.

**23.30** Into the West (3:6) **1.00** Huff (6:13) (Bönnuð börnum) **1.55** Lone Hero (Stranglega bönnuð börnum) **3.20** Webs (Bönnuð börnum) **4.45** Fréttir og Ísland í dag **5.55** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Sushi TV (6:10) (e)**
**20.00 Seinfeld (2:22)** (The Glasses)
**20.30 Twins (8:18)** (Horse Sense)
**21.00 Killer Instinct (8:13)** (Forget Me Not) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco og baráttu þeirra gegn hættulegustu glæpamönnum borgarinnar. Bönnuð börnum.
▶ **22.00 Pípóla (2:8)**
**22.30 X-Files** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem eru einfaldlega ekki af þessum heimi.

**23.20** Smallville (10:22) (e) **0.05** My Name is Earl (e) **0.30** Rescue Me (8:13) (e) **1.15** Weeds (8:10) (e) **1.45** Seinfeld (2:22)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.55** Run of the House (e) **16.20** Beautiful People (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Melrose Place**
**20.30 Völli Snær** Undrakokkurinn Völundur er áhorfendum Skjás eins ekki að öllu ókunnugur og sumar sýnir Skjár einn glænýja þáttaröð um eldamennsku Völundar.
▶ **21.00 Everybody Hates Chris** Gamanþættir með svörtum húmor byggðir á æsku grínleikarans og uppistandarans Chris Rock.
**21.30 Rock Star: Supernova** Íslendingur er nú með í fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í heimi sem í ár er kenndur við hljómsveitina Supernova.
**22.30 C.S.I: Miami** Sólin á Miami kemur ekki í veg fyrir að ódæðisverk séu framin.

**23.20** Jay Leno **0.05** America's Next Top Model V (e) **1.00** Beverly Hills 90210 (e) **1.45** Melrose Place (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

▶ **7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**21.10 60 Minutes**
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Die Another Day (Bönnuð börnum) **8.00** Daddy Day Care **10.00** Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs **12.00** Divine Secrets of the Ya-Ya Sisterhood **14.00** Daddy Day Care **16.00** Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs **18.00** Divine Secrets of the Ya-Ya Sisterhood **20.00 Die Another Day** (Þótt síðar verði) James Bond er fremsti njósnari hennar hátignar. Kappinn fær nú sitt erfiðasta verkefni til þessa þar sem bæði hryðjuverkamenn og skartgripasalar koma við sögu. Aðalhlutverk: Pierce Brosnan, Halle Berry, Toby Stephens, Judi Dench. Leikstjóri: Lee Tamahori. 2002. Bönnuð börnum. **22.00 21 Grams** (Lífsins vigt) Aðalhlutverk: Sean Penn, Benicio Del Toro, Naomi Watts. Leikstjóri: Alejandro González Inárritu. 2003. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Derailed (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** White Oleander (Bönnuð börnum) **4.00** 21 Grams

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **15.00** Stranded With A Star: Who Would You Choose? **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Lindsay Lohan **20.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **21.00** Sexiest Bad Boys **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Lindsay Lohan **1.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15





REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
16-18.30 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?

Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN 20 ÁRA

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Mannamein Sjónvarpið kl. 22.25

### *Byggt á eigin reynslu*



Bodies er nýr breskur myndaflokkur um líf og starf lækna á sjúkrahúsi í London. Handritshöfundurinn starfaði áður sem læknir og byggir því þættina á eigin reynslu. Ein aðalpersónan er fæðingar- og kvensjúkdómalæknirinn Rob Lake sem starfar á South Central-sjúkrahúsinu. Helsti keppinautur hans í starfi er Tony Whitman, snaggaralegur læknir sem forðast skipulega þá sjúklinga sem hætta er á að deyi af meinum sínum. Af öðrum starfsmönnum má nefna hjúkrunarkonuna Donnu Rix sem Rob líst vel á. Meðal leikenda eru Max Beesley, Neve McIntosh, Patrick Baladi og Keith Allen.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | 3 | | |
| | 5 | | | | | | 1 | |
| 3 | | 4 | | | 7 | 9 | | |
| | | 2 | | 1 | | | | |
| 1 | | | 7 | | 4 | | | 8 |
| | | | | 5 | | 7 | | |
| | | 3 | 5 | | | 4 | | 6 |
| | 9 | | | | | | 7 | |
| | | 5 | | 8 | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 7 | 4 | 8 | 6 | 1 | 3 |
| 6 | 3 | 8 | 2 | 5 | 1 | 9 | 4 | 7 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 6 | 9 | 2 | 5 | 8 |
| 1 | 2 | 9 | 5 | 3 | 7 | 8 | 6 | 4 |
| 3 | 8 | 7 | 6 | 1 | 4 | 5 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 6 | 9 | 8 | 2 | 7 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 6 | 4 | 8 | 9 |
| 9 | 4 | 1 | 8 | 7 | 5 | 3 | 2 | 6 |
| 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 | 1 | 7 | 5 |



▶ **20.10**

*Golf*

US PGA Í NÆRMYND

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 HM 2006** (Brasilía – Ástralía)

▶ **20.10 US PGA í nærmynd** (Inside the PGA) Ómissandi þáttur fyrir golfáhugamenn.

**20.40 World's strongest man 2005** Íslendingar áttu fulltrúa á þessu móti en það var hinn nautsterki Boris Haraldsson.

**21.10 Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið?

**22.00 Kraftasport** (Suðurlandströllið 2006)

**22.30 Landsbankamörkin 2006** Öll mörkin, tilþrifin, umdeildu atvikin og allt það markverðasta úr leikjum umferðarinnar.

**23.00** 4 4 2

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Músík og mas **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **13.00** Sakamálaleikritið: Tími nornarinnar **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Besti tíminn **15.03** Tónlistarstundir í gömlu Reykjavík **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **23.00** Töfrateppið **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Píkupopp **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





## HRÓSIÐ

*... fær Davíð Þór Jónsson fyrir að ætla að lífga upp á Gettu betur með því að setjast í dómarasætið.*

# Opna fyrstu vespuleigu landsins

„Fyrir nokkrum árum leigðum við vespu á Kanarí og keyrðum þá hringinn um eyjuna og þótti mjög gaman. Þannig má eiginlega segja að þessi hugmynd sé til komin," segir Jón Jónsson, sem opnað hefur vespuleigu á Stokkseyri ásamt eiginkonu sinni Elsu Kolbrúnu Gunnþórsdóttur. Hjónin hafa í sjö ár séð um rekstur Shell-skálans á Stokkseyri og í tvö ár rekstur Shell-skálans á Þorlákshöfn.

Margir Íslendingar hafa, eins og þau hjónin, nýtt sér vespur á ferðalögum erlendis en Jón segir að þær henti ekki síður á Íslandi, ekki síst á Suðurlandi þar sem mikið er um flatlendi.



**VESPA** Nú er hægt að bruna um Suðurlandið á allt að 70 kílómetra hraða.

„Þetta er mjög skemmtilegur ferðamáti og einfalt að keyra. Vespurnar eru án gíra og því er bara gefið í og þannig er mjög auðvelt fyrir alla að keyra þær. Þetta eru ekki mjög öflug tæki en komast þó upp í 70 km hraða. Svo er líka alveg hægt að keyra vespurnar þó vegirnir séu blautir því menn eru með fæturna á bak við hlíf á meðan maður fær gusurnar beint á lappirnar á mótorhjóli," segir Jón, sem býst við því að hinn íslenski ferðamaður verði duglegur að nýta sér þennan nýja ferðamöguleika.

Til að byrja með munu hjónin bjóða upp á fimm 50cc vespur af gerðinni Zip sem er amerískt merki og eru þær leigðar í lágmark tvær klukkustundir í senn. „Það er afar stutt í ýmsa sögufræga staði sem gaman er að keyra til og skoða. Það er til dæmis hægt að fara í Gaulverjabæ og upp með Þjórsá, niður á Selfoss og til baka. Við ætlum að búa til gróft kort af svæðinu þar sem merktir eru inn á áhugaverðir staðir sem gaman er að rúnta til." **- snæ**



**NÝJUNG Í FERÐAÞJÓNUSTU** Vespuleigan á Stokkseyri er sú eina sinnar tegundar á landinu og taka hjónin Jón og Elsa sig vel út á hjólunum. Þau hafa meðal annars ferðast á slíkum farartækjum um Kanaríeyjar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**LÁRÉTT**
**2** gleðningur **6** mannþvaga **8** fiskur **9** stormur **11** hætta **12** minnispunktur **14** traðka **16** í röð **17** almætti **18** utan **20** guð **21** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1** ófá **3** samþykki **4** fullur **5** hamfletta **7** svangur **10** sönghópur **13** dæling **15** hástétt **16** töf **19** núna.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** gjöf, **6** ös, **8** áll, **9** rok, **11** vá, **12** glósa, **14** troða, **16** hi, **17** guð, **18** inn, **20** ra, **21** knús.
**LÓÐRÉTT: 1** mörg, **3** já, **4** ölvaður, **5** flá, **7** soltinn, **10** kór, **13** sog, **15** aðal, **16** hik, **19** nú.

## [ VEISTU SVARIÐ? ]

Svör við spurningum á blaðsíðu 8.

1. Gunnlaug Scheving.
2. Rúmlega þrír milljarðar krónar.
3. Flokkur barnaníðinga.

**Mest**
lesna tímaritið*

birta
*Gallup Október 2005

ÓTTAR GUÐNASON: RÁÐINN TÖKUMAÐUR Í NÆSTU MYND JAN DE BONT

# Tekur upp Hollywood-hasarmynd í Berlín

„Þetta verður hasarmynd í anda Speed og Twister, mynd eins og hann er þekktur fyrir að gera," segir kvikmyndatökumaðurinn Óttar Guðnason, sem ráðinn hefur verið til starfa við næstu kvikmynd leikstjórans Jan de Bont.

Jan de Bont er kunnur hasarmyndaleikstjóri og þekktustu myndir hans eru áðurnefndar Speed og Twister auk fyrstu Tomb Raider-myndarinnar. De Bont hóf feril sinn sem kvikmyndatökumaður og þekktustu myndir hans á þeim vettvangi eru Die Hard, Basic Instinct og Lethal Weapon 3.

Óttar hefur unnið mikið með de Bont síðustu tvö ár við gerð auglýsinga. „Við höfum gert aragrúa af auglýsingum. Síðast vorum við að klára Citröen-auglýsingu með Sean Connery í aðalhlutverkinu," segir Óttar.



**Á TÖKUSTAÐ** Óttar sést hér við tökur á einu af verkefnum sínum. Nýlega tók hann upp bílaauglýsingu þar sem Sean Connery var í aðalhlutverki.



**ÓTTAR GUÐNASON** Hefur verið ráðinn sem kvikmyndatökumaður fyrir Hollywood-mynd sem Jan de Bont leikstýrir.

Kvikmyndin sem Óttar mun taka upp heitir Stopping Power og er bandarísk framleiðsla þó að upptökur fari fram í Berlín.

Aðspurður segir Óttar að tilkynnt verði um val á leikurum á næstu vikum, fjögur þekkt nöfn verða í aðalhlutverkunum en aukahlutverkin skipa Þjóðverjar og aðrir Evrópubúar.

„Þetta leggst auðvitað mjög vel í mig enda er það frábært tækifæri að fá að taka þátt í mynd af þessari stærðargráðu. Þarna stígur maður með aðra löppina inn í þennan Hollywood-heim, hvað sem svo gerist," segir Óttar. Undirbúningur fyrir tökurnar hefst í byrjun ágústmánaðar og stendur í fimm vikur. Sjálfar tökurnar hefjast svo 13. september og klárast í lok nóvember að sögn Óttars. Hann veit ekki hvað tekur við hjá sér eftir það.

„Þetta er eins langt og maður sér fram í tímann í mínum heimi. Ég býst við því að fara aftur í auglýsingarnar eftir þetta. Hins vegar er því ekki að neita að þessi mynd gæti verið vísbending um fleiri störf úti. Maður er í það minnsta strax byrjaður að finna fyrir smá „fídbakki" frá Hollywood," segir Óttar, sem hefur eytt síðustu tveim vikum í að helluleggja við hús sem hann var að byggja sér í Garðabæ. „Það hefur verið fínt að vinna við húsið til að hreinsa hugann. Nú getur maður aftur farið að snúa sér að bíópælingunum."

**hdm@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rokksöngvarinn Krummi úr hljómsveitinni Mínus lenti í óhappi um síðustu helgi. Krummi var að skemmta sér í miðborg Reykjavíkur og afrakstur kvöldsins var stórt sár sem hann ber á enninu. Illar tungur hafa haldið því fram að Krummi hafi lent í útistöðum við drengina úr hljómsveitinni Dr. Mister & Mr. Handsome og hafi uppskorið sárið þar. Í samtali við Fréttablaðið sagði Krummi þetta vera uppspuna frá rótum. Honum hafi einfaldlega tekist að fljúga á hausinn síðla nætur og meiðst á enninu við fallið.



Nýr menningarpáfi hefur verið ráðinn til starfa á DV. Sá heitir Óttar Martin Norðfjörð og hefur fengist við ritstörf síðustu misserin. Óttar sendi frá sér bókina Barnagælur fyrir síðustu jól. Bókin var umdeild í meira lagi enda var umfjöllunarefnið barnaníðingur og var athöfnum hans lýst ansi ítarlega. Páll Baldvin Baldvinsson, þá umsjónarmaður menningarsíðu, skrifaði ritdóm um bókina í DV og gaf henni lægstu mögulega einkunn, hauskúpu. Páll Baldvin er nú ritstjóri DV og hefur ráðið Óttar sem sinn arftaka. Máttur fyrirgefningarinnar, á báða bóga, má heita mikill.



Blaðakonan Kolbrún Bergþórsdóttir datt í lukkupottinn á dögunum þegar hún vann sér inn pítumáltíð fyrir sig og samstarfsfólk sitt í leik á Rás 2. Kolbrún lýsti yfir mikilli ánægju með þetta þegar hún fékk fréttirnar. Ekki hefur minni gleði farið um hjarta hennar þegar í ljós kom fyrir skömmu að Kolbrúnu yrði falið að skrifa seinna bindi ævisögu Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrum ráðherra og sendiherra. Fyrra bindið, sem kallaðist Tilhugalíf, kom út fyrir nokkrum árum og var aðdáendur Jóns Baldvins farið að lengja eftir framhaldinu. Nú er hann snúinn heim til Íslands og er sagður undirbúa langar spjallstundir með ævisagnaritaranum Kolbrúnu. Páll Valsson hjá Eddu er þó þögull sem gröfin um útgáfu bókarinnar, segir að ef svo færi að byrjað væri á ritun bókarinnar innan tíðar væri ólíklegt að hún kæmi út á þessu ári. **- hdm**





**Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, SÓLÞURRKAÐUR SALTFISKUR, SKÖTUSELUR OG KEILA.**

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

# Barbie-stríð á eBay

Barbie-dúkkan sem Fréttablaðið sagði frá fyrir skemmstu er orðin ansi vinsæl meðal Íslendinga en eins og sagt var í blaðinu í gær keypti Sigurjón Sighvatsson dúkkuna sem klædd er í upphlut en ekki peysuföt eins og ranglega var sagt í fréttinni. Sigurjón er sem kunnugt er annálaður safnari en vildi sem minnst ræða málið þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Boð Sigurjóns er talið hafa verið það hátt að hann hafi haft í hyggju að sprengja verðið en virðist hafa misreiknað sig.

Brynjólfur Erlingsson, gröfumaður í Kópavogi, hélt sig nefnilega heldur betur svikinn þegar hann las blaðið í gær því Brynjólfur taldi sig hafa keypt umrædda dúkku. „Ég keypti hana á 66 dollara eða í kringum fimm þúsund krónur," sagði Brynjólfur í samtali við blaðið þar sem hann var staddur í sumarfríi heima hjá sér. „Ég sá hana í Fréttablaðinu og kíkti á dúkkuna á netinu, bauð í hana enda alveg ótækt að slík dúkka yrði seld til einhvers annars lands en Íslands," sagði Brynjólfur.

Þegar Fréttablaðið fór síðan á stúfana á eBay kom í ljós að þrjár dúkkur í upphlut eru enn í boði fyrir áhugasama. Hæsta boðið var enn sem komið er 25 dollarar og því ljóst að einhverjir geta fest kaup á góðum safngrip fyrir lítin pening. **- fgg**



**BARBIE-DÚKKAN FRÆGA** Ekki einungis um eina dúkku að ræða heldur virðist sem fimm dúkkur séu til sölu á uppboðsvefnum eBay.


LATÓ
HAGKERFIÐ
Þú færð LATÓ
vörurnar í verslunum
Hagkaupa
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
Latabæjar
Orku
brauð
TREFJARIKT FJÖLKORNA
100 LATÓ
Dreitill
100 LATÓ
Ávextir
100 LATÓ
Skyr.is
100 LATÓ
Grænmeti
100 LATÓ
Tannkrem
100 LATÓ
Orkuvatn
100 LATÓ
Latabæjar
Ostur
Osta- og smjörsalan sf
100 LATÓ
Hagkerfið er opið frá
1. júlí til 19. ágúst.
www.glitnir.is/latibaer
LATI BÆR
GLITNIR
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
Colgate
EIMSKIP
skyr.is
iceland spring

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Veitingahúsið BREKKA HRÍSEY

www.brekkahrisey.is




BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

## *Homo galacticus*

Öðru hvoru blossa upp deilur um uppruna mannsins. Margir vilja meina að kenningar Darwins séu bara rugl og telja trúverðugri þróunarkenningar sem samræmast sköpunarsögu Biblíunnar. En þeir eru líka til sem hafna öllum vísindum og trúa bara Biblíunni algjörlega.

**ÉG** hef sjálfur aldrei heillast neitt sérstaklega af Darwin-kenningunni. Mér finnst hans útskýring á uppruna okkar frekar vafasöm; að við höfum lifað í trjám og svo hoppað niður á jörð og farið að sprella þar. Mér finnst skrítið að við skulum þá haltra um á tveimur jafnfljótum frekar en að hlaupa á fjórum fótum eða hoppa. Og ég trúi því ekki heldur að við séum skyld Neanderdalsmanninum. Enda heitir þetta kenning en ekki sönnun.

**ÉG** trúi ekki heldur á sköpunarsögu Biblíunnar. Samt er ég aðdáandi Biblíunnar. Mér finnst hún meira táknræn saga fyrir upphaf mannsandans, myndlíking fornmanna á andlegum málum. Hún er í raun ekkert ósvipuð öðrum sköpunarsögum fornra menningarheima. Tilraunir til að samræma hana vísindalegum kenningum finnst mér vægast sagt hægilegar og ég skil ekki alveg tilganginn með því. Biblían er ekki jarðfræðirit heldur andlegur leiðarvísir.

**ÉG** hef alltaf verið heillaður af Vatnakenningunni svokölluðu, sem hefur nú ekki notið mikilla vinsælda. Þar er því haldið fram að maðurinn hafi farið úr trjánum og út í vatn og hafi dvalist þar um þúsundir ára. Samkvæmt Vatnakenningunni eru konur líka leiðandi afl í þróunarsögunni. Mér finnst þetta skemmtileg kenning og hún skýrir líka margt, til dæmis af hverju mörgum finnst svona gaman í sundi.

**EN** svo eru líka aðrir möguleikar í stöðunni. Kannski komum við utan úr geimnum. Kannski voru forfeður okkar vitsmunaverur í útrýmingarhættu sem sendu geimfar með sofandi fólki út í geim. Kannski var geimfarið stillt á að finna plánetu með sambærilegum aðstæðum og eru hér; lofthjúp, súrefni og vatni. Eða ef til vill lentu geimverur hér og blönduðu sínu erfðaefni við erfðaefni úr öpum, bara upp á grín. Kannski erum við, þegar öllu er á botninn hvolft, bara afkvæmi geimvera og apa. Og kannski sitja þær svo einhvers staðar úti í geimi og hlæja að okkur.


0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða ekkert fyrir takmarkalausa notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1.**

**Auðvelt að skipta.**
Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is og skráðu þig og þína.
Mánaðargjald heimasíma er 1.390 kr.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 33362 07/2006

Og1



**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone

Heyrumst!

FANGAÐU AUGNABLIKIÐ ... með OLYMPUS




OLYMPUS mju720SW

Tilvalin í útivistina!

**Einstök hönnun** · Stál hús - þolir fall úr allt að 1.5 metra hæð · Þolir þrýsting sem jafnast á við 3 metra dýpi · BrightCapture Technology sem auðveldar skoðun mynda og að taka myndir án flass í lítilli birtu. **7.1 milljón pixlar** 2.5" LCD skjár · 3 x optikal aðdráttur (38-114mm) · 24 tökustillingar
**Verð kr. 36.900**

OLYMPUS FÆST EINNIG Í:
- **FRÍHÖFNINNI** Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- **ÁRVIRKJANUM** Eyrarvegi 32, Selfossi, s: 480 1160
- **PIXLAR** Suðurlandsb 52, Reykja., s: 588 3700
- **GEISLA** Flötum 29, Vestm.eyjum, s: 481 3333
- **MODEL** Stillholti 16-18, Akranesi, s: 431 3333
- **BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS** Garðsbraut 9, Húsavík, s: 464 1234

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | SMÁRALIND · Sími 530 2900 | KEFLAVÍK · Sími 421 1535 | AKUREYRI · Sími 461 5000 | SJÁ NÁNAR: www.ormsson.is